

26

**SÁLUFÉLAGAR MEÐ SAMA SMEKK**
Vala Matt og Curver komust að því að þau eru meira og minna sammála um landsins gagn og nauðsynjar.







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. júní 2007 — 175. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Fjallasýn Guðna



Stór yfirlitssýning á verkum Georgs Guðna í Listasafni Akureyrar.

MENNING 38

### Hreimur giftir sig



Popparinn Hreimur Heimisson gengur í það heilaga í dag. Athöfnin fer fram í Fljótshlíð.

FÓLK 50

### Algjört dúndur í Höllinni



Flutningur Dúndurfrétta á meistaraverkinu The Wall tókst einstaklega vel. Margir góðir gestir litu inn í Laugardalshöllina.

FÓLK 42

### Magnaður Casper

Markmaðurinn Casper Jacobsen var valinn leikmaður umferðarinnar af Fréttablaðinu eftir frábæra frammistöðu í Blikamarkinu gegn HK.

ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**SUMARBLÍÐA** Bjartviðri og hlýindi um mest allt land, en þó súldarloft við suðausturströndina. Hiti á bilinu 13-20 stig norðan og vestanlands, en 10-18 sunnan og austantil. Hægur vindur um allt land.

VEÐUR 4



**SUMAR Á STRÖNDINNI** Margir spókuðu sig á ströndinni í Nauthólsvík í gær. Ungir léku sér í sjó og sandi á meðan þeir eldri fylgdust með. Veðrið hefur leikið við landsmenn undanfarna daga og flestir notið þess að sleikja sólina. Spáð er góðviðri áfram og í dag verður bjart um mest allt landið en skýjað syðst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Piltur á reiðhjóli féll í Laxá:

## Lítið slasaður eftir 11 metra hátt fall í Laxá

**<u>SLYS</u> Mildi þykir að ekki fór verr þegar sextán ára piltur féll fram af brú við Laxárvirkjun í Aðaldal síðdegis í gær.**

**Pilturinn var á reiðhjóli og rakst á brúarhandriðið með þeim afleiðingum að hann kastaðist yfir það og hrapaði niður í gilið.**

**Það varð honum til happs að lenda á tré sem tók af honum mesta fallið en um 11 metra fall er af brúnni. Af trénu kastaðist hann til og lenti á klettasnös og þaðan fór hann í ána en tókst að krafsa sig upp á bakkann.**

**Pilturinn kallaði sjálfur á hjálp úr GSM-síma sínum og hífðu björgunarsveitarmenn hann upp úr gilinu á sjúkrabörum. Hann var fluttur á Sjúkrahúsið á Húsavík til aðhlynningar og reyndust áverkar hans minniháttar að sögn læknis á vakt. - þo**

# Tvö sveitarfélög ætla sér að kaupa Hitaveitu Suðurnesja

**Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær ætla að nýta forkaupsrétt á hlutafé í Hitaveitu Suðurnesja. Geysir Green Energy hafði samið um kaup á 43 prósenta hlut en nú lítur út fyrir að kaupin muni ekki ganga eftir.**

**<u>ORKUMÁL</u>** Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær ætla að nýta forkaupsrétt sinn á fimmtán prósenta hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja. Nær öruggt þykir að sveitarfélögin tvö kaupi einnig 28 prósenta hlut sjö annarra sveitarfélaga á Suðurnesjum og Suðurlandi sem fjárfestingarfélagið Geysir Green Energy samdi um kaup á í gær.

Fyrirtækið hafði áður samið um kaup á fimmtán prósenta hlut ríkisins. Kaupin voru háð því að forkaupsréttur á hlutafénu yrði ekki nýttur. Aðkoma Geysis Green Energy að Hitaveitunni virðist því ekki lengur inni í myndinni.

Gunnar Svavarsson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar í stjórn HS, segir ljóst að Hafnarfjarðarbær muni kaupa allt hlutafé í Hitaveitunni sem þeim stendur til boða. „Það eru allir að lýsa því yfir að þetta sé gott fjárfestingartækifæri. Við lítum á það þannig. Við höfum sterkt bakland og ég get ekki séð hvað gæti komið í veg fyrir að við nýtum okkur forkaupsrétt okkar á hlutafé ríkisins og sveitarfélaganna.“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir allar líkur á því að Reykjanesbær nýti forkaupsrétt sinn. „Hafnarfjarðarbær segist ætla að nýta forkaupsréttinn og það gerist aldrei þannig að þeir myndu einir nýta hann. Fyrst einhver ætlar að nýta forkaupsréttinn þá tökum við okkar hlut.“

Árni segir það ekki hafa verið hugmyndina hingað til að nýta forkaupsréttinn á 28 prósenta hlut sveitarfélaganna en ef svo færi þá yrði staða Reykjanesbæjar afar sterk. Fundur verður á mánudaginn í bæjarstjórn þar sem næstu skref verða ákveðin.

Síðustu tvo sólarhringa hefur verið gríðarleg barátta um Hitaveituna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gerði Orkuveita Reykjavíkur (OR) tilboð í allt hlutafé fyrirtækisins fyrir utan hlut Reykjanesbæjar og leiddu fulltrúar Grindavíkurbæjar þær viðræður. Tilboð OR var á genginu 7,0 en Geysir Green Energy, sem áður hafði samið um fimmtán prósenta hlut ríkisins, svaraði því með tilboði upp á 7,1 sem sveitarfélögin gengu að í gær.

Kaupverð 43 prósenta hlut ríkisins og sveitarfélaganna sjö er um 23 milljarðar króna. - shá

Mikill viðbúnaður hjá lögreglu víða um land vegna einnar mestu ferðahelgar ársins:

## Fólk streymdi út úr borginni í gær

**<u>FERÐALÖG</u>** Mikil umferð var út úr Höfuðborginni í gær enda er nú ein mesta ferðahelgi sumarsins. Viðbúnaður er hjá lögreglu og björgunarsveitum víða um land og verða þyrlur Landhelgisgæslunnar fengnar til þess að aðstoða við umferðareftirlit.

Lögreglan á Selfossi verður með aukamannskap á vakt en margir vinsælir áfangastaðir eru í umdæmi hennar. Búast má við því að margir safnist saman á tjaldsvæðum á Laugarvatni, í Þrastarlundi og við Flúðir.

„Við ætlum ekki að láta koma okkur að óvörum og verðum með auka gæslu. Ef unglingar undir lögaldri fara að hópast saman munum við grípa inn í,“ segir Jón Lárusson, varðstjóri hjá lögreglunni á Selfossi.

Margir ætla að eyða helginni í Þórsmörk og þar bjuggust staðarhaldarar við fjörlegri fjölskyldustemningu. Sömu sögu er að segja úr Húsafelli og þangað tók fjölskyldufólk að streyma í gær en þar fá ungmenni ekki að tjalda.

Tvær bæjarhátíðir standa yfir um helgina. Humarhátíð á Höfn í Hornafirði og Bíldudals grænar baunir í Bíldudal. - þo










## SPURNING DAGSINS



*Sunna, verður nokkuð mál að redda pössun?*

„Nei, það verður slegist um að fá að passa.“

Hinn sjö vikna gamli Hafsteinn Snær Ævarsson er ættstór hnokki. Hann á hvorki fleiri né færri en sextán forfeður og mæður á lífi. Sunna Mary Valsdóttir er móðir Hafsteins.

Kolefnisjöfnun er langtímaverkefni, segir framkvæmdastjóri Kolviðar:

# Níutíu ár að jafna útblásturinn

**UMHVERFISMÁL** Fæstir sem kolefnisjafna bíla sína verða á lífi þegar gróðursettu trén eru búin að binda fyrir fyrsta árið. Trén eru níutíu ár að jafna eins árs skammt af útblæstri bíls.

Á vefsíðunni kolvidur.is er hægt að reikna út hversu mörg tré þarf að gróðursetja til að jafna útblástur bifreiðarinnar á einu ári. Fólki er einnig boðið upp á að borga fyrir trén og gróðursetninguna í gegnum síðuna.

„Trén byrja strax að kolefnisjafna og þau eru gróðursett en meðalbinditími skógar eru 90 ár. Þessi þrjátíu eða fjörutíu tré sem ég keypti og lét gróðursetja fyrir árið 2007 verða því búin að binda útblástur ársins eftir 90 ár,“ segir Soffía Waag Árnadóttir, framkvæmdarstjóri Kolviðar. „Þess vegna verðurðu að kolefnisjafna á hverju ári.“

Til þess að kolefnisjafna akstur dæmigerðrar Toyota Corolla-bifreiðar fyrir árið 2007 þarf að gróðursetja 28 tré, ef gert er ráð fyrir 11.000 kílómetra akstri og tólf lítra bensíneyðslu á hverja hundrað kílómetra.

Árið 2097 verða trén 28 búin að kolefnisjafna þau þrjú tonn af koldíoxíði sem bifreiðin losaði níutíu árum áður. **- sþs**



**Í SKÓGINUM** Soffía Waag Árnadóttir, framkvæmdastjóri Kolviðar, segir nauðsynlegt að kolefnisjafna á hverju ári.

Veðurhorfur um helgina:

# Gott veður um allt land

**VEÐUR** Von er á blíðskaparveðri um allt land um helgina.

Í dag má búast við björtu veðri á vestanverðu landinu en skýjuðu fyrir norðan. Allt að tuttugu stiga hiti verður á Norður- og Austurlandi. Um kvöldið gæti orðið smá súld inn til landsins á suðvesturhorninu.

Á morgun verður áfram gott veður. Léttskýjað um allt land og hlýtt í innsveitum á Norður- og Austurlandi. Hiti verður mestur á Austurlandi, allt að átján stig.

Í næstu viku gera spár ráð fyrir áframhaldandi norðlægum áttum með hlýju og björtu veðri sunnan- og vestanlands. **- aví**

# Sjúkir Mosfellingar sóttir allt of seint

**Viðbragðstími sjúkrabíla til Mosfellsbæjar er langt yfir viðmiðunarmörkum. Óheppilegri staðsetningu slökkvistöðvar við Tunguháls er helst um að kenna. Stöðin verður lögð niður og tvær nýjar reistar í staðinn á næstu tveimur árum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íbúar Mosfellsbæjar eru langverst settir hvað varðar viðbragðstíma sjúkrabíla á höfuðborgarsvæðinu. Í minna en tíu prósentum tilfella var sjúkrabíll í forgangsakstri kominn til Mosfellsbæjar undir viðmiðunarmörkum, sem eru átta mínútur, á síðasta ári.

Í Reykjavík, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi og Álftanesi var hlutfallið 60 til 70 prósent. Seltjarnarnes er í næstneðsta sæti, með fjörutíu prósent neyðarútkalla undir viðmiðunarmörkum.

Aðalástæðan fyrir þessum mjög slæma viðbragðstíma til Mosfellsbæjar er óheppileg staðsetning slökkvistöðvarinnar við Tunguháls. Of langan tíma tekur fyrir sjúkrabílana að komast út á Vesturlandsveginn, og þaðan í Mosfellsbæ.

Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu Margrétar Maríu Leifsdóttur, sérfræðings á greiningasviði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Tölfræðin er meðal annars notuð til að finna bestu staðsetningu slökkvistöðva. Byrjað var að greina viðbragðstíma neyðarútkalla árið 2005.

Margrét segir að í bígerð sé að leggja niður stöðina við Tunguháls og reisa nýja hjá Vesturlandsvegi við rætur Úlfarsfells. Ætlunin er að taka hana í gagnið árið 2009. Með því móti ætti viðbragðstími til Mosfellsbæjar að komast í eðlileg horf. Þangað til verða Mosfellingar að sætta sig við verri þjónustu en aðrir á höfuðborgarsvæðinu.

Viðbragðstími er skilgreindur sem tíminn sem líður frá því að símtal berst Neyðarlínunni og þar til sjúkraliðar eru komnir til sjúklingsins. Hver sekúnda skiptir máli þegar um slasaða er að ræða, og því eru viðmiðunarmörkin átta mínútur hvert sem er á höfuðborgarsvæðinu.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir vissulega rétt að Mosfellsbærinn sé illa settur hvað varðar viðbragðstíma. „Nú þegar búið er að greina vandann og meta gæði þjónustunnar verður gripið til ráðstafana og slökkvistöðvum höfuðborgarsvæðisins fjölgað.“

**salvar@frettabladid.is**




**KRÓKALEIÐIR** Hér má sjá þá krókaleið sem sjúkrabíll þarf að fara frá slökkvistöðinni við Tunguháls og út á Vesturlandsveg. Þaðan liggur leiðin upp í Mosfellsbæinn.




Átök í Breiðholti:

# Tíu gerðu aðsúg að pilti

**LÖGREGLUMÁL** Aðsúgur var gerður að heimili fimmtán ára drengs í Breiðholti á fimmtudagskvöld. Pilturinn hringdi óttasleginn í lögregluna og tilkynnti að tíu piltar væru að reyna að brjótast inn til hans í þeim tilgangi að berja hann vegna óuppgerðs máls við einn í hópnum.

Að sögn varðstjóra lögreglunnar tvístraðist hópurinn þegar lögreglumenn komu á staðinn en nokkrir piltanna voru handteknir. Langan tíma tók að greiða úr málinu enda allir í hópnum fimmtán ára og því varð að kalla út foreldra til að sækja drengina á lögreglustöðina. **- lbb**



**FRÁ SETNINGU MÓTSINS** Ungu knattspyrnumennirnir hafa verið heppnir með veður í Eyjum. MYND/ÓSKAR

Shell-mótið í Eyjum:

# Allir brosandi á vellinum

**ÍÞRÓTTIR Um 900 upprennandi knattspyrnukappar eru nú komnir saman í Vestmannaeyjum þar sem hið árlega Shell-mót fer fram. Strákarnir eru flestir 10 ára og þeim fylgir mikið fylgdarlið foreldra og þjálfara svo það er mikið líf í bænum.**

**Mótið hófst á fimmtudag og Einar Friðþjófsson, framkvæmdastjóri mótsins, segir að allt hafi gengið eins og í sögu. „Þetta hefur verið í einu orði sagt frábært. Veðrið hefur leikið við okkur og hér eru allir skælbrosandi,“ segir Einar.**

**Mótinu líkur á morgun, sunnudag.** **- þo**



**AKUREYRARHÖFN** Grand Princess var á Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Grand Princess til Reykjavíkur:

# Hið stærsta sem hingað kemur

**SAMGÖNGUR Skemmtiferðaskipið Grand Princess kom til Akureyrar í gær og er væntanlegt til Reykjavíkur í dag. Grand Princess er stærsta skemmtiferðaskip sem komið hefur til landsins en það kom hingað síðast árið 2004.**

**Skipið er 23. stærsta skemmtiferðaskip í heiminum, alls 108,806 brúttólestir, 290 metra langt og ristir átta metra.**

**Farþegar Grand Princess eru 3.100 talsins og í áhöfn eru 1.100 manns. Þilför fyrir farþega eru fjórtán talsins, þráðlaust net um borð, fjórar sundlaugar, níu barir, spílavíti og bíó.**

**Skipið var tekið í notkun árið 1998 og er í eigu Carnival Cruises sem er stærsta skemmtiferðaskipafélag í heiminum.** **- lbb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Konur slógust

Lögregla fékk tilkynningu um slagsmál á Kleppsvegi í fyrrinótt. Tvær konur slógust en þær sluppu við meiðsl og eru grunaðar um að hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Ekki var hægt að yfirheyra þær í gær sökum annarlegs ástands þeirra.

### Sautján ára á ofsahraða

Sautján ára ökumaður var stöðvaður á 150 kílómetra hraða á klukkustund á Norðfjarðarvegi í fyrrakvöld. Hann verður sviptur ökuréttindum og má búast við 130 þúsund króna sekt.


Frá kr. 2.790.000

TUCSON

Hyundai hefur gæðin

Gerðu góð kaup og veldu Hyundai



Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is


Sprengja fannst í bíl í miðborg Lundúna sem hefði getað valdið miklu manntjóni:

# Hryðjuverkaógnin snýr aftur

**LUNDÚNUM, AP** Lögregla aftengdi í gær sprengju sem komið hafði verið fyrir í bíl í mannmörgu leikhúshverfi Lundúnaborgar, sem gæti hafa drepið hundruð manna. Sprengjan fannst þegar áhöfn sjúkrabíls sá reyk koma úr Mercedes Benz-bifreið, sem í ljós kom að var fyllt með banvænni blöndu af bensíni, própangasi og nöglum, að því er lögregluyfirvöld greindu frá.

Sprengjan, sem fannst í bíl sem lagt hafði verið við Heymarket nærri Piccadilly Circus, var að sögn Peters Clarke, yfirmanns bresku hryðjuverkavarnalögreglunnar, nægilega öflug til að valda „verulegu manntjóni“, jafnvel dauða hundruða manna.

Uppgötvunin vakti upp minningar um hryðjuverkasprengingarnar í borginni 7. júlí 2005, sem urðu 52 manns að bana um borð í þremur neðanjarðarlestum og strætisvagni, og svipaða árás sem koma tókst í veg fyrir tveimur vikum síðar.

„Við stöndum nú frammi fyrir alvarlegri og stöðugri ógn við öryggi okkar frá alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi,“ sagði Jacqui Smith, nýr innanríkisráðherra Bretlands, eftir fund með æðstu mönnum almannavarna í landinu.



**PICCADILLY CIRCUS LOKAÐ** Götunum í kringum Heymarket og Piccadilly Circus var lokað vegna rannsóknarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ítarleg rannsókn á málinu stendur yfir en engar viðvaranir eða leyniþjónustuvísbendingar höfðu komið fram fyrirfram um að tilræði af þessu tagi kynni að vera yfirvofandi. **- aa**

## 25% afsláttur
af allri útimálningu




**4.990** ~~7.990~~

10 ltr

**Penta**
Akrýlbundin plastmálning á stein utanhúss
7207040-6

## Frábært
í fortjaldið



**6.999** ~~9.990~~

**Tjaldborð og bekkir**
Pakkast saman, níðsterkt
3899360

# Sumarið
er tíminn




## Nýtt Húsasmiðjublað komið út
Stútfullt af **girnilegum tilboðum**



**4.999**

**Rafmagnsorf**
**AL-KO**, 450W, 2 línur, sláttubreidd 30 sm, stillanlegt skaft
5087476

**Tjald**
**Santa Barbara**, 3ra manna
Innra lag: Öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T Polyester
Flatarmál með fortjaldi: 130x210*210
PU 1500MM
Hæð: 130 sm
Þyngd: 4,3 kg
8,5 mm fiberglass stangir
5869205



**3.999** ~~4.590~~




**50% afsláttur**

**Veiðitaska**
Advanced
3999147

**1.495** ~~2.990~~



**990**

**Tjaldstóll**
Fellanlegur
3901474

**Sláttuvél**
**Mega**, B&S bensínmótor, 4HP, safnari, hæðarstillingar, sláttubreidd 51 sm
5085242

**29.995**



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## GENGIÐ 29.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,09 | 62,39 |
| Sterlingspund | 124,48 | 125,08 |
| Evra | 83,79 | 84,25 |
| Dönsk króna | 11,256 | 11,322 |
| Norsk króna | 10,504 | 10,566 |
| Sænsk króna | 9,055 | 9,109 |
| Japanskt jen | 0,503 | 0,506 |
| SDR | 94,05 | 94,61 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,0066

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Ásgeir Jóhannesson segir lánaviðskiptin hafa verið viðtekin í viðskiptalífinu:

# Brotið á einstaklingum til að túlka hlutafélagalögin

**BAUGSMÁL** „Niðurstaða dómsins er alveg skýr um það að ég er sýknaður af öllum ákæruliðum. Það er aðalatriðið varðandi það sem snýr að mér,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs um niðurstöðu héraðsdóms á fimmtudag.

Í fjórum ákæruliðum er Baugur talinn hafa brotið hlutafélagalög, en heimildir til refsingar í lögunum séu óskýrar. Jón Ásgeir er alfarið sýknaður. Jón Ásgeir segir sitt mat vera að þarna hafi verið um eðlileg viðskipti að ræða milli aðila. „Við mátum þetta á sínum tíma sem eðlileg viðskipti í þágu beggja aðila, enda hafa svona viðskipti verið stunduð víðar en hjá okkar fyrirtæki og endurskoðendur kvittað upp á slíkt, eins og þeir gerðu í okkar tilviki. Ég tel að Hæstiréttur muni líta þetta öðrum augum.“

Jón Ásgeir segir að frá sínum bæjardyrum séð sé stærsta málið að einstaklingur þurfi að sitja og bíða eftir niðurstöðu dóms þrisvar sinnum í sama máli í héraðsdómi. „Það stenst engan veginn mannréttindi að þannig sé hægt að koma fram við fólk. Það er svakalegt að hlusta á orð saksóknara um að atvinnulífið krefjist skýringa á hvernig þessi lög virka og hvort það standist að þau séu ekki nægjanlega skýr. Þarf nokkuð frekari vitna við: þrír dómarar hafa komist að þeirri niðurstöðu, sem getur ekki bent til annars en að lögin séu óskýr. Það er auðvitað alveg skaðlegt að einstaklingar séu notaðir sem einhver tilraunadýr um túlkun laga. Þannig má þetta ekki virka.“



**ÞRISVAR SINNUM BEÐIÐ DÓMS Í SAMA MÁLINU** Jón Ásgeir Jóhannesson segir það svakalegt að einstaklingar séu notaðir sem tilraunadýr um túlkun laga.

Jón Ásgeir segir að af sama meiði sé skattamál sem er í kerfinu. „Það mál snertir að miklu leyti sömu málaflokka og nú hafa gengið þrisvar til dóms. Þar þarf ég enn að svara fyrir sömu hluti. Ætli það eigi að fara í fjórða skiptið fyrir dóm með þessi atriði og þá í einhverjum skattabúningi. Það getur bara ekki staðist. Það hefur verið gengið allt of langt í þessu máli og það er án fordæma að gengið sé fram gegn einstaklingum af slíku offorsi.“ - hh

Þurrkar á Norðausturlandi:

## Minni úrkoma aldrei mælst

**VEÐUR „Það hafa mælst 4,8 millimetrar í mánuðinum og á ekki eftir að rigna meira,“ segir Aðalgeir Egilsson veðurathugunarmaður á Mánárbakka á Tjörnesi skammt frá Húsavík.**

**Þetta er minnsta úrkoma sem mælst hefur á Mánárbakka í júní frá því mælingar hófust árið 1957. Til samanburðar hefur úrkoman í Reykjavík í júní verið 38 millimetrar.**

**„Það rigndi duglega í lok maí og jarðvegurinn býr að því. Túnin eru vel sprottin þannig að við þurfum bara þurrk í nokkra daga til viðbótar til að klára heyskapinn,“ segir Aðalgeir.**

**Síðast mældist minni úrkoma á Mánárbakka í mars 1996, 3,2 millimetrar.** - aví



**HERJÓLFUR** Vegagerðin hefur í höndum nýtt tilboð frá Eimskipi um kostnað vegna 20 aukaferða í sumar.

Aukaferðir Herjólfs ræddar:

## Vegagerðin fer yfir tilboð

**SAMGÖNGUMÁL** Fulltrúar Vegagerðarinnar og Eimskips funduðu um málefni Herjólfs enn á ný í gær. Samkvæmt Guðmundi Pedersen, rekstrarstjóra hjá Eimskipi, setti fyrirtækið fram tilboð á símafundi sem Vegagerðin mun væntanlega nýta helgina til að fara yfir. „Málið er komið aftur til Vegagerðarinnar. Þeir eru með endurskoðað tilboð á öðrum forsendum frá okkur.“ - þeb

# Lög brotin en refsiheimildir óskýrar

**Lög heimiluðu ekki fjórar lánveitingar úr Baugi upp á samtals 269 milljónir króna á árunum 1999-2001. Hlutafélagalög eru svo óskýr að einstaklingum verður ekki refsað segir héraðsdómur. Mikilvægt að eyða óvissu segja lögmenn.**

**BAUGSMÁL** Lög voru brotin þegar Baugur veitti samtals 269 milljóna króna lánveitingar í fjórum aðskildum tilvikum á árunum 1999-2001, að því er fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því á fimmtudag.

Tekist var á um ákvæði hlutafélagalaga sem banna hlutafélögum að lána stjórnendum og tengdum aðilum í þessum þætti Baugsmálsins. Þar var Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs Group, sýknaður þar sem refsiheimildir í hlutafélagalögum þóttu ekki skýrar.

Jón Ásgeir var ákærður fyrir að hafa látið Baug veita alls níu lán til þriggja tengdra aðila. Héraðsdómur komst að því að lög hafi ekki verið brotin í fimm af níu tilvikum. Í fjórum tilvikum hafi verið brotið gegn hlutafélagalögum sem banna lánveitingar, með lánum upp á 269 milljónir króna.

Fyrsta tilvikið varðar 100 milljóna króna lánveitingu Baugs til Fjárfestingafélagsins Gaums, sem Gaumur notaði til að fjármagna kaup í Baugi. Annað tilvikið varðar 4,5 milljóna króna lán til Gaums vegna kaupa á húsnæði. Þriðja tilvikið varðar 100 milljóna króna lán sem Baugur tók hjá Straumi fjárfestingabanka og veitti áfram til Gaums, sem notaði féð til fjárfestinga í veitingahúsabransanum í Skandinavíu. Fjórða tilvikið varðaði svo 64,5 milljóna króna lán til Fjárfars, til kaupa á hlutabréfum í Baugi.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, hefur ítrekað bent á að það sé fráleitt skýrt hvort þessar lánveitingar hafi verið löglegar, enda undantekningar sem heimila venjuleg viðskiptalán, án þess að þau séu skýrð. Í ljósi þess að héraðsdómur sýknar í fimm tilvikum en sakfellir í fjórum verður varla sagt að það sé augljóst hvað megi og hvað ekki í því samhengi.

Í hlutafélagalögum kemur fram að það varði sektum eða allt að tveggja ára fangelsis að brjóta vísvitandi lög um lán eða tryggingu. Í þeim ákvæðum sem um er rætt er þó lagt bann við tilteknum athöfnum hlutafélags, ekki einstaklings, segir í dómi héraðsdóms. Því sé verulegur brestur á því að refsiheimildin sé svo skýr að unnt sé að dæma einstakling á grundvelli hennar, og því óhjákvæmilegt að sýkna Jón Ásgeir.

Lögfræðingar sem rætt var við segja það síður en svo einsdæmi að lagt sé bann við því að fyrirtæki geri eitt eða annað en refsiábyrgðin sé svo forsvarsmanna fyrirtækisins. Þeir voru sammála um mikilvægi þess að fá dóm í málinu í Hæstarétti til þess að eyða óvissu sem nú sé uppi.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem dómur fellur á þessa leið hér á landi, og skemmst að minnast sýknudóma yfir olíuforstjórunum, sem ákærðir voru vegna brota á samkeppnislögum. Þá eins og nú komst dómurinn að því að ekki væri hægt að sakfella forstjórana fyrir brot á samkeppnislögum, þrátt fyrir að ljóst lægi fyrir að lögin hafi verið brotin.

brjann@frettabladid.is

### SKOÐA ÁKVÆÐIN REYNAST ÞAU ÓSKÝR

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar Alþingis, segir rétt að bíða dóms Hæstaréttar varðandi þá grein hlutafélagalaga sem héraðsdómur segir óskýra. Staðfesti Hæstiréttur dóminn þurfi að skoða heildstætt þetta lagaákvæði og önnur sem sama geti gilt um. „Staðfesti Hæstiréttur dóminn, og það með að refsiheimildir séu óskýrar í hlutafélagalögum, þarf löggjafinn að skoða það og fara mjög vel yfir það mál. Það eru ríkar kröfur í refsimálum og það ber að túlka vafa sakborningi í hag.“



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

### FYRIRTÆKI DÆMD TIL FANGELSISVISTAR?

Þau lagaákvæði sem héraðsdómur segir svo óskýr að ekki sé unnt að dæma eftir þeim eru ákvæði í hlutafélagalögum sem snúa að lánveitingum hlutafélaga til tengdra aðila. Í 104. grein hlutafélagalaga segir að hlutafélagi sé óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins lán, sem og að setja fyrir þá tryggingu. Þó eru undanskilin venjuleg viðskiptalán.

Refsing fyrir brot á þessum lögum eru sektir eða fangelsi allt að tveimur árum. Saksóknari hefur túlkað lögin þannig að einstaklingar beri ábyrgð, en verjendur voru á öðru máli. Héraðsdómur hefur nú komist að sömu niðurstöðu og verjendur.



**TANYA NICOLE KACH** Sagði grátandi við réttarhöldin að Hose hefði svipt sig sakleysinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Var hrifin af öryggisverðinum:

## Strauk og varð fangi í áratug

**BANDARÍKIN, AP** Fyrrverandi öryggisvörður í grunnskóla, Thomas John Hose, var á miðvikudag dæmdur í fimm til fimmtán ára fangelsi fyrir að hafa haldið stúlku, sem strauk að heiman, á heimili sínu í áratug og átt ítrekað samræði við hana.

Tanya Nicole Kach var fjórtán ára þegar hún strauk að heiman og fór til Hose, sem hún sagðist hafa verið hrifin af, árið 1996. Hose, sem er 49 ára, hélt Kach inni á heimilinu og stjórnaði henni algjörlega að sögn Kach.

Hose, sem játaði sig sekan um öll ákæruatriði, var fullur iðrunar við réttarhöldin og bað Kach afsökunar. - sdg

Tvær milljónir sitja inni:

## Föngum vestra fjölgar hratt

**BANDARÍKIN, AP Fangelsi í Bandaríkjunum bættu við sig yfir 42 þúsund föngum á síðasta ári. Aukningin hefur ekki verið meiri síðan um aldamótin.**

**Alls sitja yfir tvær milljónir á bak við lás og slá í Bandaríkjunum, eða um 0,7 prósent þjóðarinnar. Sex af hverjum tíu föngum eru þeldökkir eða af rómansk-amerískum uppruna.** - sþs


vörður

Neyðarnúmer allan sólarhringinn 514 1099

Vörður tryggingar hf. | Borgartúni 25 | sími 514 1000 | www.vordur.is


## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Sumarblíða:** Um mest allt land er fyrirtaks útivistar- og ferðaveður. Á Vestur- og Norðurlandi má gera ráð fyrir hlýindum og björtu veðri alla helgina, og það hlýnar einnig á Austurlandi. Í innsveitum gæti hitinn náð allt að 20 stigum, en örlítið svalara verður við ströndina. Það má búast við smá súldarlofti úti fyrir Suðausturlandi, en annars þurrt að mestu um allt land.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg breytileg átt, hiti 12-17 stig og bjart.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skýjað | London | 18°C skúrir | Eindhoven | 18°C rigning |
| Billund | 16°C rigning | París | 23°C skúrir | Basel | 27°C skýjað |
| Osló | 17°C rigning | Frankfurt | 24°C hálfskýjað | Alicante | 30°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C rigning | Friedrichshafen | 28°C hálfskýjað | Róm | 28°C léttskýjað |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 21°C skúrir | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




OPIÐ TIL
18
Í DAG

# ÚTSALAN

## ER HAFIN Í SMÁRALIND

## 15-70% afsláttur




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28560

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú í útilegu um helgina?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,3% |
| Nei | 80,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Þarf að bæta öryggi á sundstöðum?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Fundað um afsögn Ármanns Kr. Ólafssonar, stjórnarformanns Strætó:

# Hættir hjá Strætó í haust

**SAMGÖNGUR** Ármann Kr. Ólafsson, stjórnarformaður Strætó, hyggst segja stöðu sinni lausri áður en þing kemur saman í haust. Fundað var um málið á mánudag.

„Ég ætla mér ekki að gegna öllum stöðum að eilífu,“ segir hann. „Ég hætti sem forseti bæjarstjórnar í Kópavogi fyrir nokkrum dögum og hafði alltaf hugsað mér að hætta sem stjórnarformaður Strætó áður en þing kemur saman á ný.“

Á fundi sem stjórn Strætó og bæjarstjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sátu á mánudag bar afsögn Ármanns á góma. Þó var ekkert ákveðið í þeim efnum. Þar var samþykkt tillaga um að óska eftir viðræðum við ríkisvaldið um þátttöku þess í kostnaði við almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

„Það er kannski ekki albesta fyrirkomulagið að þingmaður sé stjórnarformaður Strætó,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. „Því er skiljanlegt að Ármann ætli að hætta þar sem hann er að setjast á þing í haust.“

Aðspurður hver eftirmaður Ármanns verði segir Vilhjálmur þá ákvörðun í höndum stjórnar Strætó. „Það er ekkert útilokað að hann komi úr Reykjavík.“ - sþs



**STRÆTÓ** Borgarstjóri segir ekki albesta fyrirkomulagið að þingmaður sé stjórnarformaður Strætó. Því sé skiljanlegt að Ármann hyggist hætta.

Fíkniefni fundust í Grafarvogi:

## Húsleit í miðjum gleðskap

**LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn úr fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gerðu húsleit í Grafarvogi í gærmorgun. Þar fundust fíkniefni, sem talin eru vera amfetamín og kannabis.**

**Háværgleðskapur hafði verið í húsinu í einhvern tíma. Bárust lögreglu vísbendingar um málið og því var ákveðið að leita eftir úrskurði um heimild til húsleitar.**

**Gleðskapurinn var í fullum gangi þegar lögregluna bar að garði. Fíkniefnin fundust svo við leit eins og áður sagði. Ekki var um mikið magn að ræða.** - jss

Bush Bandaríkjaforseti:

## Mælir með góðu mataræði

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti þakkaði líkamsrækt góða heilsu sína og mælti með hjólreiðum í viðtali á CBS-sjónvarpsstöðinni í gær.



GEORGE W. BUSH

„Ég trúi því varla hversu sprækur ég er,“ sagði forsetinn. „Ég æfi mikið, því að það er gott fyrir andann og gott fyrir sálina.“

Forsetinn sagði mikilvægt að hugsa vel um hvað maður lætur ofan í sig. „Slæmt mataræði orsakast af því hvað við borðum,“ sagði forsetinn. - sgj

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Meðvitundarlaus undir stýri

Lögreglan var kölluð til eftir að jeppi rann stjórnlaust yfir gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar síðdegis í gær. Ökumaðurinn, sem er um sjötugt, var meðvitundarlaus og var kallað á sjúkrabíl. Lögregla segir hann annaðhvort hafa verið veikan eða ölvaðan, nema hvort tveggja væri.

### Óhapp við Hvalfjarðargöng

Enginn slasaðist í árekstri sunnanmegin við Hvalfjarðargöng í gærmorgun. Fólksbíl var ekið utan í vörubíl sem kom úr gagnstæðri átt. Loka varð göngunum í hálftíma vegna óhappsins.

### Fimm stútar teknir

Fimm ökumenn voru voru stöðvaðir vegna gruns um ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Einn ökumannanna var réttindalaus og má hann búast við sekt upp á annað hundrað þúsund krónur.

# Vaxandi fjárfestingartengsl við Indland

**Fjármálaráðherra Indlands spáir því að viðskipti, einkum þó fjárfestingar, milli Íslands og Indlands muni stóraukast á næstu árum. Hann segir ennfremur að svo geti vel farið að viðskipti Indlands við Kína fari framúr viðskiptum við Vesturlönd.**

**VIÐSKIPTI** Fjármálaráðherra Indlands sér fyrir sér að viðskiptatengsl Íslands og Indlands, einkum og sér í lagi á sviði fjárfestinga, fari hraðvaxandi á næstu árum. Hann hvetur Íslendinga til að íhuga fjárfestingar í indverskum sjávarútvegi.

Indverski fjármálaráðherrann, P. Chidambaram, var staddur hér á landi í gær í boði Árna Mathiesen fjármálaráðherra til að undirrita samning um gagnkvæma vernd fjárfestinga. Báðir ráðherrar binda vonir við að samningurinn muni ýta enn undir ört vaxandi viðskiptatengsl landanna.

Chidambaram lýsir ánægju með þær fjárfestingar sem íslensk fyrirtæki hafa þegar ráðist í á Indlandi, svo sem Actavis og Sæplast. En hann ráðleggur Íslendingum að íhuga fjárfestingar í indverskum sjávarútvegi. Indland með sinni gríðarlöngu strandlengju og gjöfulu fiskimið bjóði þar upp á mikil tækifæri og íslenskur sjávarútvegur sé jú sá þróaðasti í heimi.

Spurður um mat sitt á horfunum í viðræðunum innan Heimsviðskiptastofnunarinnar, WTO, um aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum segir ráðherrann að sökin á því að ekki hafi náðst árangur í þeim viðræðum liggi ekki hjá Indverjum né þróunarlöndunum yfirleitt.

„Það er ekki við okkur að sakast að hvorki hafi gengið né rekið í WTO-viðræðunum. Reyndar hefur Indland reynt að hafa forystu fyrir þróunarlöndunum að ná samkomulagi. En þróuðu löndin verða að gera sér grein fyrir að landbúnaður er viðkvæmt mál. Fyrir Bandaríkin og mörg lönd í Evrópu kann landbúnaður að snúast um kaupsýslu og viðskipti. Fyrir indverska bændur er þetta spurning um lífsafkomu,“ segir ráðherrann. „Það eru um 115 milljónir fjölskyldna, um 600 milljónir manna, sem eiga afkomu sína undir landbúnaði í landinu, svo að það segir sig sjálft að við verðum að gæta þess að ganga ekki of nærri þeim atvinnuvegi.“ Þess vegna verði Vesturlönd að sjá að dragi þau ekki verulega úr niðurgreiðslum í landbúnaði, bæði til framleiðslu og útflutnings, verði ekki hægt að ná samkomulagi um alþjóðaviðskipti með landbúnaðarafurðir.

Spurður um tengsl Indlands við hitt hraðhagvaxtar-risaríkið í Asíu, Kína, segir hann þau vera góð. Viðskiptin milli þeirra aukist um fimmtíu prósent á ári og nemi nú um átján milljörðum Bandaríkjadala. Báðar ríkisstjórnir séu staðráðnar í að ýta undir frekari viðskipti og láta landamæradeiluna sem þær eiga enn í ekki spilla fyrir því. Chidambaram getur þess að eins og er sé Evrópusambandið stærsti viðskiptaaðili Indlands og Bandaríkin stærsta staka viðskiptalandið. „En ég get ekki útilokað að viðskiptin við Kína muni fara fram úr öðru hvoru eða hvoru tveggja, því þau vaxa með svo miklum hraða.“

audunn@frettabladid.is



**SAMNINGI FAGNAÐ** Indverski fjármálaráðherrann P. Chidambaram og íslenskur starfsbróðir hans, Árni Mathiesen, takast í hendur eftir undirritun samningsins um gagnkvæma vernd fjárfestinga í fjármálaráðuneytinu í gær. Með á myndinni er Mahesh Sachdev, sendiherra Indlands í Ósló. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### FER FYRIR EFNAHAGSUMBÓTUM

Palaniappam Chidambaram hefur gegnt fjármálaráðherraembættinu í Indlandsstjórn síðan í maí 2004. Hann hefur þó áður setið í stjórninni, var meðal annars fjármálaráðherra 1996-1998.

Hann er eins og forsætisráðherrann Manmohan Singh í Kongressflokknum og er af mörgum álitinn líklegur arftaki Singhs. Sem fjármálaráðherra fylgir hann eftir efnahagsumbótum þeim sem Singh hóf í fjármálaráðherratíð sinni árið 1991.

Ásamt Singh og Montek Singh Ahluwalia, varaformanni áætlunarnefndar Indlandsstjórnar, er Chidambaram lykilmaður í því sem indverska viðskiptapressan kallar „draumalið“ efnahagsmála í Indlandi.

Stærsta hlaupakeppni í Kópavogi

Götuhlaup

laugardaginn 7. júlí kl. 11

Velkomin á Landsmót

- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

LANDSMÓT UMFÍ

KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ



ÁRBÆJARSAFN - GOTT HEIM AÐ SÆKJA

OPIÐ ALLA DAGA Í SUMAR FRÁ 10 - 17

Nánari upplýsingar á vefslóðinni www.minjasafnreykjavikur.is

Minjasafn Reykjavíkur

ÁRBÆJARSAFN

Kistuhyl • 110 Reykjavík • Sími 411 6300

www.minjasafnreykjavikur.is

Fjárfestingafélagið Askar Capital telur mikil tækifæri liggja í viðskiptum á Indlandi:

## Gróðavon í fasteignaviðskiptum

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélagið Askar Capital hyggst stofna fjárfestingasjóð á Indlandi í haust. Þetta kom fram í máli Tryggva Þórs Herbertssonar, forstjóra félagsins, á fundi með fjármálaráðherra Indlands og fleirum á Hótel Holti í gær.

„21. öldin er öld Indlands,“ sagði Tryggvi á fundinum. Hann segir að Askar Capital hafi þegar ráðið framkvæmdastjóra sem verði yfir starfseminni í landinu. Starfsemin ytra muni hefjast á haustmánuðum, en fyrirtækið sé þegar farið að ráða fólk, finna aðstöðu og leita tækifæra. Einhverjir milljarðar verði settir í sjóðinn í upphafi.

Settur verður upp fasteignasjóður sem byggja mun á indverskum fasteignaverkefnum. Sjóðurinn verður skráður og munu fagfjárfestar geta keypt sig inn í hann. Í framhaldinu segir Tryggvi að til standi að byggja upp fleiri sjóði sem byggi á uppbyggingu innviða á Indlandi, vegakerfis, flugvalla, skóla og fleira.



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON

„Það er ljóst að á Indlandi eru gríðarlegir möguleikar,“ segir Tryggvi. Viðskiptahugmyndin gangi í grunninn út á að kaupa fasteignir sem svo hækki í verði. Þar sem aðeins þurfi að leggja út 10 prósent af verði fasteigna megi með þessu móti hagnast vel þegar verð á húsnæði hækki.

Tryggvi vill ekki gefa upp áætlanir Askar Capital um vöxt á Indlandi, eða hvað fyrirtækið ráðgeri að hátt hlutfall af hagnaði félagsins muni koma frá Indlandi. - bj

# Útsalan

## er hafin

## Verðhrun

# Allar útsöluvörur

# 250-2000 kr

## Verðdæmi

| Upphaflegt verð | Útsöluverð |
|---|---|
| ~~499~~ kr. | 250 kr. |
| ~~799~~ kr. | 500 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | 750 kr. |
| ~~1.499-1.699~~ kr. | 1.000 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | 1.500 kr. |
| ~~2.999-4.999~~ kr. | 2.000 kr. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*



# Hugmynda-leit um betri miðborg

**Þann 18. apríl brunnu húsin að Austurstræti 22 og Lækjargötu 2 í miðborginni. Reykjavíkurborg efnir nú til hugmyndaleitar á þessu svæði og í nágrenni þess (sjá kort). Gera skal tillögur að við- og nýbyggingum þar sem það er talið verða svæðinu til framdráttar. Með þessu er ætlunin að auka enn frekar á aðdráttarafl miðborgarinnar og styrkja hana sem þann drifkraft auðugs mannlífs sem henni ber að vera. Við mótun tillagna er jafnframt mikilvægt að leggja áherslu á götur og torg og tengingar milli þeirra og leitast við að finna útfærslur sem stuðla að því að líf verði milli húsanna.**




## ALLIR MEGA TAKA ÞÁTT

Allir hafa rétt á að taka þátt í þessari leit og eru hvattir til að senda inn hugmyndir sínar um það sem er talið geta bætt og styrkt þetta sögulega umhverfi. Ekki þarf að skila inn hugmyndum að breytingum á öllu svæðinu heldur er þátttakendum frjálst að skila inn hugmyndum sem lúta að einstökum atriðum. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg valið með forvali sex arkitektastofur til þess að taka þátt í hugmyndaleitinni og skila þær sínum tillögum nafnlaust.

## SKILA Á RÉTTUM TÍMA

Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 3. hæð, fimmtudaginn 9. ágúst 2007 milli kl. 16:00 og 19:00. Tilhögun á skilum á tillögum er frjáls en mest á tveimur blöðum/spjöldum í stærðinni A1. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt. Því skal merkja tillögurnar með fimm stafa auðkennistölu. Með þeim skal fylgja umslag með sömu tölu og inni í því skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfunda.

## BESTU TILLÖGURNAR KEYPTAR

Ekki verða veitt eiginleg verðlaun heldur munu þær hugmyndir sem dómnefnd velur til áframhaldandi vinnu við gerð deiliskipulags af svæðinu verða innkeyptar. Að auki munu hugmyndir sem dómnefnd telur þess verðugar verða veittar sérstakar viðurkenningar.

Hugmyndaleit í Kvos er unnin í samvinnu Reykjavíkurborgar, Landsbanka Íslands og eigendur Hótel Borgar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

Sjá allar nánar upplýsingar á www.skipbygg.is

Reykjavíkurborg


Breiðavíkurdrengur segist sjá fram á gjaldþrot vegna aðstoðar hins opinbera:

# Aðstoðin ýfði upp sárin frá Breiðavík

**BREIÐAVÍK** „Sálfræðitímarnir níu sem ég fékk úthlutaða vegna vistunar minnar á Breiðavík hafa ekki gert annað fyrir mig en rífa upp sárin. Ég hef verið meira og minna grenjandi frá því ég opnaði mig fyrst,“ segir Sigurður Sigurðsson, sem sendur var tíu ára gamall til Breiðavíkur árið 1965.

Sigurður segir sálfræðiaðstoðina hafa orðið til þess að honum líður nú verr en áður og fjárhagur hans sé í molum. „Sálfræðingurinn minn sagði að það gæti hjálpað mér að fara vestur og gera þessi mál upp. Þó einhver hafi nú drepið sig eftir að hafa ætlað að gera slíkt hið sama ákvað ég að fara,“ segir Sigurður. Hann segist hafa verið þess fullviss að ferðin yrði honum endurgreidd þar sem loforð ráðamanna hafi hljóðað á þann veg þegar málið var hvað mest í umræðu fjölmiðla. „Ég sendi Þjónustumiðstöðinni í Breiðholti beiðni um styrk vegna ferðarinnar en henni var synjað,“ segir Sigurður sem segist hafa fengið lán vegna fararinnar. Skuldin sé nú komin í innheimtuþjónustu og hann sjái fram á gjaldþrot vegna þeirrar aðstoðar sem hann taldi sig eiga að fá frá hinu opinbera.


**ALLT Á NIÐURLEIÐ** Sigurður Sigurðsson segist sjaldan hafa liðið jafn illa og eftir að hafa farið í sálfræðitímana sem áttu að hjálpa honum að vinna úr veru sinni á Breiðavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hákon Sigursteinsson, sálfræðingur hjá Þjónustumiðstöðinni, segir að ekki hafi verið hægt að veita sérstaka fjárveitingu til þessarar farar því Sigurður njóti ekki reglulegrar fjárhagsaðstoðar. „Mér er sagt að ég fái ekki fjárhagsaðstoð því ég er í neyslu. Í henni hefði ég samt ekki lent ef ég hefði ekki verið sendur á Breiðavík,“ segir Sigurður. **- kdk**

Frakkar vilja tefja aðildarviðræður Tyrkja við Evrópusambandið:

# Portúgalar vilja efla viðræður

**BRUSSEL, AP** Evrópumálaráðherra Portúgals. Manuel Lobo Antunes, segir að portúgölsk stjórnvöld myndu í formennskutíð sinni í Evrópusambandinu síðari helming ársins ekki hlíta tilmælum Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta um að hægar yrði farið í sakirnar í aðildarviðræðum við Tyrki. Tyrknesk stjórnvöld gagnrýndu í vikunni tilraunir til að stöðva aðildarviðræðurnar.

Á þriðjudag var ákveðið að viðræður yrðu teknar upp á tveimur minniháttar málefnasviðum – varðandi hagstofumál og fjármálaeftirlit. Þær bætast nú við viðræður um vísinda- og rannsóknasamstarf og iðnaðarmál, sem áður voru hafnar við Tyrki. Fyrir tilstilli Frakka var hins vegar ekki farið út í þungvægari viðræður um efnahags- og gjaldeyrismál. Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýzkalands sem er nú að láta af ESB-formennskunni, sagði hins vegar að viðræðurnar og hugsanleg aðild Tyrklands að ESB væri „hagsmunamál fyrir alla Evrópu“.


**BROSAÐ Í BRUSSEL** Ali Babacan, í miðju, heilsar Olli Rehn, stækkunarmálastjóra ESB, og Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands. NORDICPHOTOS/AFP

Ali Babacan, aðalerindreki Tyrkja í viðræðunum við ESB, sagði að mikilvægt væri fyrir báða aðila að viðhalda trausti á framvindu aðildarviðræðnanna. „Að öðrum kosti mun ekki aðeins Tyrkland, heldur einnig ESB verða fyrir tjóni af völdum þessa,“ sagði hann. **- aa**




Góðir landsmenn - Verjum Þjórsá.

Baráttufundur við Þjórsá á sunnudag.

Allir sem unna náttúru Íslands og sjálfstæði Íslendinga eru velkomnir.
Urriðafossfundurinn verður klukkan fimmtán.
Dagskrá í boði Flóamanna.
Heimamenn leiðsegja í bílastæði.

Sól í Flóa


Útsala
er hafin í 115 verslunum
Nú eru verslanir Kringlunnar fullar af spennandi útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins.
Opið til 18 í dag
Mán. til mið. 10.00 - 18.30
Fimmtudagur 10.00 - 21.00
Föstudagur 10.00 - 19.00
Laugardagur 10.00 - 18.00
Sunnudagur 13.00 - 17.00
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200
Kringlan



**HANASLAGUR** Íbúar í þorpinu Sabang á Filippseyjum skemmta sér yfir hanaslag, sem er ein vinsælasta afþreying þjóðarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Átján karlar og þrjár konur fundust í flotkvíum Eyborgarinnar sem er á leið til Möltu:

# Eyborg siglir með 21 laumufarþega

**UTANRÍKISMÁL** Togarinn Eyborg er á leið til Möltu með tuttugu og einn laumufarþega sem fannst á flotkvíum skipsins á miðvikudagsmorgun á alþjóðlegu hafsvæði á Miðjarðarhafi. Í hópnum eru átján karlmenn og þrjár konur og eru þau talin vera frá Norður-Afríku. Eyborgin er rækjutogari frá Hrísey sem er skráð í Litháen en hefur verið í verkefnum á Miðjarðarhafinu undanfarin tvö ár. Skipstjóri togarans er íslenskur en auk hans eru tveir Rúmenar og sex Indónesíumenn í áhöfninni.

Birgir Sigurjónsson, útgerðarmaður og eigandi Eyborgarinnar, sagðist í samtali við Fréttablaðið lítið vilja tjá sig um málið enda hefði hann allar sínar upplýsingar frá fjölmiðlum. „Ég vænti þess þó að heyra í skipstjóranum enda góður vinnufélagi minn," segir Birgir.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá utanríkisráðuneytinu brýndi ráðuneytið fyrir útgerðinni og skipstjóranum að veita fólkinu alla nauðsynlega neyðarhjálp. Utanríkisráðuneytið tilkynnti Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna um málið sem hefur haft samband við svæðisskrifstofur sínar á Möltu og Ítalíu. - lbb



**LAUMUFARÞEGAR FRÁ NORÐUR-AFRÍKU** Ung kona mun hafa látið lífið áður en skipverjar urðu varir við fólkið.

Tyrklandsstjórn óskar viðræðna:

# Vill kanna samvinnu við Ísland

**UTANRÍKISMÁL** Forsætisráðherra Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, hefur óskað eftir fundi með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, til að ræða mögulega samvinnu við Íslendinga um nýtingu jarðhita í Tyrklandi.

Erdogan óskaði eftir þessu að lokinni setningarathöfn ráðstefnu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um framfarir þjóða sem haldin er í Tyrklandi.

Erdogan vísaði til góðs árangurs Íslendinga í nýtingu jarðhita og reynslu af svona verkefnum um allan heim. Tyrkland býr yfir miklum auðlindum á þessu sviði sem eru lítið nýttar. - aví

**ÍRAK**

### Tuttugu hauslaus lík

Lík tuttugu karlmanna, sem höfðu verið hálshoggnir, fundust á fimmtudag við bakka Tígrisár suðaustur af Bagdad. Ekki er vitað hverjir mennirnir voru. Jafnframt fórust 22 í bílasprengju í Bagdad sama dag.

**BORGARNES**

### Álver styrkir knattspyrnu

Knattspyrnudeild Skallagríms í Borgarnesi hefur náð samningum við Norðurál á Grundartanga um stuðning við félagið allt til ársins 2009. Með samningunum verður Norðurál einn aðalstyrktaraðili Skallagríms.

**SVÍÞJÓÐ**

### Sjö björguðust á sjó

Sjö úr áhöfn af rússnesku skipi var bjargað úr lofti eftir að vélar skipsins biluðu úti á sjó í slæmu veðri við suðurströnd Svíþjóðar á miðvikudag. Ölduhæð náði átta metrum þegar mest var sem gerði björgun úr öðru skipi ómögulega.

Níu flóttamannafjölskyldur koma frá Kólumbíu:

# Búið að velja hópinn

**FÉLAGSMÁL** Búið er að velja þær níu flóttamannafjölskyldur sem koma hingað til lands frá Kólumbíu í ár. Til stóð að hópurinn kæmi til landsins í sumar en komu fólksins seinkar fram á haustið. Sólveig Ólafsdóttir, yfirmaður upplýsingamála Rauða kross Íslands, segir að undirbúningur sé vel á veg kominn.

„Flóttamannanefnd félagsmálaráðuneytisins fór til Ekvador um miðjan júní en þar dvelja flóttamennirnir sem hafa flúið frá Kólumbíu. Þar voru tekin viðtöl við fólkið og valið hverjum hentaði best að koma hingað," segir Sólveig.

Hópurinn samanstendur af þrjátíu konum og börnum þeirra en konurnar hafa sætt kerfisbundnu ofbeldi í Kólumbíu. „Ofbeldið hefur fylgt sumum þessara kvenna til Ekvador og því er mikilvægt að finna þeim stað þar sem þær njóta persónulegrar verndar," segir Sólveig og bætir því við að hópi kólumbískra flóttamanna sem kom til Íslands árið 2005 hafi reitt vel af.



**SÓLVEIG ÓLAFSDÓTTIR**

„Þær hafa aðlagast íslensku umhverfi vel og eru allar með vinnu. Það var meðal annars vegna þeirrar góðu reynslu sem ákveðið var að taka aftur á móti slíkum hópi," segir Sólveig.

Reykjavíkurborg tekur við flóttamönnunum og útvegar þeim húsnæði. Sólveig segir að sá undirbúningur sé vel á veg kominn og unnið sé að því nú að finna fólkinu stuðningsfjölskyldur á Íslandi. - þo





Orkuríkt umhverfi Bláa Lónsins, jarðfræði og saga er meðal þess sem þátttakendur í daglegum gönguferðum munu kynnast. Ferðirnar hefjast við Bláa Lónið þaðan sem gengið er að lækningalindinni. Gengið er að Þróunarsetri og að orkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Gangan endar í Bláa Lóninu.

Gönguferðin tekur um eina og hálfa klukkustund. Mælt er með gönguskóm og hlýjum fatnaði. Verð: 1.000 kr. Miðar eru seldir í gestamóttöku Bláa Lónsins.

www.bluelagoon.is



KOLVIÐUR

Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

Mikið um smápústra í miðborginni:

# Konur réðust á erlendan ferðamann

**LÖGREGLUMÁL** Tvær konur voru fluttar á slysadeild eftir átök í Bankastræti í fyrrinótt. Í fyrstu var talið að karlmaður hefði ráðist á þær en við yfirheyrslur yfir honum í gær kom í ljós að önnur kvennanna hafði ráðist á hann að tilefnislausu og slegið hann í höfuðið með flösku.

Konurnar hlutu minni háttar áverka þegar maðurinn, sem er bandarískur ferðamaður, varðist ofbeldi þeirra. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu voru konurnar undir áhrifum áfengis en ferðamaðurinn var allsgáður. Ekki hefur verið lögð fram kæra í málinu að svo stöddu.

Karlmaður var handtekinn fyrir gróft heimilisofbeldi sömu nótt í Breiðholti. Hann misþyrmdi fyrrverandi eiginkonu sinni og var hún flutt á slysadeild.

Mikið var um smápústra aðfaranótt föstudags og segir varðstjóri að þegar veður er gott er gjarnan nóg að gera hjá lögreglunni.

- lbb

Bjuggu til 83 fimm þúsund króna seðla:

# Falsarar dæmdir

**DÓMSMÁL** Þrír menn voru dæmdir fyrir fjölmörg og margvísleg brot í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Tveir þeirra, annar tvítugur og hinn rúmlega tvítugur, voru meðal annars ákærðir fyrir að falsa 83 fimm þúsund króna seðla, að upphæð samtals 415 þúsund krónur, í því skyni að koma þeim í umferð sem ósviknum gjaldeyri.

Við falsanirnar var notaður sambyggður litprentari og skanni. Mönnunum tókst að koma fáeinum seðlum í umferð með því að versla fyrir þá.

Ákærur ríkissaksóknara á hendur mönnunum eru í sjö liðum og ná yfir fyrrnefndar peningafalsanir, brot á fíkniefnalögum og vopnalagabrot. Ákærur lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á hendur þeim eru samtals í 56 liðum. Þær varða margvísleg þjófnaðarmál, fíkniefnalagabrot, hylmingu, skjalafals, umferðarlagabrot, vopnalagabrot, fjársvik og nytjastuldi.



**FIMM ÞÚSUND** Mennirnir fölsuðu 83 fimm þúsund krónu seðla.

Sá mannanna sem sá um að falsa peningaseðlana fékk þyngsta dóminn, 13 mánaða fangelsi. Annar var dæmdur í 12 mánaða fangelsi og hinn þriðji í sex mánaða fangelsi. Hann var jafnframt sviptur ökuréttindum í fjögur ár.

- jss




Breytum útblæstrinum í

GÓÐA

gróðurhúsalofttegund!

Tökum þátt í átaki Kolviðar og bindum útblásturinn í grænum skógi.

Við erum bakhjarlar Kolviðar og byrjum auðvitað á okkur sjálfum. Fyrst íslenskra fyrirtækja kolefnisjöfnum við flugferðir vegna starfsemi okkar og einkabíla starfsfólks. Með því vonumst við líka til að veita öðrum innblástur og hvetjum landsmenn til að kvitta fyrir sitt kolefni. Þannig græðum við öll!

Taktu þátt í átaki Kolviðar og kolefnisjafnaðu bílinn þinn, www.kaupthing.is

KAUPÞING
Hugsum lengra

**SKIPULÖGÐ GLÆPASTARFSEMI – LÖGGÆSLAN 3. GREIN AF FJÓRUM**

# Hvernig stöndum við okkur?



Norska lögreglan hefur mun meiri lagaheimildir til þess að taka á skipulagðri glæpastarfsemi en sú íslenska. Munar þar mestu um heimildir til greiningarvinnu og forvirkra aðgerða. Skipulögð glæpastarfsemi hefur fyrir löngu náð fótfestu í Noregi og er harkan þar í landi umtalsverð, eins og dæmin um þaulskipulögð listaverkarán, vopnuð bankarán og fjölda morða, gefa til kynna. Norsk stjórnvöld hófu fyrir tæpum sjö árum að taka með harðari hætti á skipulagðri glæpastarfsemi vegna sterkra vísbendinga um að austurevrópskir og suðurevrópskir glæpahringir væru búnir að ná fótfestu. Aðgerðir norsku lögreglunnar fólust öðru fremur í því að efla greiningarvinnu svo kortlagning á ólöglegri starfsemi í landinu, ekki síst við landmæri, væri möguleg. Norðmenn hafa náð góðum árangri í greiningarvinnu en glíma enn við harðan glæpaheim, ekki síst þar sem markaður fyrir hörð fíkniefni, meðal annars heróín, hefur náð fótfestu. Litháar eru þar umsvifamiklir, líkt og á Íslandi, og hafa staðið fyrir allmörgum alvarlegum afbrotum á undanförnum árum. Sérstaklega hafa þeir komið að líkamsárásum, manndrápum og vopnuðum ránum.

Lagaheimildir lögreglunnar á Íslandi til að sporna gegn skipulagðri glæpastarfsemi eru umtalsvert þrengri hér á landi heldur en á hinum Norðurlöndunum, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur beitt sér fyrir umtalsverðum breytingum á starfsumhverfi lögreglunnar, meðal annars í þá átt að auka heimildir hennar til þess að taka á skipulagðri glæpastarfsemi. Stofnun greiningardeildar ríkislögreglustjóra skiptir þar sköpum. Þrátt fyrir það stendur lögreglan á Íslandi nokkuð langt að baki lögreglunni á hinum Norðurlöndunum. Starfsumhverfi tollgæslunnar á Íslandi er frábrugðið hinum Norðurlöndunum, einkum vegna landlegunnar. Að því leyti er tollgæsla hér á landi auðveldari en víðast hvar annars staðar. Hins vegar hefur starfsmannafjöldi við tollgæslu ekki aukist í takt við starfsálag, en innflutningur á ýmsum tækjum, hlutum og ekki síst farartækjum, hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum. Auk þess er tækjabúnaður tollgæslunnar að mörgu leyti gamaldags. Ekkert gegnumlýsingartæki er á Seyðisfirði, þar sem stór fíkniefnamál hafa komið upp á undanförnum tveimur árum, og þá hefur ekki enn verið komið upp gegnumlýsingarbíl hjá tollinum á hafnarsvæðinu í Reykjavík. Tollgæslur á Norðurlöndunum hafa allar yfir umtalsvert betri tækjabúnaði að ráða heldur en tollurinn hér á landi.

Finnar hafa náð góðum árangri á ýmsum sviðum löggæslu og tollgæslu á undanförnum fimm árum. Samkvæmt upplýsingum frá tollgæslunni í Finnlandi byggir árangurinn öðru fremur á góðum tækjabúnaði, auknum skilningi stjórnvalda á mikilvægi forvirkra aðgerða og eflingu tollgæslunnar vegna mikils straums fólks frá nágrannaríkjum Finnlands í austri. Flest bendir til þess að þessar aðgerðir hafi gert það að verkum að straumur fólks, og þar á meðal glæpamanna, hafi legið í sífellt auknum mæli til annarra landa en Finnlands þrátt fyrir nálægð landsins við Austur-Evrópu.

Svíar hafa stóreflt hjá sér lög- og tollgæslu á undanförnum árum en eru þó eftirbátar Finna, nágranna sinna. Austurevrópsk glæpasamtök, sérstaklega frá Litháen, starfa í sífellt auknum mæli í Svíþjóð, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Svíþjóð. Meðal einkenna þeirra þar í landi er skipulagt vændi, fíkniefnasala og stórfellt smygl á tóbaki. Auknar áherslur lögreglunnar á forvirkar aðgerðir hafa aukið þekkingu á skipulagðri glæpastarfsemi í landinu en samhliða miklum straumi útlends fólks til landsins, á undanförnum áratug, hafa byggst upp kjarnar útlendra glæpasamtaka sem hafa fest rætur í landinu. Vilji er til þess hjá nýrri ríkisstjórn í Svíþjóð, að efla lögregluna og baráttu hennar gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Ekki hafa lagðar fram skýrar hugmyndir um í hverju eflingin felst en unnið er að leiðum til að bæta lögreglustörfin, án þess að kostnaður aukist verulega, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Svíþjóð.

Danir hafa fengið á sig töluverða gagnrýni á undanförnum árum vegna daprar stöðu tollgæslunnar í landinu. Fíkniefnamarkaðurinn í Danmörku er stór, og hefur verið um árabil, en erfiðlega hefur gengið að vinna á rótum vandans sem er alltof auðveldur flutningur fíkniefna frá meginlandi Evrópu og Austur-Evrópu. Auk þess sem eftirspurn eftir fíkniefnum í Danmörku virðist lítil. Þó virðist sem nálægð við Hamborg, eina stærstu hafnarborg Evrópu, hjálpi ekki til við að halda fíkniefnunum frá Danmörku. Lögreglan í borginni hefur aftur á móti verið efld. Áhersla hefur verið lögð á að auka gæði innra starfsins, með eflingu greiningarvinnu, en einnig með auknum sýnileika. Þetta er talið hafa skilað árangri, þó skipulögð glæpastarfsemi sé rótföst í Danmörku.

Síðasti hluti greinaflokks um skipulagða glæpastarfsemi verður birtur á mánudag.




Stefnt er að því að víkka lagaheimildir lögreglu til að beita forvirkum aðgerðum:

## Stöndum öðrum langt að baki

Tollgæslan og lögreglan á Íslandi standa hinum Norðurlöndunum nokkuð langt að baki er horft er til lagaheimilda til þess að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi annars vegar, og tollaeftirlits hins vegar. Lagaheimildir lögreglu til þess að beita hinum svokölluðum forvirkum aðgerðum, sem felast í greiningarvinnu til að koma í veg fyrir afbrot, hafa á undanförnum árum víkkað á Norðurlöndunum umfram það sem hér er.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að tekið verði á þessum hlutum í frumvarpi til laga um meðferð sakamála, sem væntanlega verður flutt á næsta þingi. „Þá gefst alþingismönnum tækifæri til þess að ræða þessi mál,“ segir Björn.

Tollgæslan hefur verið efld nokkuð en tækjabúnaður, sérstaklega tollsins í Reykjavík, stendur tollgæslum víðs vegar á Norðurlöndunum nokkuð að baki. Sérstaklega þegar horft er til gegnumlýsingarbúnaðar en þess er enn beðið að gegnumlýsingarbifreið fyrir gáma verði tekin í notkun. Hún mun stórefla eftirlitið. Þá hefur ekki enn verið komið upp gegnumlýsingarbúnaði á Seyðisfirði, þrátt fyrir ítrekaðar óskir sýslumannsins á staðnum, en vilyrði hefur þó verið gefið fyrir því að það komi innan tíðar.



**BJÖRN BJARNASON** Hyggst taka á málinu með frumvarpi til laga um meðferð sakamála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MÁLAÐU MEIRA
Gæðamálning á lægra verði
3.290
3.950
Vnr. 50170185
Áltrappa
Áltrappa, 5 þrep.
5.990
10 ltr.
Vnr. 86647583-8083
Málning
KÓPAL STEINEX, hvítt, hrímhvítt, marmarahvítt eða antikhvítt, 10 ltr.
málning
KÓPAL STEINTEX
Vnr. 84071416
Pensill
SPEKTERS
þakkústur, 150 mm.
2.985 kr.
3.719
4.959
málning
ÞOL
ÞAKMÁLNING
4 ltr.
Vnr. 86780040
Þakmálning
ÞOL þakmálning, margir litir, 4 ltr.
25% afsláttur
af allri viðarvörn & útimálningu!*
* Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Vnr. 84155160
Pensill
SPEKTERS
pensill, 63 mm.
648 kr.
2.990
3.490
4.741
575 kr.
Vnr. 58761012
Málningarfata 390 kr.
MIKO málningarfata, 12 ltr.
4.890
6.572
kjörvari
kjörvari pekjandi
5 ltr.
Vnr. 86363350-550
Pallaolía
KJÖRVARI 12 pallaolía glær, græn, brún, fura rauðviður, eða rauð fura, 5 ltr.
4 ltr.
Vnr. 86360040-1337
Viðarvörn
KJÖRVARI 16 viðarvörn, þekjandi, margir litir, 4 ltr.
4 ltr.
Vnr. 86332040-9040
Viðarvörn
KJÖRVARI 14 gagnsæ viðarvörn, margir litir, 4 ltr.
BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



LAXASTEIK M/HVÍTLAUK
**998** kr. kg
Þú sparar **500** kr. kg



SS NAUTAKÓTELETTUR AÐ ARGENTÍNSKUM HÆTTI
**1.598** kr. kg
Nóatún mælir með!



GRÍSAKÓTELETTUR ÚRBEINAÐAR ORIENTAL
**1.498** kr. kg
Þú sparar **500** kr. kg



SS KONÍAKSLEGNAR GRÍSALUNDIR
**1.936** kr. kg
Nóatún mælir með!



STEINBÍTSSPJÓT MEÐ MEXÍKOMARINERINGU
**398** kr. stk.
Nóatún mælir með!



SS PÚRTVÍNSLEGIÐ LAMBAFILLET
**2.759** kr. kg
**20%** afsláttur



GÓU DÚNDUR TVENNA
**389** kr. pk.

Líf ávaxtasafi 1 lítri!



**3 fyrir 2**

Goða Mexíkó grillpylsur!



**20%** afsláttur

Kristall 0,5 lítri - 6 í pakka!



EGILS KRISTALL 6x0,5 L Í PAKKA
**499** kr. pk.

NÓATÚN
Bestir í kjöti

# Mikið úrval af Nóatúns grillkjöti!



**Kjúklingaspjót 3 tegundir**
**2.559** kr. kg




*Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!*



NÓATÚNS UNGNAUTA-HAMBORGARAR 4X90 GRÖMM
**298** kr. pk.
**47%** afsláttur



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAINNRALÆRI SPJÓT TOSCANA
**498** kr. stk.
Þú sparar **150** kr. stk.



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBA RIB EYE VILLIKRYDDAÐ
**2.398** kr. kg
**25%** afsláttur

## SS soðin lifrarpylsa og harðfiskur með smjöri - tilvalið í ferðalagið!



## Ferskt og ljúffengt grænmeti á grænmetistorginu!



*Verði ykkur að góðu!*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Taka verður af skarið um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

## Flugvöllur á floti í Vatnsmýri

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Nýting lands í Vatnsmýrinni í Reykjavík er lykilatriði þegar horft er til framtíðar í skipulagi og uppbyggingu í höfuðborginni. Þess vegna sætir nokkurri furðu hversu illa gengur að fá ráðamenn, bæði ríkis og borgar, til að taka af skarið og móta stefnu sem fylgja skal um framtíð flugvallarins í Vatnsmýri.

Ekki eru nema níu ár þar til það aðalskipulag sem í gildi er rennur út. Í Reykjavík hefur þegar farið fram atkvæðagreiðsla sem kynnt var sem bindandi og gerði út um það að flugvöllurinn ætti að hverfa úr Vatnsmýri árið 2016. Engin framvinda hefur þó orðið í þá átt. Þvert á móti er unnið að undirbúningi að byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í mýrinni, eins og engu skipti hvort sú miðstöð eigi að þjóna heilum flugvelli eður ei. Alls konar hugmyndir eru einnig á lofti um uppbyggingu í tengslum við flugvöllinn í Vatnsmýri, nú síðast ósk flugfélags um að fá að byggja flugstöð, meðal annars til að þjóna millilandaflugi um Reykjavíkurflugvöll. Sem sagt áform um aukningu á flugi um völlinn.

Framtíð flugvallarins er pólitískt viðkvæmt mál. Skoðanir fólks á því hvort á að vera flugvöllur eða byggð í Vatnsmýri skiptast ekki eftir hinum hefðbundnu flokkalínum. Svo virðist sem óttinn við að styggja kjósendur ráði því að enginn þori að taka af skarið í þessu máli.

Fyrrum samgönguráðherra fór raunar ekki leynt með skoðanir sínar á framtíð flugvallarins í Vatnsmýri sem fór í bága við yfirlýsta stefnu borgarinnar, að minnsta kosti þess meirihluta sem felldur var í fyrra. Óljósari eru skoðanir eftirmanns hans í ráðuneytinu en hafa verður í huga að Kristján er landsbyggðarþingmaður eins og Sturla.

Framtíð flugvallarins var hvorki meira né minna en eitt aðalkosningamálið fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík í fyrra. Illa gekk sem fyrr að ná stefnu upp úr flestum frambjóðendum en þegar upp var staðið var það einungis Frjálslyndi flokkurinn sem afdráttarlaust vildi halda flugvellinum á sínum stað. Því verður ekki annað séð en að nýr meirihluti í Reykjavík hljóti að hafa sömu stefnu um framtíð flugvallarins og sá fyrri. Um hana fer hins vegar afar hljótt og ekkert hefur gerst í málefnum flugvallarins síðan nýi meirihlutinn tók við. Svo einfalt er það.

Framtíð flugvallarins skiptir miklu máli fyrir þjóðina alla. Hún skiptir fyrst og fremst máli fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins vegna þeirrar gífurlegu breytingar sem það hefði í för með sér að það landflæmi sem nú er undir flugvellinum breyttist í byggingarland. Framtíð flugvallarins skiptir máli fyrir notendur innanlandsflugs, hún skiptir máli í tengslum við uppbyggingu sjúkrahússins við Hringbraut og svo mætti áfram telja.

Það hlýtur því að vera skýlaus krafa að ráðamenn ríkis og borgar taki hendur úr vösum og móti stefnu um framtíð Vatnsmýrarinnar í Reykjavík. Í þessu máli verður stjórnmálamönnum að takast að tala sig niður á lausn. Tíminn flýgur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Fjölskylduhátíð í Kópavogi

Fjölbreytt dagskrá fyrir allan aldur

skoðaðu dagskrána á heimasíðu mótsins

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

2007 LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### 47 dagar í kosningar



Óhætt er að fullyrða að heimasíður eru misvel og mishratt uppfærðar. Samfylkingarmenn í Hafnarfirði greina til að mynda frá því á heimasíðu sinni að einungis 47 dagar séu til alþingiskosninga! Flestir myndu þó telja að sjö vikur væru liðnar síðan þær fóru fram. Stuðningsmenn fá þó þakkir að kosningum loknum á sömu síðu. Greinilegt að Gunnar Svavarsson og félagar í Firðinum búast ekki við mörgum heimsóknum á síðuna xhafnarfjordur.is.

### Ráðin í sérverkefni



Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur ráðið sér til sérlegrar ráðgjafar Ingu Dóru Sigfúsdóttur sem hefur gegnt stöðu deildarforseta Háskólans í Reykjavík. Inga Dóra hefur getið sér gott orð fyrir rannsóknir á vímuefnaneyslu unglinga sem hún hefur kortlagt í mörg ár og lumar eflaust á mörgum góðum ráðum handa ráðherranum.

### Fótboltasumar

Mikill fjöldi barna og fullorðinna er í Vestmannaeyjum nú um helgina á Pollamóti í fótbolta. Fótboltamót ungmenna eru með stærstu útihátíðum sumarsins því ungviðinu fylgir gjarnan fjöldi aðstandenda. Fótboltamótið í Eyjum er þó bara ein af mörgum skipulögðum samkundum um helgina, Hólmvíkingar halda hátíð um helgina, Hornfirðingar sömuleiðis og á Bíldudal er árleg hátíð kennd við baunir. Því er næsta víst að margir verða á faraldsfæti um helgina, kannski með tilheyrandi umferðaröngþveiti ef marka má síðustu helgi.

sigridur@frettabladid.is

## Jeppaþjóðin íslenska



SVERRIR JAKOBSSON

Í DAG | Bílafloti landsmanna

Um það bil fjórðungur af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er vegna bílanotkunar. Þetta helst í hendur við að fjöldi bíla á mann hér á landi hefur fjórfaldast síðan 1970. Í Íslandi er bifreiðaeign núna meiri en 600 bílar á þúsund íbúa, en í erlendum þjóðhagsmælingum hefur yfirleitt verið gert ráð fyrir að bílaeign sé mettuð þegar komið er upp í þetta hlutfall. En það er alþekkt að venjuleg efnahagslögmál gilda ekki á Íslandi og svo virðist einnig vera í þessu tilviki. Árin 2005 og 2006 voru metár í sölu nýrra bíla á Íslandi.

Meginástæða þess er væntanlega hagvöxtur og auknar tekjur, en það er hins vegar ekki algilt lögmál um allar jarðir að tekjuaukning fólks renni með jafn afgerandi hætti til kaupa á fleiri og stærri bílum eins og raunin er á Íslandi. Samkvæmt rannsóknum sem unnar hafa verið hér á landi leiðir 10% tekjuaukning til 94% aukningar í eftirspurn eftir nýjum bílum til langs tíma litið. Undanfarin 15 ár hefur svo orðið sérstaklega mikil fjölgun á stærri bílum, eins og hver maður getur séð sem á annað borð hættir sér í umferðina hér. U.þ.b. fimmti hver bíll er jeppi eða jepplingur.

En af hverju stafar þessi aukna eftirspurn eftir jeppum? Er það vegna þess að jeppar eru hentug farartæki til fjalla- og jöklaferða? Er það vegna erfiðra samgangna á Íslandi? Engin ástæða er til að ætla að sú breyta skipti miklu máli. Staðreynd málsins er sú að vegir á Íslandi hafa tekið miklum framförum undanfarna áratugi. Á tæplega 30 árum hafa um 4500 km af bundnu slitlagi verið lagðir á alla helstu þjóðvegi landsins. Stöðugt fleiri leiðir – raunar flestallar á milli þéttbýlisstaða – eru færar smábílum drjúgan hluta ársins ef ekki árið um kring. Og við erum ekki hætt að leggja malbik þannig að leiðir smábíla á Íslandi greiðast nú ár frá ári.

### Stéttaskipting í umferðinni

Viðbótin við jeppaflotann virðist þannig að litlu leyti skila sér út á hálendið en að verulegu leyti út í venjulega þéttbýlisumferð.

*Aukin jeppanotkun er þjóðfélagsmein. Við eigum að fækka þessum ferlíkjum og nota þau í hófi.*

Og er það æskilegt? Í fyrsta lagi mætti benda á að jeppar geta aukið hættu á alvarlegum slysum ökumanna og farþega í smábílum. Ástæðan er sú að þótt öryggi ökumanns aukist við að vera í stærri bíl þá minnkar jafnframt öryggi fólks í öðrum bílum ef svo óheppilega vill til að þeir lenda í árekstri við slík ferlíki. Þannig er orðin til stéttaskipting í umferðinni þar sem fólk í smábílum á meira á hættu en jeppafólkið.

Þessa stéttaskiptingu í umferðinni má skoða í samhengi við tengsl tekjuaukningar og kaupa á nýjum stærri bílum. Stóru bílarnir eru fyrst og fremst stöðutákn. Með því að aka um á jeppum upphefur fólk sig yfir hina ökumennina á smábílunum og kaupir sér jafnframt öryggi í umferðinni – sem getur þó verið á kostnað annarra.

Hinn samfélagslegi kostnaður af stórbílunum er auðvitað umtalsverður. Þeir kalla á aukið rými, breiðari götur og bílastæði. Flestir gera sér grein fyrir menguninni sem aukin bílaumferð hefur í för með sér, en rýmið sem þessi mikli bílafloti kallar á er vanmetinn kostnaður. Það kostar sitt að nota 46% af öllu landi á höfuðborgarsvæðinu í umferðarmannvirki, ekki síst þegar tekið er mið af ört hækkandi fermetraverði á húsnæði.

### Notum jeppana í hófi

Hér með er ekki sagt að jeppar geti ekki verið nauðsynlegir eða gert gagn. Aukning þeirra á síðari árum er hins vegar ekki nema að litlu leyti sprottin af raunverulegri þörf, t.d. vegna háfjallaferða eða aksturs á slæmum vegum. Jepparnir eru að verulegu leyti notaðir eins og venjulegir fólksbílar; í snatt og snúninga innanbæjar.

Þessi þróun hefur orðið á sama tíma og yfirlýst stefna stjórnvalda er að draga úr mengun af bifreiðum, efla almenningssamgöngur, ýta undir vistvæna ferðamáta, auka öryggi í umferðinni og nýta land á höfuðborgarsvæðinu betur með þéttingu byggðar. En stjórnmálamennirnir meina ekki alltaf það sem þeir segja og fáir þeirra þora raunar að segja það sem eru ályktunarorð þessarar: Aukin jeppanotkun er þjóðfélagsmein. Við eigum að fækka þessum ferlíkjum og nota þau í hófi.

## Að umreikna gráður í krónur

UMRÆÐAN

Sjávarútvegsmál



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Hagfræðingarnir í HÍ eru að eigin mati gríðarlega klókir í líffræði og þá munar ekkert um að breyta mögulegu hækkuðu hitastigi andrúmsloftsins um örfáar gráður í framtíðinni í hundruða milljóna tap fyrir þjóðarbúið. Árið 2004 reiknaði Ragnar Árnason að þjóðarbúið tapaði 800 milljónum króna á gróðurhúsaáhrifum sem hækka hitastigið einhvern tímann í framtíðinni.

Nú reikna sömu snillingar út nýjan sannleika sem felur í sér að þjóðarbúið græði gríðarlega á að hætta þorskveiðum í nokkur ár. Þessi speki byggir að miklu leyti á því að þeim mun stærri sem hrygningarstofninn er eigi hann að gefa af sér hlutfallslega meiri nýliðun. Það er auðvitað auðskilið hjá hagfræðingunum þar sem vitað er að eftir því sem summa manna á bankabók er stærri er hægt að semja um hærri vexti af inneigninni. Í raunveruleikanum hefur ekki verið hægt að sjá fylgni með aukinni nýliðun og stærri hrygningarstofni og það benti Rögnvaldur Hannesson fiskihagfræðingur nýlega á. Ef þessi líffræði sem Hagfræðistofnun byggir á væri rétt væri hægt að ganga þurrum fótum á fiskitorfu heimsálfa á milli þar sem meiri fiskur gefur af sér enn meiri fisk.

Raunveruleikinn er samt ekki þessi enda stangast þessir útreikningar á við alla viðtekna vistfræði.

Núverandi sjávarútvegsráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson hefur einhverra hluta vegna haft sjálfstraust til þess að fara yfir galnar forsendur allra þessara útreikninga og fara skipulega yfir rök þeirra sem hafa gagnrýnt málefnalega forsendur núverandi fiskveiðistjórnar.

Staðreyndin er sú að ekki einni krónu úr samkeppnisdeild Verkefnasjóðs sjávarútvegsins hefur verið varið til þess að styðja við rannsóknir sem gætu varpað rýrð á aðferðafræði Hafró. Þær rannsóknir sem hafa fengið styrk snerta umdeilda veiðiráðgjöf lítið sem ekki neitt, s.s. rannsóknir á töskukrabba, erfðafræði leturhumars, sæbjúgum og útbreiðslu á beitukóngi.

Íslenska þjóðin og hvað þá Vestfirðingar hljóta að gera þá kröfu að ráðherrann fari gaumgæfilega yfir öll rök þegar hann tekur ákvörðun um hvernig veiðum skal háttað á næsta fiskveiðiári.

*Höfundur er líffræðingur.*




# BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. **Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.**

ENNEMM / SIA / NM28469




Nú eru ferðadagar á Shell. Tjald, tveir svefnpokar, ferðastólar og dýnur auk vasaljóss.
**Allt í einni tösku á 9.990 kr.**

Komdu við á næstu Shellstöð og fáðu það sem vantar í ferðalagið.

Made to move


## MAÐUR VIKUNNAR

# *Bráðgreindur vinnuþjarkur*

Finnur Oddsson mun taka við sem framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs þegar Halla Tómasdóttir hættir í haust til að sinna öðrum verkefnum. Þessi 36 ára doktor í sálfræði hefur náð gríðarlega langt þrátt fyrir ungan aldur og yfirgefur nú starf forstöðumanns Master of Business Administration (MBA) námsins við Háskólann í Reykjavík, þar sem hann vann í sex ár. Hann mun þó áfram gegna starfi lektors við háskólann meðfram nýju starfi.

Finnur á einn son, Óttar, með eiginkonu sinni til tíu ára, Sigríði Þorgeirsdóttur. Þau kynntust þegar þau voru sextán ára í Verzlunarskóla Íslands og tókust með þeim ástir fljótlega eftir framhaldsskólann. Þau eru nú búsett í Grafarvogi.

Leiðin lá í Háskóla Íslands þar sem Finnur nam sálfræði til B.A.-prófs. Lokaritgerðin hans fjallaði um réttmæti undirskriftasafnana sem mat á viðhorfum almennings. Í West Virginia University lærði hann til M.A. og doktorsgráðu.

„Hann fékk hæstu einkunn í öllu doktorsnáminu, 4.0, sem er það hæsta sem maður fær í bandarískum háskóla,“ segir fyrrverandi samstarfsmaður hans. „Hann er algjör afburða námsmaður.“

Finnur er framúrskarandi golfari, að sögn vina og vandamanna, og algjör dellukall þegar kemur að slíkum áhugamálum. Hann er einnig mikill smekkmaður á vín. Nýlega fékk hann áhuga á lax- og silungaveiði og hefur hellt sér út í þetta nýja áhugamál af miklum móð.

„Hann er búinn að lesa allt sem hægt er að lesa um veiði og horfa á allar DVD-myndir um slíkt, og sama með golfið,“ segir fjölskyldumeðlimur. „Hann tekur allt svona með trompi.“

Finnur hóf störf við Háskólann í Reykjavík árið 2001. Hann tók við lektorsstöðu í Viðskiptadeild og síðar við stöðu framkvæmdastjóra Stjórnunarskólans. Árið 2005 varð hann forstöðumaður MBA-námsins, sem hann hefur hafið til vegs og virðingar.

„Mín reynsla af honum er bara gjörsamlega frábær,“ segir samstarfsmaður til margra ára. „Hann er ótrúlega afkastamikill og hefur gert MBA-námið að alþjóðlega samkeppnishæfu námi. Hann hefur líka góð tengsl víða í útlöndum.“

Þrátt fyrir mikla eljusemi kann Finnur að slá á létta strengi, að sögn samstarfsmanna.

„Hann er mjög skemmtilegur og stutt í grínið hjá honum. En engu að síður er hann með járnaga, ótrúlega skipulagður og heldur mörgum boltum á lofti,“ segir samstarfsmaður. „Hann er mjög pottþéttur, maður sér það bæði á hárgreiðslu og klæðaburði og öllu sem hann gerir.“

Finnur hefur skrifað fjölda greina um starfsmannastjórnun og haldið námskeið við þrjá háskóla í sálfræði og stjórnun. Sérsvið hans eru frammistöðustjórnun, frammistöðumælingar, umbun, hvatning, stefnumótun og þjálfun. Hann er jafnframt gjaldkeri Íslensk-ameríska félagsins.

„Hann er alltaf í vinnunni og við eigum þann galla sameiginlegan. Ég til dæmis sendi honum tölvupóst klukkan sex út af einhverju, fæ svar klukkan átta, sendi honum aftur klukkan ellefu og fæ svar klukkan eitt um nóttina og svara því og fæ aftur frá honum klukkan sex um morguninn,“ segir samstarfsmaður.

Fyrrverandi samstarfsmaður hans úr HR hefur sömu sögu að segja. „Hann er mikill keppnismaður og leggur sig allan fram í það sem hann gerir. Hann hefur heldur aldrei vílað fyrir sér að tala við bestu prófessora um allan heim og ná í þá í námið.“

Í haust mun Finnur taka við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, en hann mun sinna því samhliða starfi sínu sem lektor.

„Þetta er samviskusamur drengur fram í fingurgóma og á eftir að vera Viðskiptaráðinu mikill fengur,“ segir fyrrverandi samstarfsmaður hans.

### FINNUR ODDSSON




### ÆVIÁGRIP

Finnur Oddsson fæddist 8. október árið 1970. Að loknu stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands hóf hann nám í sálfræði við Háskóla Íslands og lauk B.A.-gráðu. Þaðan lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem hann stundaði nám við háskólann í Vestur-Virginíu. Árið 1998 lauk hann M.A.-gráðu og loks doktorsgráðu árið 2000. Samhliða námi í bæði HÍ og háskólanum í Vestur-Virginíu stundaði hann kennslu í sálfræði við skólana.

Að námi loknu kom Finnur víða við, meðal annars sem ráðgjafi hjá fyrirtækjunum Apex Learning og Aubrey Daniels International. Hann varð lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík árið 2001. Hann varð einnig framkvæmdastjóri Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík og loks forstöðumaður Master of Business Administration, MBA, námsins við Viðskiptadeildina árið 2005. Nú mun Finnur söðla um og taka við stöðu framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs, en því mun hann sinna samhliða lektorsstöðunni.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Finnur Oddsson mun taka við starfi framkvæmdastjóra Viðskiptaráðs af Höllu Tómasdóttur.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Viðskiptaráðið hefur unnið gríðarlega öflugt starf á tiltölulega erfiðum tímum, eins og í fyrra, þegar atlaga var gerð að fjármálakerfinu hér á landi. Sú vinna sem ráðið lagði út í þá skipti miklu máli og það er spennandi verkefni fyrir mig, og þá sem vinna hjá Viðskiptaráðinu, að halda áfram því öfluga starfi sem þarf til, til að kynna íslenskt atvinnulíf fyrir þeim sem á það horfa.“

Morgunblaðið, fimmtudaginn 28. júní 2007.





Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með!
Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

www.bylgjan.is – allar upplýsingar og hlustað í beinni

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.299 **+0,29%**

**Fjöldi viðskipta:** 548
**Velta:** 24.610 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ATORA | 1,82% | MOSAIC FASHIONS | 2,94% |
| ALFESCA | 0,74% | ATLANTIC PETROL. | 2,33% |
| GLITNIR | 0,52% | 365 | 1,71% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,46 -1,71% ... Actavis 89,60 +0,00% ... Alfesca 5,42 +0,74% ... Atlantic Petroleum 1.050 -2,33% ... Atorka 8,40 +1,82% ... Bakkavör 69,40 -0,29% ... Eimskipafélagið 40,30 +0,50% ... FL Group 29,50 -0,17% ... Glitnir 28,95 +0,52% ... Kaupþing 1.125 -0,53% ... Landsbankinn 38,10 -0,26% ... Marel 84,70 +0,24% ... Mosaic Fashions 16,50 -2,94% ... Straumur-Burðarás 21,85 +0,23% ... Össur 106,00 -1,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Keops tvöfaldar stærð Stoða

Fasteignafélagið Stoðir hefur lagt fram yfirtökutilboð í danska fasteignafélagið Keops og bjóða hluthöfum annaðhvort reiðufé eða hlutabréf í Stoðum í skiptum. „Það sem menn fá með að gera þetta er félag sem er tvöfalt það sem Stoðir eru í dag," segir Skarphéðinn Berg Steinarsson, forstjóri Stoða. „Ef þetta gengur eftir verða Stoðir í hópi stærstu fasteignafélaga Norðurlanda og það er svigrúm til frekari fjárfestinga."

Miðað við tilboðsgengið 24 danskar krónur á hlut nemur virði Keops um 49 milljarða króna. Stoðir eru metnar á 37 milljarða í þessum viðskiptum. Tilboðið er háð því að Stoðir eignist níutíu prósent í Keops.

Fyrir skemmstu urðu miklar skipulagsbreytingar á Stoðum sem fólu í sér að félagið hefur tekið stefnuna á hlutabréfamarkað á næstu tólf mánuðum og jafnframt var ákveðið að auka eigið fé þess um fjörutíu milljarða króna. „Hugmyndin var að bæta við eigið fé og stækka félagið. Þá kom þessi hugmynd til skoðunar," segir Skarphéðinn Berg.

Tveir stærstu hluthafar Keops, Fons, sem fer með 31,8 prósenta hlut, og Baugur Group, sem á um 20,3 prósent, hafa tekið tilboði Stoða gegn greiðslu hlutafjár. Baugur er aukinheldur stærsti hluthafinn í Stoðum með 38 prósent.

Gangi tilboðið eftir er það ætlun Stoða að taka Keops af markaði. Þá er ákvæði um það að Keops sé heimilt að greiða út eins háan arð til Stoða og dönsk lög leyfa.

Í tilboðinu eru einnig ákvæði um að Keops hafi heimild til að selja dótturfélagið Keops Development A/S til fjárfestingararms í eigu Fons og Baugs. Skarphéðinn segir að félagið sé í fasteignaþróun sem tengist ekki kjarnastarfsemi Keops, það er fasteignaútleigu til langs tíma. Kaupverðið miðast við 225 milljónir danskra króna, jafnvirði um 2,5 milljarða króna. *- eþa*



SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON



**KARL WERNERSSON** Racon Holdings er við það að eignast allt hlutafé í Invik.

# Yfirtakan á Invik í höfn

Ekkert kemur nú í veg fyrir að yfirtaka Milestone, félags bræðranna Karls og Steingríms Wernerssona, á sænska fjármálafyrirtækinu Invik gangi eftir. Í gær hafði Racon Holdings, dótturfélag Milestone, tryggt sér um 98 prósent hlutafjár í Invik og 99 prósent atkvæðisréttar þegar tilboðsfrestur rann út.

Þá hafa fjármálayfirvöld í Hollandi veitt blessun sína fyrir kaupunum en áður höfðu yfirvöld í Lúxemborg og Svíþjóð gefið grænt ljós.

Nokkrir stórir fjárfestingasjóðir og lífeyrissjóðir, sem höfðu mótmælt því að hærra verð var greitt fyrir A-hlutabréf en B-hlutabréf, létu af andstöðu sinni og gengu að tilboðinu. Racon getur nú innleyst útistandandi hluti í Invik og eignast það að fullu. *- eþa*



**FRÁ TÍSKUSÝNINGU** Afkoma tískuvörukeðjunnar Mosaic Fashions var undir væntingum á fyrsta ársfjórðungi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMAN

# Tískan í tapi

Breska tískuvörukeðjan Mosaic Fashions tapaði 3,3 milljónum punda, rúmum 415 milljónum króna, á fyrsta ársfjórðungi, sem lauk í enda apríl. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 800 þúsundum punda, rúmum 100 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður (EBITDA) jókst um 47 prósent á tímabilinu og nam 14,8 milljónum punda.

Sala verslana jókst um 95 prósent á milli ára og nam 192 milljónum punda. Vöxturinn skýrist af kaupum á smásölukeðjunni Rubicon Retail í október í fyrra. Greiningardeildir Glitnis og Landsbanka segja afkomuna undir væntingum sem skrifast að hluta á erfiðar markaðsaðstæður í Bretlandi. *- jab*







# Lífræn viðskipti

Dagbók Þráins Bertelssonar er að þessu sinni frá ferðamannaparadísinni Marmaris í Tyrklandi og fjallar um gripaflutninga í lofti, reimleika á hótelherbergjum og undirstöðuatriði í lífrænum viðskiptum.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 22. JÚNÍ.**

### Uppvakningur í Tyrklandi

Sumarleyfið hefst ekki fyrr en maður er kominn á áfangastað. Ferðalagið þangað flokkast tvímælalaust undir vinnu og meira að segja erfiðisvinnu.

Ferðalag okkar hófst á föstudagsmorgni kl. ellefu og stóð til klukkan að verða eitt að íslenskum tíma, um fjögur að morgni laugardags samkvæmt tyrknesku tímatali.

Næstum fjórtán tíma ferðalag er ekki tekið út með sældinni. Fyrst er biðröð í innritun, síðan biðröð eftir að láta leita á sér og rannsaka farangurinn, síðan biðröð eftir passaskoðun og biðröð eftir að afhenda brottfararspjald og biðröð eftir að komast inn í flugvélina. Fyrir þá sem hafa gaman af biðröðum er þetta sælan sjálf, fyrir hina er þetta fremur leiðigjarnt og stundum beinlínis niðurlægjandi.



Í flugvélum er rýmið sem er ætlað hverjum farþega mun minna heldur plássið fyrir hvern einstakling á þrælaskipunum í gamla daga og viðurgerningurinn er svipaður að gæðum, nema hvað þrælunum var ekki boðið upp á hveitibrauðssamlokur úr örbylgjuofni.

Mér finnst einkar þægilegt að ferðast fótgangandi ellegar með skipi eða á hestbaki; bærilegt að ferðast í einkabíl; þolanlegt í rútu - en óbærilegt í farþegaflugvél. Nútímamaðurinn hefur goldið fyrir hraðann með því að undirgangast óþægindi sem enginn frjáls maður mundi láta bjóða sér á heimili sínu eða vinnustað.

Á sex tíma flugi með einhverju dularfullu lágfargjaldaflugfélagi öðlast maður djúpan skilning á því af hverju hinir ungu viðskiptamógúlar Íslands telja jafnsjálfsagt að eiga einkaþotu til að geta ferðast og að eiga tannbursta.

Þegar við loksins lentum á flugvellinum í Dalaman voru bæði Andri og litla Sól orðin lúin og soldið hvefsin enda er það furðulegt að barnaverndarnefndir heimsins skuli leyfa fólki að böðlast með börn með sér í flugvélum.



Litla Sól missti meðvitund og sofnaði skömmu eftir að rútuferðin hófst og þótt þriggja ára stúlka sé ekki þung fannst mér hún vera farin að síga í þegar ég gat loks lagt hana frá mér í rúmið eftir að hafa haldið á henni í þrjá tíma í fanginu.

Það var tekið vel á móti okkur á hótelinu og innritun og herbergjaúthlutun tók stuttan tíma. Vikapiltur hjálpaði okkur með töskurnar og leiddi okkur að herbergi 302, stakk lyklinum í skrána og lauk upp dyrunum og sagði: Gjörið svo vel!

En í myrkrinu fyrir innan sáum við hvar hvítklædd vera reis með andfælum upp af beði og kallaði eitthvað á tyrknesku. Ekki skildum við hvað uppvakningurinn sagði en vikapilturinn varð felmtri sleginn og skelli hurðinni aftur. Ég var orðinn of þreyttur til að óttast drauga og vildi leggja til atlögu við hvítklæddu veruna og berjast við hana um herbergið með særingum og latínu. Það vildi vikapilturinn ekki og hljóp við fót með frú Sólveigu og Andra á eftir sér að leita ásjár í gestamóttökunni.

Við litla Sól urðum hins vegar eftir. Hún var sofandi. Ég þreyttur. Þarna stóðum við á hótelganginum, klukkan langt gengin í fjögur að tyrkneskum tíma og til að kóróna næturstemninguna kringum hinn hvítklædda uppvakning slökknuðu ljósin á ganginum skyndilega og við stóðum í svartamyrkri. Fljótlega áttaði ég mig á því að upplýsing á hótelinu tengist því að einhver sé á hreyfingu – því að til hvers er ljós ef enginn sér það? Nema hvað ljósin kviknuðu þegar mér hugkvæmdist að ganga nokkur skref með sofandi barnið í fanginu. Það var heppilegt því að í sömu andrá opnuðust dyrnar á íbúð 302 og vábeiðan hvítklædda rak út svartan og úfinn hausinn.

Uppvakningur þessi var kvenkyns og kom nú út á ganginn og leið framhjá okkur litlu Sól og virti okkur ekki viðlits. Ég gerði krossmark fyrir okkur og í sömu svifum hvarf veran inn í lyftuna og sveif á braut.

Nokkru síðar komu Sólveig og Andri með vikapiltinn í eftirdragi og höfðu meðferðis lykil að annarri íbúð í trausti þess að þar væru engir reimleikar. Þar var gott að halla þreyttu höfði eftir sautján tíma strangt ferðalag.

Þótt flug sé hraður ferðamáti eru í raun og sannleika takmörk fyrir þeim óþægindum sem hægt er að leggja á fólk. Það er vafamál hvort dýraverndunarsamtök myndu samþykkja til gripaflutninga þau þrengsli og skort á aðhlynningu sem flugfarþegar verða að þola. Og eru þó dýr sem eru ferjuð milli landa laus við innritun, vegabréfaskoðun, vopnaleit, töskuburð og fleira sem sjálfsagt þykir að leggja á mennska flugfarþega.

**LAUGARDAGUR, 23. JÚNÍ.**

### Í sól og blíðu

Hér skín sól. Hitinn er rúmlega 40 gráður – en soldil gola og mátulegt rakastig gera það að verkum að þetta er vel þolanlegt.

Fyrsta verkið á nýjum stað er vitanlega að átta sig á staðháttum og snúa sér að nauðsynlegum aðdráttum til heimilis. Það var auðvelt. Marmaris er ekki stór borg og íbúðahótelið er vel í sveit sett, heljarmikill stórmarkaður í 100 skrefa fjarlægð, miðbærinn í göngufæri og stutt á ströndina.



Á hótelinu búa nær eingöngu Íslendingar og það er nýnæmi að vera á ferðamannaslóðum erlendis þar sem Íslendingar eru í meirihluta. Hér er öll aðstaða til fyrirmyndar. Glæsilegar og rúmgóðar íbúðir, hreinlæti í hávegum haft og fólkið brosmilt og vingjarnlegt og vill allan vanda leysa.

**MÁNUDAGUR, 25. JÚNÍ.**

### Kennslustund í prútti

Hér í Tyrklandi tilheyrir það daglegum viðskipum að prútta. Alls staðar nema í sálarlausum stórmörkuðum er prúttað um verð og afgreiðslufólk stendur ekki hlutlaust við peningakassann og stimplar inn uppsett verð. Tyrkneskir búðarmenn eru ekki afgreiðslumenn heldur sölumenn. Þeirra list er að selja viðskiptavinum sem allra mest á sem allra hæstu verði. Þeir stunda það sem mér finnst vera „lífræn viðskipti“.

Margir ferðamenn af norðurslóðum kvarta undan ágengni sölumanna og kunna ekki að prútta.

Hér eru nokkur einföld ráð að hafa bakvið eyrað í lífrænum viðskiptum:

1. Við ágengninni er ekkert að gera. Maður líður bara um með bros á vör og forðast að láta sölumenn stöðva sig nema maður hafi áhuga á þeim varningi sem þeir falbjóða.

2. Maður á að varast að spyrja um verð á hlutum af einskærri forvitni. Að spyrja um verð er yfirlýsing um áhuga á viðskiptum.

3. Í prútti er sá maður ósigrandi sem veit fyrirfram hversu hátt verð hann er reiðubúinn að greiða og hvikar ekki frá því.

Maður spyr um verð.

- Fimmþúsundkall, segir sölumaðurinn og maður ákveður þá í huganum að borga ekki meira en tvöogtvö til tvöogfimm.

Þá hefst eftirfarandi leikþáttur:

- Ég skal losa þig við þetta fyrir fimmtánhundruð.

Sölumaðurinn hlær og segir:

- Fimmtánhundruð? Þú ert að grínast! En af því að ég elska grínara skal ég gera þér sérstakan greiða og gefa þér 25% afslátt og af því að þú ert svo fyndinn geturðu fengið þetta á þrjúogfimm. This is my best price because you are my friend!

Þá er röðin komið að ferðamanninum að hlæja og segja:

- Mér líkar sömuleiðis vel við þig og þess vegna skal ég láta þig fá tvöþúsund og við göngum frá þessu í hvelli.

Nú tekur við mikið handapat og útskýringar á því að kaupmenn geti ekki selt varning á lægri prís en kostnaðarverði og allt undir þrjúogfimm sé gjöf en ekki sala. Við þessu er ekkert að gera annað en gera sig líklegan til að sætta sig við að ekki verði af kaupunum. Þá segir sölumaðurinn:

- Ef þú lofar að segja engum frá því svo að verslunareigandinn frétti það ekki skal ég láta þig fá þetta á þrjúþúsund krónur sléttar.

- Tvöogeitt, lokatilboð.

Ef sölumaðurinn er tilbúinn að lækka sig úr þessu er maður búinn að landa gripnum. Ef hann stendur harður á að þrjúþúsund krónur séu lægsta verð þakkar maður fyrir skemmtunina, býður honum góðan dag og snýr sér að næsta kaupahéðni.

Sem sagt:

Í fyrsta lagi: Ekki spyrja um verð á því sem maður hefur ekki áhuga á að kaupa! Og í öðru lagi: Ekki borga meira en þú ert sáttur við.

Einfaldari geta viðskipti verið – en ekki lífrænni.




# Opið í Ormsson Smáralind

SUMAROPNUN:
Laugardaga frá kl. 11:00-18:00
Sunnudaga frá kl. 13:00-18:00




## Velkomin í óvenjulega verslun!

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



NÝTT 2007

202.048,-
Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-

## GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk og þú hannar þitt draumaeldhúsið auðveldlega.

**SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

**Af hverju að borga meira?**
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

**Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.**
HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

**Einfalt og þægilegt.**
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

**Stíllinn og áferðin skipta sköpum.**
Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

***Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.***

## SAMSUNG



### LCD

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component, SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

Samsung LE26S86BDX
**26" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 99.900,-**

Samsung LE32S86BDX
**32" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 119.900,-**

Samsung LE37S86BDX
**37" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 179.900,-**

Samsung LE40S86BDX
**40" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 199.900,-**



### PLASMA

Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42”)
1366 x 768 (50”)
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component, SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

Samsung PS42Q96BDX
**42" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 239.900,-**

Samsung PS50Q96BDX
**50" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 319.900,-**

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA
ÁN KREDITKORTS



## AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG Competence
Ofn og helluborð
B-4101-4-M (ofn)
6000K-MN (helluborð)

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**



**AEG**
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG uppþvottavél
50862U-W hvít
Íslenskt stjórnborð
5 kerfi · Mjög hljóðlát

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr.**



**AEG**
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél
LAVAMAT 64810
Íslenskt stjórnborð
6 kg · 1400 sn/mín

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 79.900 kr.**

## Nú er rétti tíminn fyrir þig að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum. Gríptu tækifærið!

**ORMSSON**
Opið frá kl. 10–13 á laugardögum
**ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160**

**ORMSSON**
Lokað á laugardögum
**AKUREYRI · Sími 461 5003**

**ORMSSON**
**SMÁRALIND · Sími 530 2900**

www.ormsson.is

120 1886 2006

# Þökkum

## Lengsta afmælishátíð sögunnar

120 ára afmæli í 365 daga með yfir 120 viðburði
– hér er brot af því besta

2006 • Afmælisveisla 1. júlí á 14 stöðum á landinu • Veglegt afmælisrit um sögu bankans • Nýr listaverkavefur og söguvefur • Kjarvalssýning í Gerðarsafni




• Bakhjarl spunaleikritsins Þjóðarsálin • Farandleiksýningin „Brot úr sögu banka" • Skiptimyndlistarsýning Landsbankans og Færeyjabanka • Skautasýning



• Bakhjarl leiksýningarinnar LEG • 75 milljónum úthlutað til 75 málefna • Landsbankahlaup á 22 stöðum • Gerð nýrrar íslenskrar óperu, HEL, styrkt



# þátttökuna

Einu lengsta afmælisboði sögunnar er að ljúka því dagurinn í dag, 30. júní, markar endi á 365 daga hátíð í tilefni af 120 ára afmæli Landsbankans. Afmælisárið hefur verið það viðburðaríkasta og skemmtilegasta í sögu bankans og má ætla að atburðir í tilefni tímamótanna hafi verið fleiri en afmælisárin 120. Viðtökurnar hafa auk þess verið með eindæmum góðar og hundruð þúsunda gesta tekið þátt í afmælisfagnaðinum með okkur.

Á þessum tímamótum færum við starfsfólki Landsbankans og landsmönnum öllum okkar bestu þakkir fyrir sinn þátt í að gera afmælisárið ógleymanlegt og vel heppnað í alla staði. Þó afmælisárið sé liðið mun afmælisandinn lifa áfram í banka allra landsmanna.

Kær kveðja frá Afmælisnefnd Landsbankans
f.h. bankaráðs og bankastjórnar.

**Björgólfur Guðmundsson**
Formaður bankaráðs Landsbankans

**Kjartan Gunnarsson**
Varaformaður bankaráðs og formaður Afmælisnefndar

**Halldór J. Kristjánsson**
Bankastjóri

**Sigurjón Þ. Árnason**
Bankastjóri

• Afmælisterta og skemmtiatriði í útibúum • Lag fyrir hvern áratug: Guitar Islancio • Góð málefni styrkt í Einkabankanum • Áheitamörk í Landsbankadeildinni




Listskautafélags Reykjavíkur • Obbosí-tónleikar • Sögusýning Landsbankans – 12.000 gestir • Þrettándagleði á Ingólfstorgi • Sýning á vélasafni bankans



• Frítt inn á Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystra • Grillveisla í Hljómskálagarði • „Miðbærinn brennur" – sögusýning í Árbæjarsafni

2007



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

**NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK (1936) Á AFMÆLI Í DAG**

*„Einfaldleikann skilur enginn.“*

***Njörður er íslenskufræðingur og rithöfundur og skrifaði meðal annars barnabókina Helgi skoðar heiminn. Hann starfar í dag sem prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 30. JÚNÍ 1952

## *Guiding Light fyrst sýnt í sjónvarpi*

55 ár eru liðin frá því að sápuóperan Leiðarljós var frumsýnd í sjónvarpi og eru þættirnir orðnir rúmlega 15.000 talsins. Enginn þáttur hefur verið jafn lengi í sjónvarpi og er þátturinn skráður í Heimsmetabók Guiness.

Sápuóperan sjálf er þó í reynd 70 ára gömul og var upphaflega útvarpsþáttur á NBC. Irna Phillips, höfundur þáttanna, byggði handritið mikið til á eigin reynslu. Hún missti fóstur 19 ára gömul og leitaði huggunar í orðum prests sem predikaði í útvarpi. Hún skrifaði söguna Guiding Light þar sem aðalpersónan var einmitt prestur og var ljósið í glugga vinnustofu hans „leiðarljós“ ráðvilltra kunningja.



**GUIDING LIGHT** er sá þáttur sem gengið hefur lengst í sögu sjónvarpsins og á rúma 15.000 þætti að baki.

Upptökuver Guiding Light var fyrst staðsett í Chicago en síðan var ákveðið að flytja það til Hollywood þangað sem allir leikarar flykktust. Í dag eru þættirnir teknir upp á Manhattan í New York.

Jerry ver Dorn sem túlkar Ross Marler hefur leikið lengst í þáttunum eða í 26 ár. Aðrir leikarar hafa staldrað styttra við í þáttunum og eru sumir þeirra frægir leikarar í dag. Þar má nefna Christopher Walken, Kevin Bacon, Calista Flockhart, Mira Sorvino, Peter Gallagher úr the O.C., Melina Kanakaredes úr Providence og CSI: NY og Ian Ziering sem lék Steve í Beverly Hills 90210.

### MERKISATBURÐIR

- **1856** Napóleon prins, bróðursonur Napóleons keisara, kom til Reykjavíkur á herskipi sínu.
- **1910** Laufey Valdimarsdóttir lauk stúdentsprófi fyrst íslenskra kvenna.
- **1936** Bókin Gone With the Wind var gefin út.
- **1960** Kongó fær sjálfstæði frá Belgíu.
- **1968** Kristján Eldjárn var kjörinn forseti Íslands.
- **1990** Austur- og Vestur-Þýskaland sameina efnahagskerfi sín.
- **1997** Fyrsta bókin um Harry Potter kom út.
- **2005** Hjónaband samkynhneigðra var lögleitt á Spáni.

### AFMÆLI



**ÓSKAR JÓNASSON** kvikmyndagerðarmaður er 44 ára.



**SIGURBJÖRN EINARSSON** biskup er 96 ára.



**ÞÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR** stangarstökkvari er 30 ára.



**TRYGGVI HARÐARSON,** fyrrverandi bæjarstjóri, er 53 ára.



**RALF SCHUMACHER** hraðakstursкappi er 32 ára.



**MIKE TYSON** boxari er 41 árs.



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,*

**Ólafur Gunnlaugsson**

læknir, Sólheimum 23,

er látinn.

**Sigríður Ásgeirsdóttir**
**Ásgeir K. Ólafsson**
**Ása M. Ólafsdóttir**
**Ágústa Ólafsdóttir**
**Anna Katrín Ólafsdóttir.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið t **imamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

**EMERALD GOLIGHTLY:** KENNIR FÓLKI AÐ FÁ ALLT SEM HUGURINN GIRNIST

# Leyndarmálið komið til landsins

Heimildarmyndin The Secret – Leyndarmálið var frumsýnd í fyrra og hefur farið eins og eldur um sinu um heim allan. Myndin fjallar um kenningu sem nefnd er Law of Attraction eða Lögmálið um aðdráttarafl en samkvæmt henni geta menn fengið allt sem hugurinn girnist svo lengi sem þeir stilli sig inn á tíðni hlutanna. Ótrúlegt er hversu mikla athygli þessi fræði hafa vakið og bók sem kom út í framhaldi af myndinni hefur nú selst í 3,75 milljónum eintaka. Fjölmiðlar hafa ekki síður fjallað um Leyndarmálið mikla og má þar nefna þáttastjórnendur eins og Larry King og Opruh Winfrey.

Blaðamaður náði tali af Emerald Golightly sem er einn af lærimeisturum um Leyndarmálið. Hún er komin hingað til lands í tilefni af því að bókin The Secret - Leyndarmálið er að koma út á Íslandi. Hún mun halda fyrirlestur á Hótel Loftleiðum í dag og fræða landann um Aðdráttarlögmálið.

„Rhonda Byrne uppgötvaði Leyndarmálið fyrir nokkrum árum síðan og setti saman þessa ótrúlegu heimildarmynd sem fjallar um undirstöðu heimsins, Lögmálið um aðráttarafl,“ segir Emerald. „Þar koma saman 24 einstaklingar úr öllum stéttum, læknar, heilarar, trúarleiðtogar og fleiri, og deila hugmyndum sínum um lögmálið.“

Emerald segir allt í heiminum stjórnast af lögmálum og er Lögmálið um aðdráttarafl eitt þeirra. „Kenningin byggist á því að allir hlutir eru á hreyfingu en tíðni þeirra er mismikil. Allt í heiminum er jafnframt orka, einnig mennirnir og hugsanir þeirra. Við getum stillt okkur inn á tíðni eða orku hvaða hluts sem er og dregið hann þannig til okkar. Hugsanir okkar stýra því hvað gerist í kringum okkur; ef þú hugsar jákvæða hugsun dregur þú að þér jákvæða reynslu og öfugt á við um neikvæðar hugsanir. Því skiptir máli að gefa hugsunum gaum og stýra þeim í rétta átt.“ Emerald segir að þannig getum við kallað á fólk sem við viljum að hafi samband við okkur, og jafnvel dregið að okkur peninga. „Þetta hljómar kannski skrítið í byrjun en þetta er samt ofureinfalt,“ segir Emerald sem fór að lifa eftir þessum fræðum fyrir nokkrum árum síðan og segir líf sitt hafa tekið stakkaskiptum. „Í dag starfa ég sem lífsstílshönnuður, það er að segja ég hjálpa fólki að finna hvað það er sem það virkilega vill og kenni þeim svo aðferðina við að fá óskirnar uppfylltar.“

Þeir sem eru forvitnir um þessi fræði geta mætt niður á Hótel Loftleiði klukkan 10.30, horft á heimildarmyndina og hlustað á Emeröldu upplýsa landann um Leyndarmálið mikla.

**mariathora@frettabladid.is**



**EMERALD GOLIGHTLY** heldur fyrirlestur um Leyndarmálið á Hótel Loftleiðum klukkan 10.30 í dag.




**BÓKIN THE SECRET - LEYNDARMÁLIÐ** er nú komin út á Íslandi.

# Mannskaða minnst

Bautasteinn verður afhjúpaður að Mosfelli í Mosfellsdal í dag til minningar um mikinn mannskaða árið 1857. Í mars á þessu ári voru 150 ár liðin frá því sex vermenn úr Árnessýslu urðu úti á Mosfellsheiði en átta björguðust við illan leik. Vermennirnir voru á leið frá Þingvöllum yfir heiðina þegar blindbylur skall á með þessum skelfilegu afleiðingum.

Séra Magnús Grímsson jarðsöng sexmenningana að Mosfelli í Mosfellsdal og hvíla þeir þar í kirkjugarðinum. Afkomendur og venslafólk vermannanna áttu frumkvæðið að uppsetningu bautasteinsins sem afhjúpaður verður í dag, í samvinnu við Sögufélag Kjalarnesþings.

Athöfnin á Mosfelli hefst kl. 14. Séra Jón Þorsteinsson sóknarprestur þar sér um helgistund og Magnús Guðmundsson sagnfræðingur mun segja frá mannskaðanum 1857. Öllum er velkomið að vera viðstaddir athöfnina.



**SEXMENNINGARNIR HVÍLA Í KIRKJUGARÐINUM AÐ MOSFELLI.**

# Söguganga um Garð

Einn liður sólsetursháτíðarinnar í Garði er tveggja tíma ganga með leiðsögn. Lagt er af stað klukkan 11 í dag frá Útskálakirkju þar sem fjallað er um sr. Sigurð B. Sívertsen sem þar þjónaði í hálfa öld en 120 ár eru frá láti hans. Gengið verður að Skagagarðinum sem talinn er vera allt að 1000 ára og þaðan að Draughóli og letursteinn skoðaður. Í lokin verður gengið eftir hvítri sandströndinni að Garðskagavita og Byggðasafninu á Garðskaga.

Gönguleiðin er greiðfær. Sigrún Jónsdóttir Franklín sér um fræðsluna og mun kynna nýútkomið rit sitt, Sagnaslóðir á Reykjanesi í Byggðasafninu eftir gönguna.

# Ótrúlegt verð

*öll raftæki fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum*




**69.990kr**
Verð áður 79.990,-
6.688 á mán.* í 12 mán.
VISA Lán

## Asus fartölva
- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Celeron M 440 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort (shared)
- 512MB DDRII 533MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 80GB 5400rpm harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 36,5x2,7x26,2 og þyngd: 2,65kg




**139.990kr**
Verð áður 149.990,-
7.216 á mán.* í 24 mán.
VISA Lán

## Asus fartölva
- 17" TFT WXGA+ breiðskjár (1440x900) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5500 1.66GHz örgjörvi
- ATI MOBILITY RADEON X1450 512MB Hyper Memory skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100 Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 5 USB 2.0, FireWire, Parallel, VGA tengi
- Express Card Slot
- Line inn, AV inn, Mic og heyrnartólstengi
- Bluetooth
- Windows Vista Ultimate Stýrikerfi
- Norton Internet Security og Nero Express 6.0 fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 8 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 40,5x3,82x31,4 og þyngd: 4,0kg




**119.990kr**
6.207 á mán.* í 24 mán.
VISA Lán

## Asus fartölva
- 17" TFT WXGA+ breiðskjár (1440x900) með innbyggðri vefmyndavél
- AMD Mobile Turion64 X2 TL52 1.6GHz Dual Core 64 bita örgjörvi
- Nvidia GeForce Go 6100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100 Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Double Layer brennari
- 5 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II, Parallel, VGA tengi
- Line inn, AV inn, Mic og heyrnartólstengi
- Bluetooth
- Windows XP Professional stýrikerfi
- Norton Antivirus 2005 og Nero Express 6.0 fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 8 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 40,5x3,82x31,4 og þyngd: 4,1kg




**129.990kr**
6.711 á mán.* í 24 mán.
VISA Lán

## Asus fartölva
- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 Duo T5500 1.66GHz örgjörvi
- Nvidia GeforceGo 7300 Turbo Cache 256MB skjákort
- 1GB DDRII 677MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 100GB 5400rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hljóðkort
- 10/100/1000 Fast Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD+/-RW Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II, Parallel, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Styður SIR-115.2Kbps
- Bluetooth
- Windows XP Media Center stýrikerfi
- Norton Antivirus 2005 og Nero Express 6.0 fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (bxhxd): 37x4x27 og þyngd: 2,95kg



**79.990kr**
7.622 á mán.* í 12 mán.
VISA Lán

## Acer fartölva
- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- 2.0Ghz AMD Turion64 örgjörvi
- 1GB DDR2 minni (mest 4GB)
- 120GB Drif
- ATI Radeon 128MB X1100 PCI-Express skjákort
- 8x DVD Dual Layer skrifari
- WLAN 802.11 b/g 54mbps netkort
- 5 í 1 kortalesari
- Windows Vista Home Premium
- Lithium-ion rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- Stærð í cm (bxdxh): 35.8x26.9x3.4 og þyngd: 2,82k

*Upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði

Gildir til 6. júlí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Sálufélagar með sama smekk

Leiðir **Völu Matt** og listamannsins **Curvers Thoroddsens** lágu fyrst saman í þættinum Innlit-útlit fyrir nokkrum árum þar sem Curver framdi gjörninginn að taka til í íbúðinni sinni í útsendingu. Síðan þá hafa þau varla sést úti á götu og hlökkuðu því mikið til að hittast aftur. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* varð vitni að endurfundum þar sem þau skjötuhjú sáu að þau gætu auðveldlega hafið sambúð án verulegs ágreinings.



**BEST AÐ SENDA ALLA ÚT Í SVEIT** Vala Matt og Curver eru alveg sammála um það að best sé að senda landsmenn út í sveit, án rafmagns og sjónvarps, til að fá þá til að slappa af. Helst það lengi að þeim fari að leiðast – það sé besta hvíldin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Hverjar eru ykkar fyrstu minningar hvort um annað?*
**Vala:** Ég tók fyrst eftir Curver sem mjög öðrvísi listamanni þegar hann var í þeim gjörningi að borða hamborgara í hvert mál úti um allan bæ í heila viku. Mér fannst hann sýna ótrúlegt næmi á þjóðfélagið og tíðarandann að geta skapað gjörning sem þessan sem fær okkur til að sjá hlutina í nýju ljósi. Svo man ég vel eftir öðrum gjörningi þar sem hann var að taka til í herberginu sínu í foreldrahúsum í Árbænum.
**Curver:** Herbergið var minn fyrsti gjörningur og þá gat fólk komið í heimsókn og fylgst með tiltektinni. Það var ótrúlega skrítið að hafa eitthvert ókunnugt fólk þarna í herberginu. Ég man fyrst eftir Völu í menningarþáttum í Ríkissjónvarpinu. Þættirnir voru mjög flottir, sérstaklega kvikmyndaþátturinn. Þetta voru að ég held bestu kvikmyndaþættir sem Ríkissjónvarpið hefur gert. Ég hef því alltaf vitað að Vala hafði þennan listabakgrunn og var mjög ánægður með að Vala skyldi vilja taka þátt í verkefninu mínu á sínum tíma og var svo fljót að kveikja á hvað þetta gæti orðið skemmtilegt.
**Vala:** Mér þótti líka svo frábært að sjá hvað Curver var sjálfsöruggur listamaður að geta gert hluti sem mörgum finnst kannski á mörkunum eða ekki að minnsta kosti innan þessa staðlaða listageira. Svo var þetta líka svo gott sjónvarpsefni fyrir mig.
**Curver:** Þetta var „match made in heaven“. Listamönnum mörgum fannst þetta kannski ekki vera nógu fín list, list sem er á mörkunum að vera myndlist og skemmtiefni en ég var mjög þakklátur Völu fyrir að hafa spottað þetta strax.

### Raggi Bjarna er flottastur

*Áfram í listinni. Nú hefur Raggi Bjarna verið tilnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur, hvað finnst ykkur um útnefninguna? Eigið þið eitthvert eftirlætislag með Ragga Bjarna? Hvern vilt þú sjá næst sem borgarlistamann Vala, og hvað myndir þú gera Curver, fengir þú þann titil?*
**Curver:** Raggi hefur gert mjög mikið og þótt fólk muni kannski meira eftir honum í seinni tíð hefur hann verið hluti af rokkinu frá byrjun og um tíma var hann í fullri vinnu við að syngja. Hann á þetta algjörlega skilið.
**Vala:** Sammála því. Og mér finnst líka svo gott að sjá að fleiri stigum listarinnar sé umbunað en svokallaðri hálist.
**Curver:** Já, þessi aðgreining hámenningar og lágmenningar er svo gamaldags hugsun. Raggi hefur rödd sem allir þekkja og honum fylgir ákveðin stemning og andi sem hefur gefið Reykjavíkurborg mikið. Það hefði verið svo auðvelt að velja einhvern myndhöggvara eða einhvern sem er að gera eitthvað áþreifanlegt. Í staðinn verður svokölluð ósýnileg list fyrir valinu, tónlistin. Uppáhaldslagið mitt með Ragga er Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig. Ég spilaði einu sinni undir hjá honum í Sundhöllinni, þegar ég var í brimbrettahljómsveit. Hann er ótrúlega svalur gaur. Hann mundi samt ekki textann, eins og alltaf, en hann er svo öruggur að það skiptir engu máli.
**Vala:** Já, það lag er frábært. Ég á enn eftir að taka lagið opinberlega með Ragga Bjarna. En ég er með hugmynd að tveimur borgarlistamönnum. Annars vegar er það Curver og svo er það einn af mínum uppáhaldsmyndlistarmönnum, Egill Eðvarðsson. Mér þætti mjög gaman að sjá hann verða borgarlistamann í einhvern tíma til að hann nái að mála meira. Það er synd hvað hann málar lítið.
**Curver:** Ef Völu verður að ósk sinni þá myndi það breyta öllu. Þá hefði ég til að mynda tíma til að vinna stærri verkefni. Ég held að ansi mikið af list nái aldrei að verða að veruleika vegna tímaskorts og vegna þess að listamenn hafa sjaldnast efni á öðru en að vera að vinna að einhverju öðru meðfram. Slíkt er bara líkt og að allir íþróttamenn landsins stunduðu íþróttirnar aðeins um helgar. Íþróttamenn dagsins í dag ná að vera atvinnumenn því þær aðstæður eru fyrir hendi að þeir geta sinnt starfinu allan sólarhringinn. Listin nær þess vegna oft ekki að vera fagleg. Ég hugsa að eitt verkefnið yrði það sem mig hefur lengi langað til að gera en það er að snúa klefunum í Sundhöllinni við þannig að karlar fari í konuklefann og öfugt. Ég hugsa að þetta myndi auka aðsókn.

### Með sama heimilissmekk

*Fyrst við erum í Sundhöllinni skulum við halda áfram með hallirnar. Ef Curver gæfi þér frjálsar hendur, Vala, og bæði þig um að hanna framtíðarheimilið sitt, hvernig sérðu fyrir þér að gera það? Og Curver, hvað finnst þér um húsakosti landsmanna í dag?*
**Vala:** Já, ég þarf ekkert að hugsa mig um. Stórt New York-loft er málið. Alveg opið svæði og rými sem ekkert er hólfað niður. Blanda af þægilegum húsgögnum og græjum og myndlistin hans myndi standa á gólfinu og halla upp að veggnum. Háir bókaskaflar úti um allt og það sem er það fyndna er að þetta er í rauninni mitt draumahúsnæði!
**Curver:** Mitt líka! En fyndið. Ég er nefnilega svo mikill draslari að opið svæði er það sem ég þarf.
**Vala:** Sem arkitekt kann ég mjög vel að meta flotta hönnun og arkitektúr en í rauninni gæti ég svo auðveldlega búið við mjög frumstæðar aðstæður – þar spilar inn í minn innri laumubóhem og wannabe myndlistarmanneskjan. Mér finnst afar rómantískt að hafa ekkert mjög mikið raðað í kringum mig. Annars er ég alin upp af kennurum sem voru hugsjónafólk og ólu okkur systkinin upp í að vera antí í efnishyggjunni. Þau vöruðu okkur við að festa okkur í steypu og hvöttu okkur frekar til að fara til útlanda, mennta okkur og læra eitthvað sem gerði okkur hamingjusöm, alveg burtséð frá því hvað við fengjum út úr því efnahagslega. Margir halda kannski að ég sé mjög upptekin af efnislegum hlutum en það er ég í rauninni ekki. Þetta er bara vinnan mín og ég reyni að sinna henni vel. En svo má líka benda á að þættir sem þessir sem ég var með kenna fólki inn á ákveðin fegurðarhugtök og skóla fólk til – svolítið eins og að senda það til útlanda.
**Curver:** Við eigum greinilega sams konar foreldra. Mér þykja húsakynni landsmanna vera orðin mun ópersónulegri og kaldari en þau voru. Fólk á mínum aldri treystir sér jafnvel ekki til að hafa bara sitt dót, lítur til náungans og hermir eftir til að vera öruggt. Verðið á öllu er einnig komið út í öfgar og ég held að það stefni meira í það að fólk kaupi sér minni íbúðir, enda er hitt nær ógerlegt.
**Vala:** Ég er sammála þessu og á meðan ég var með hönnunarþættina passaði ég að vera alltaf með fólk í þáttunum hjá mér sem var alls ekki inni í hönnunarhugtakinu og var jafnvel að skapa eitthvað úr engu. Ég man að kollegar mínir skildu þetta ekki lengi vel en ég var alveg hörð á þessu, líklega út af mínu uppeldi. Mér fannst það skipta svo miklu máli að ég væri ekki að setja fram einhverjar kenningar um að þetta væri eitthvað sem þú yrðir að eiga. Ég heillaðist mjög mikið af naumhyggjunni því hún er eðlilegu viðbrögð við þessu mikla efnistali. Það er svo mikill léttir fyrir sálina þegar maður losar sig við. En það er rétt hjá Curver, að það eru svolítlar öfgar í þjóðinni.
**Curver:** Fyrir tuttugu árum fékk maður ekkert gos. Í dag er drukkið gos í hvert mál. Og soðin ýsa var annan hvern dag í matinn hér fyrir nokkrum árum. Nú erum við svo flott á því að það er ekki séns á að fá slíka sveitafæðu neins staðar. Fólk hoppar á flottheitin af því að það heldur að það sé það sem þurfi til að lifa góðu lífi.

### Hlægilegar markaðsfréttir

*Við getum þá haldið áfram á sömu braut og þið sagt mér, fyrst við erum að tala um flottheit, hvað er það ofmetnasta í íslensku samfélagi? Og jafnframt, hvað er það vanmetnasta að ykkar mati?*
**Vala:** Sú gróðahyggja og fjármálaumræða sem er orðin svo yfirgengilega mikið í umræðunni. Það er jú fullt af einstaklingum og fyrirtækjum sem eru að gera góða hluti en mér finnst eins og við sem þjóð séum orðin allt of upptekin af þessu.
**Curver:** Já, þetta er ótrúlega leiðinleg umræða. Fréttir Bylgjunnar skiptast til að mynda núna niður í hefðbundinn fréttatíma, íþróttafréttir og svo er eitthvað þar á eftir sem fær sér pláss sem kallast Markaðurinn – peningafréttir. Hvað er það? Þarf sér fréttaþátt dag eftir dag um slíkt? Þeir sem eru að vinna á peningamarkaðnum hlusta ekkert á Bylgjufréttir til að heyra hvernig markaðurinn gengur. Þeir vinna við þetta og eru með þetta í tölvunni sinni á hverjum degi. Þetta er því einhver leikrænn töffaraskapur, það er svo ofsatöff að tala um peninga. Þetta er því hálfhjákátlegt og ég veit eiginlega ekki fyrir hvern þessar fréttir eru. Það er einfaldlega verið að ýta peningahyggjunni að okkur.
**Vala.** Við venjulega fólkið höfum engan áhuga á þessu.
**Curver:** Íþróttafréttirnar eru allt í lagi, þær eru sérheimur, gildin þar eru heilbrigði og svo framvegis. En hinn fréttatíminn gengur út frá græðgi. Mér þætti nær að hafa sér lista- og menningarfréttir í stað Markaðarins. Svo þykja mér siðferðileg gildi orðin fremur vanmetin. Það vantar orðið alveg þetta „herramenn og dömur“ í samfélagið. Almennur dónaskapur hefur aukist og í stjórnmálum þykir orðið í lagi að ljúga ef peningar eru í spilinu.
**Vala:** Ég get tekið undir það en ég vil líka minnast á að umönnunar- og kennarastörf eiga undir högg að sækja. Þetta er fólkið sem heldur þjóðfélaginu gangandi og það er eins og fókusinn sé alltaf bara á peningastjörnurnar. Þetta óeigingjarna hugsjónafólk leggur allt sitt af mörkum við að þjóna öðrum og því miður finnst mér fjölmiðlar ekki hafa mikinn áhuga á að fjalla um hvað heilbrigðiskerfið okkar er í slæmum málum.

*Að lokum. Hvernig sjónvarpsþætti værir þú til í að sjá Curver stýra, Vala, og í hvernig hljómsveit sérðu Völu fyrir þér, Curver?*
**Vala:** Ég myndi láta Curver stjórna skemmtilegum lista- og menningarþætti. Hann gæti fengið fólk til að sjá tilveruna með nýjum augum.
**Curver:** Ég væri alveg til í það – að tala til almennings um listina. En Vala yrði mjög flottur hljómborðsleikari. Í þýskri tölvupönkhljómsveit, eins og Peaches. Svolítið artí hljómsveit. Og ég er einmitt að fara til Þýskalands að spila í listapartíi – kemurðu ekki með?
**Vala:** Algjörlega.

> Fréttir Bylgjunnar skiptast til að mynda núna niður í hefðbundinn fréttatíma, íþróttafréttir og svo er eitthvað þar á eftir sem fær sér pláss sem kallast Markaðurinn – peningafréttir. Hvað er það? Þarf sér fréttaþátt dag eftir dag um slíkt?



**Jónasarferð** verður farin til Kaupmannahafnar í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar. Ferðin er 7. til 9. september og er skráningarfrestur til 10. júlí. Nánari upplýsingar eru á www.icelandair.is.

**BMW 1-línan** mun á næstunni taka hressilegum breytingum. 1addivts.com komst yfir nokkrar myndir af nýja bílnum sem frumsýndur verður í september. Eins og sést minnir hann óneitanlega á 3-línuna.

**Road-Race** mótorhjólaæfing verður haldin á 2 km braut í Hellnahverfi í Hafnarfirði. Æfingin er á vegum Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar, AHÍ, og hefst hún kl. 10 og stendur til 18. Nánari upplýsingar eru á www.ruddar.com.


















Feðgarnir Jón Baldur, Ingi Björn og Bogi eru ánægðir með bílana sína en eru hvergi nærri hættir að safna áhugaverðum bílum. Fréttablaðið/Rósa

# Bíladellufeðgar

***Feðgarnir Bogi Baldursson og synir hans Jón Baldur og Ingi Björn eru miklir áhugamenn um bíla og breytingar á þeim. Meðal þeirra bíla sem þeir eiga eru Trabant, MG Midget og Smart Roadster en slíkir bílar sjást ekki daglega á götum borgarinnar.***

„Ég myndi segja að minn þáttur sé minnstur í bíladellunni en ég hef smitast dálítið af sonum mínum því það er fátt annað sem kemst að hjá þeim," segir Bogi og bætir því við að Trabantinn hafi verið fyrsti bíllinn af þessum þremur sem þeir feðgarnir eignuðust. „Það var sumarið 2002 að Jón Baldur bað frænku sína í Berlín að finna fyrir sig Trabant til að flytja til Íslands og bíllinn kom síðan hingað um haustið."

MG Midget bílinn fundu feðgarnir Bogi og Jón Baldur í Bretlandi fyrir um tíu árum þegar þeir sáu hann í bílskúr hjá kunningja Boga. „Ingi Björn sá bílinn tveimur árum síðar og féll fyrir honum eins og bróðir hans hafði gert áður og nú er bíllinn kominn í þeirra eigu en hann hefur aðeins verið keyrður rúmlega 1.600 mílur," segir Bogi og bætir því við að Trabantinn og MG Midget bíllinn séu aðeins teknir út á tyllidögum eða til að taka þátt í bílasýningum.

„Í fyrravetur rakst Jón Baldur á Smart Roadster bílinn á bílasölu hjá Toyota og í kjölfarið skelltum við okkur á hann líka," segir Bogi og bætir við: „Að auki eiga bræðurnir hvor sinn Golfinn sem þeir eru búnir að breyta. Annar þeirra er klæddur að innan með hlébarðalíki og báðir eru þeir nokkuð breyttir. Efst á óskalista bræðranna í dag eru Cadillac 59 með blæju og VW EOS."

*sigridurh@frettabladid.is*



Trabantinn er árgerð 1985. Feðgarnir og afi drengjanna sprautuðu bílinn og klæddu hann innan með gallabuxum.



MG Midget-bíllinn er árgerð 1979 og hefur vakið mikla athygli á götum borgarinnar.



Smart Roadster-bíllinn er sá nýjasti í eigu feðganna en þeir fjárfestu í þessum síðastliðinn vetur.






**Góðar rúðuþurrkur** eru nauðsynlegar þegar farið er í ferðalag. Þó að það sé glampandi sól þegar er lagt af stað er aldrei að vita nema grenjandi rigning komi einhvers staðar á leiðinni.


Allt á einum stað

SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

LÉTT BYLGJAN 967


# Toyota fer troðnar slóðir




Toyota Auris er eins konar blanda af Corolla og Yaris. Hann er góður í akstri en hann vantar sál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

***Toyota Auris er nýr hlaðbakur sem ætlað er að taka við af hlaðbaksútgáfum Corolla.***

Barnið vex en brókin ekki. Bílar gera það hins vegar. Gott dæmi er Toyota Corolla sem hefur í gegnum tíðina stækkað úr smábíl í fullvaxinn fólksbíl og um leið orðið að mjög fjölbreyttri bílalínu.

Toyota ákvað loks að nú væri komið nóg og skipta þyrfti línunni upp. Arftaki hins klassíska Corollahlaðbaks varð þannig til og hlaut hann nafnið Auris.

Engum sem keyrir Auris dylst hvaðan aðaldrættir bílsins koma.



Fallísk handbremsan ætti að höfða til aðþrengdra eiginkvenna en hún passar illa við innréttinguna.

Hann minnir óneitanlega á stórabróður en jafnframt ofurbílinn Yaris og sem slíkur ætti hann að falla vel í kramið hjá Toyota-þyrstri þjóð.

Við hönnun Toyota Auris hafa við fyrstu sýn allar hefðbundnar og þaulprófaðar leiðir verið farnar. Það er heldur engin ástæða til að breyta því sem virkar. Bíllinn er léttur og lipur, skiptingin skilar sínu áreynslulaust og fjöðrunin er nokkuð góð. Ekki er hægt að segja að Auris sé kraftmikill bíll en á meðan ósonlagið er að hrynja og Evrópa að sökkva sættir maður sig við aðeins minna afl fyrir hreinni samvisku.

**TOYOTA AURIS**

**Vél:** 1,6 lítra bensín
**Afl:** 124 hö / 157 Nm
**Þyngd:** 1.750 kg
**Eyðsla:** 7,1 l/100 km
**Verð frá:** 1.940.000 kr
**Verð prufubíls:** 2.310.000 kr

Eitt er þó sem stingur í stúf í Auris. Í miðjum bílnum rís silfurgrár stokkur sem hækkar gírstöngina og gefur innréttingunni mjög sérstakt yfirbragð.

Það er engu líkara en að á miðju hönnunarferlinu hafi hönnuðir bílsins fengið sér aðeins of mikið af sakí. Þeir hafi dottið í það, farið í karókí og einn þeirra staulast aftur í vinnuna um miðja nótt, hannað stokkinn og svo sofnað fram á lyklaborðið.

Stokkurinn er frábær og bara ef hönnuðirnir hefðu haldið áfram í sama stíl. Því er ekki að heilsa og því stendur stokkurinn eins og minnisvarði um hvað bíllinn hefði getað orðið hefði verið farið alla leið.

Auris er góður bíll. Það er gott að keyra hann og ef marka má almannaróm, en hann lýgur víst sjaldan, þá er gott að eiga hann.

En það að vera góður er ekki nóg. Bíll þarf líka að vera skemmtilegur. Þar liggur helsti veikleiki Auris. Það er gott að keyra hann en því miður þá vantar nokkuð upp á að það sé gaman. *tryggvi@frettabladid.is*


MONT BLANC®
... og allur ferðabúnaður kemst á toppinn

N1



MONT BLANC R BX, 310 lítrar
820 691231
TILBOÐ 22.300,-
27.900,-



MONT BLANC Triton, 380 lítrar
820 731816
TILBOÐ 39.900,-
49.900,-

20% AFSLÁTTUR AF FERÐABOXUM



MONT BLANC Triton, 430 lítrar
820 731846
TILBOÐ 43.100,-
53.900,-

Tilboðið gildir til 1. júlí eða á meðan birgðir endast.

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA · SÍMI 440 1200
REYKJAVÍK · AKUREYRI · HAFNARFIRÐI · KEFLAVÍK · SELFOSSI · HORNAFIRÐI · EGILSSTÖÐUM

OPIÐ BÍLDSHÖFÐA
VIRKA DAGA KL. 8-18
LAUGARDAGA KL. 10-14

JCB TRACKMAKERS Slitsterk og endingargóð
Eigum til á lager GÚMMÍBELTI undir flestar gerðir mini- beltavéla.
"Kynntu þér verðin"



VÉLAVER
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Grillo S.p.A



Grillo FD1500 4x4
afkastar 11.500 m² á klukkutíma.

Veldu Grillo sláttuvélar

Hjá DeDion færðu breiða línu smávinnuvéla á beltum eða hjólum. frá hinum þekkta smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.

Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.



Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélina. Grillo sláttuvélarnar hafa aflúttak. Þú getur breytt vélinni í sóp, snjóblásara eða ýtu. Frábær lausn fyrir gangstéttar, bílaplön og stóra sem smáa grasfleti. Hafðu samband við DeDion.
**Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur allt árið.**

Aflaðu þér nánari upplýsinga
Hringdu núna, s: 462 6900
www.grillo.is

DeDion | Draupnisgötu 7L | 603 Akureyri
Sími 462 6900 | dedion@dedion.is | www.dedion.is
DeDion Smávélar & Þjónusta

NATURALIS




**Ferðahandbækur** geta komið sér vel á ferðalögum, hvort sem ferðast er innanlands eða utan.

# Íslensk náttúra í háskerpu

***Kominn er út dvd-mynddiskurinn Íslenskir eftirlætisstaðir.***

„Jóhann Sigfússon, sem er einn reyndasti heimildarmyndaleikstjóri Íslands, var búinn að hafa hugmyndina lengi í hausnum á sér,“ segir Hinrik Ólafsson, framleiðandi hjá Profilm sem gefur út dvd-diskinn Íslenskir eftirlætisstaðir. „Hann ákvað loks að búa til disk sem innihéldi myndskeið og upplýsingar á fjölmörgum tungumálum um fallega staði víðs vegar um Ísland.“

Úr varð mynddiskur þar sem notandinn getur verið sinn eigin sjónvarpsstjóri. Íslandi er skipt í sex landshluta með yfirlitskorti. Hægt er að spila diskinn í heild sinni, velja landshluta eða skoða einstaka staði innan landshlutans og þannig stjórna ferðinni um landið. Diskurinn er á átta tungumálum og stefnt er að því að endurútgefa diskinn í framtíðinni þar sem bæði tungumálin og staðirnir verða enn fleiri.

Diskurinn hefur þegar vakið nokkra athygli og meðal annars hafa aðilar erlendis falast eftir þjónustu Profilm við gerð sambærilegra mynda. „Við erum einnig að aðstoða National Geographic Channel við gerð heimildarþátta um Ísland,“ segir Hinrik. „Þættirnir eru partur af vinsælli seríu og er um stórt verkefni að ræða. Venjulega gera þeir einn þátt um hvert land en ákveðið var að gera þrjá þætti um Ísland, svo mikill er áhuginn á landi og þjóð.“

Nánari upplýsingar og myndbrot er að finna á www.ifp.is og www.profilm.is.

*tryggvi@frettabladid.is*



Myndskeið mynddisksins eru öll í háskerpu enda lögðu aðstandendur disksins mikið upp úr því að öll tæknivinnsla væri fyrsta flokks.

NOTUÐ TÆKI


MAN 9150 - Árgerð 1991


Bens Atego 12.28 - Árgerð 2001


VW LT46 - Árgerð 2003


VW LT35 - Árgerð 2004


Volvo FM7 - Árgerð 2001

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

Vinnuvélaeigendur!
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk fyrir flestar gerðir vinnuvéla.
“TRAUST vara á góðu verði“
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur
Flestar stærðir til á lager!
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER HF

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, www.ferdavernd.is
Þönglabakka 1 ferdavernd@ferdavernd.is

Miðaldaborg frá 11. öld
Sumar í Tallinn
Eistlandi
Ódýrt að borða, drekka og versla.
Kastalar, hallir, hvítar strendur, friðsæl sveitaþorp o.fl.
Borgin er á minjaskrá Unesco.
Aðeins 19.990 kr.
Beint flug frá Keflavík 17.-29. júlí með sköttum.
Útvegum einnig hótel við hæfi.
Trans-Atlantic
Sími 588 8900
www.transatlantic.is

vísir
www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

exit.is
// Ævintýraferðir
Örugglega út í óvissuna
Þú færð hvergi betra úrval spennandi ævintýraferða til allra heimsálfa. Ferðir með öllum þekktustu ævintýrafyrirtækjunum.
BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662


Suzuki Grand Vitara Exclusive V-6 Árg. 2000. Ek. 90 þ.km. í góðu standi. Krókur, lituð gler. sóllúga. Verð 975 þús. S. 898 8208.


Til sölu Toyota Land Cruiser LC 90, árg. '97, ek. 252 þús. 38" breyttur, nýmálaður, allt nýtt í bremsum, kúpling ný, nýir spindlar, kastarar. Verð 2.000.000 eða 1.800.000 stgr. Uppl. í s. 899 9611.



**Kawasaki Vulcan 1600 Mean Streak**
**árg 2007. Ekið 500km. Gott lán getur fylgt!**
**Sími 869 4787.**


Til sölu Volvo 740 árg.'86, ekinn 147.000, verð kr.60.000. Bíll í góðu standi. Uppl. í s. 699 2257


Dodge Ram 1500, árg. '02 til sölu. Ek. 131 þús. km. Rafm. í rúðum, sjálfsk., 5,9 L bensínvél, 18" álfelgur, vel með farinn. Aðeins kaup. Fæst á 1.840 þús. S. 820 9014.


Til sölu LMC Favorit hjólhýsi RHD 520 árg.05 mjög vel m. farið. Alde miðstöðvarkerfi, skyggni, grjótgrind, TV loftnet ofl. fylgir. Uppl. í s. 893 5420.


Nissan Patrol TDI Elegance árg. 2000 Ek. 89 þ. sjálfsk., Leðurkl. ofl. V. 2.390 þ. S. 898 7377.


Nissan Patrol TDI Árgerð 2003 Ek. 130þús, sjálfskiptur, Verð kr. 2.950þús. S. 867-4069


Nissan Patrol Dísel/Turo 38" breyttur Árg. '97. Ek. 179 þ. Topp eintak. V. 1.450 þ. Ath. ýmis skipti. S. 898 7377.


Toyota Avensins Wagoon Árgerð 2002 Ek. 106 þ. 5 gíra Verð 1.150 þús. S. 867 4069.


MMC Pajero Langur TDI. Árg. 1998/1999 33" breyttur Ek. 158 þ., sjálfsk. Verð 1.590 þús. S. 892 5431.


BMW X5 3.0 06/04 Ssk. Sóllúga, leður, Bluetooth, dráttarb, filmur, Cruise, o.m.fl. Ek.59 þús. Verð. 4.950 þús. Áhv 4.150 þús. Glæsilegur bíll. S. 820 7103.


Lexus SC 430 árg. 2002 ekinn 60 km. Rafmagnstoppur. Einn með öllu. Verð 3.900 þús. Upplýsingar í síma 822-5338


Sumarútsala Citroen Berlingo Van Sendibíll. Ek. 58 þús. Ný sk. Árg.'04. Corando '98 Ek. 93 þús. Ný.sk. Opel Astra ný sk. 2 dyra, árg.'00 Ek. 85 þús. Uppl. í s. 690 2563.


Toyota Yaris terra árg. '03, ek. 64 þús. km. Sumar- og vetrardekk. Verð 200 þús út +yfirtaka á láni 675 þús., ca. 14 þús./mán. Uppl. í s. 696 3537.


Pajero LWB 2,8 '95, 33" dekk, nýtt púst, bremsur, diskar, krókur, 7 manna, selst ódýrt. S. 669 9713.


Nú er tækifærið að eignast Porsche 928-S4. V8 árg. 1987, ekinn 67 þús. mílur, sjálfskiptur, skoðaður '07. Tilboð óskast. Uppl. í s. 899 9423, Gunnar.


Ford explorer sport trac adr. 09/2005 Ek. 30.000 þús. Einn með öllu V.2.750.000.


Húsbíll Econline '91 7,3 dísel. Klár í slaginn. Uppl. í s. 898 4626.


Saab 9-5 árg. '01 ssk. og steingrár ek. 67 þ. Nýsk. Í mjög góðu standi. Uppl. í s. 861 6698.


VW Passat Highline '05 ssk., ek. 33 þús. Einn sá allra flottasti. S. 848 0900.


TILBOÐ 370 Þús. Til sölu Nissan Patrol, dísel, 7 manna. Árg.'91 Ný.sk. Nýr vatnskassi og nýtt hedd. 33" breyting, bíll í góðu standi. Uppl. í s. 899 5442.


Gullfallegt eintak Alfa Romeo árg.'98. ný sk.'08. Ek. 130 þús. Topplúga, spoiler ofl. Ásett verð 690 þús. Tilboð 490 þús. Uppl. í s. 849 3057 Steini.


Volvo S-80 árg. '01, ek. 123 þús. Álfelgur, leðursæti. Sk.'08. Ný heilsársdekk. Áhv. 1.470 m. Verð aðeins 1.690 þús. Uppl. í s. 897 3669.


Nissan Terrano II SE Dísil árg. '99 ek. 207þ. 7manna. Toppeintak, nýl. sprautaður. álf. dráttarkr. sk. '08. rafm. í rúðum. hiti í sætum. Topplúga. Reyklaus. Verð 880þ. S: 864 7000.

Hyundai Accent árg.' 95 3d. bsk. ek. aðeins 116 þ. Ný kúpling, nýtt í bremsum og pústi. Sk. 08. Verð 60 þ. S. 822 1778.

Nissan Terrano 2 dísel. Árg.06.'02. Ek. 97 þús. Ssk. 7 manna Dekurbíll, svartur. Uppl. í s. 899 1175.

Plymouth Breeze '98 árg., ssk., 220 þús., má semja um verð. S. 868 1023.

Toyota Carina E árg. '95 ek. 132 þ. Verð 380 þ. Í góðu ástandi. Uppl. í s. 698 2157.

Til sölu Ford Focus High Series árg.'00 ssk. Ekinn aðeins 42 þús. Uppl. í s. 567 3141 & 897 6181.

Til sölu Subaru E12 árg.'98. Ek. 74 þús. 4x4. 5 farþ. Verð 290 þ. eða tilboð. S. 893 5701 & 5684428.

Citroen BX 4x4, árg.'90. Ek. 82 þ. Góður bíll. Verð 170 þ. Ný skoðaður. S. 893 5701 & 568 4428.

ML 320 árg.'98. Ek. 130 þús. Verð 1690 þús. Áhvílandi 1300 þús. Skoða öll skipti. Uppl. í s. 861 1724.

Ford Explorer Limited árg. '96, ek. 165 þús. Góður bíll. Verð 690 þús. S. 695 0555.

Til sölu 7 manna Honda Odissey árg. '99 ek. 138 þ. í mjög góðu standi. Ssk. ný. Verðh. 1050 þ. S. 690 9655 & 662 2161.

Golf Comfortline '98, ek. 116 þús. Mjög góður bíll. Verð stgr. 480 þús. S. 848 9177 & 861 7153.

Óska eftir góðum bíl á góðu verði t.d. Toyota, VW, Audi, Benz á 300-500 þús. stgr. S. 821 3929 & 846 6765.

Mitsubishi Space Wagon árg '98 ekinn 132þus 4x4 aldrif nýleg heilsársdekk 7 manna bíll verð 390þús Uppl, Jóhann 8440590

## 0-250 þús.


Nissan Sunny SL 1600. Sk. '08. Árg. '91. Sumar- og vetrardekk. Sumardekk á álfelgum. Verðhugm. 110 þ. S. 848 1756.


VW Golf. 1998, 1400cc, ek 170þ km. 160 þús út + yfirtaka á láni. ca. 11.000 á mán. Verð 375.000. Góður bíll. S. 699 1337.


M. Bens 260E 4 Matic Árg.'88 Ek. 352 þús. Sk. Ssk, CD. Tilboð. S. 691 9953.


Litið keyrður!! Daewoo Nubira station árg. „99 beinsk. Ek. 64.000. Sk „08. Ásett 320 þús. Óska eftir tilboðum. Uppl. í s. 891 6401.

Góður bíll til sölu, Opel Astra '96 sk '08 keyrður ca. 91.000 þús og ný yfirfarin allur. Vetra + sumardekk fylgja nýleg, bæði á felgum. Vel með farinn og fæst á 220 þús. Uppl. í síma 616 6792.

Galant árgerð 1989 - 1991 óskast. Má vera bilaður. Auðunn í síma 899 4504 & 565 2770.

Til sölu Subaro Turbo '88. 2 dyra. Uppl. í s. 692 1280.

Til sölu Bens 230E Árg.'92 Bílalán 100 þús. Verð 300 þús. Góður bíll. S. 860 3574. Ath. visa

Ég þarf LÖDU 0-250 þús 8935156

Dodge Caravan -92. 55þ. 2st trooper 90 og 91 60þ fyrir báðar. Síma 6968589

Renault 19 '95 á 50 þús. kr. S. 846 7138.

Húsbíll. Ford Transit 1979. Svefnpláss fyrir 4-5,eldavél,wc,ofn,vaskur.Bíll í góðu standi.Verð 250.000. uppl.8492352.

VW Vento '97, ek. 130 þús. Verð 150 þús. S. 692 8323, Kristján.

Toyota Hilux V6 '88 á 40 þ. Þarfnast smá lagfæringar. 2 auka dekkjagangar fylgja. Uppl. í s. 661 0373.

## 250-499 þús.



**Tilboð tilboð**
**Toyota Yaris árg.'2002. Ek. 136 þús. Beinskiptur, skoðaður '08. Ásett verð 550 þús. Tilboð 475 þús. Yfirtaka af láni Getur fylgt 375 þús. Ca 15 þús. á mán. og þá 100 þús út.**
**Uppl. í s. 845 6933.**

Rauður Suzuki Jimny árg. '99 til sölu. Ekinn 148 þ.km. Nýskoðaður og í góðu standi. Verð staðgreitt 350 þús. Upplýsingar í síma 822 2901.

Nissan Almera sk. 08 ek. 95 þ. sumar 17" vetrardekk14". Tilboð. 370 strg. Árni í s. 663 5741.

Gamall en góður! Pajero 2500 '91, sjálfskiptur, þokkalegur bíll. S. 692 9272.

Subaru Impressa '98 ek. 140 þ. Allur nýlega yfirfarinn ssk., krókur, CD. Bíll í toppstandi. Verð 380 þ. Uppl. í s. 860 1405.

## TIL SÖLU




## BÁTAR TIL SÖLU



**Quicksilver Pilothouse 500** er tilvalinn í dorgið, eða á svartfugl. Frábært verð, aðeins 2.200.000 kr. með 75 ha Mercury Optimax utanborðsmótor og Garmin GPSmap 420s GPS og dýptarmæli.
R. SIGMUNDSSON
ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000

## VINNUVÉLAR TIL SÖLU



Kraftvélar ehf. /// Dalvegi 6-8 /// 201 Kópavogi
Sími 535 3500 /// Fax 535 3501 /// www.kraftvelar.is

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 30. JÚNÍ 2007



● HÖNNUN

## Hótel í vatnsröri

● MYNDLIST

## Útklippt listaverk eftir Robert Ryan

● INNLIT

## Ævintýragarður við Efstasund

FRÉTTABLAÐIÐ

REIN
Steinsmiðja

GRANÍTBORÐPLÖTUR

Viðarhöfði 1•110 Reykjavík • sími 5667878 • fax 5668787 • www.rein.is

## eldhús



● **MÆLT MEÐ SKEIÐ** Á þessari mæliskeið er hægt að færa til lítið handfang og þá breytist mælieiningin og ætti það að auðvelda nákvæmni við matargerðina. Skeiðin mælir allt frá 1/8 úr teskeið upp í matskeið. Hún fæst í Búsáhöldum í Kringlunni.

## hönnun




# Gamla leggi og völuskrín



Hin eiginlegu íslensku leikföng voru búin til úr hlutum sem börnin fundu í umhverfi sínu. Barnagullin voru svo geymd í lítilli kistu, völuskríni, sem börnin földu í rúmi sínu í baðstofunni. Nú hafa þessi leikföng verið endurvakin og fengið andlitslyftingu ef svo má að orði komast. Völuskrín er lítill og fagurlega skreyttur trékassi sem geymir útfærslur á gömlu barnagullunum og fæst nú í öllum helstu leikfagnaverslunum og víðar. Leikföngin efla ímyndunaraflið og eru börnin fljót að taka því að kindabein séu búfénaður. Lóa Auðunsdóttir hannaði leikföngin ásamt bolum með völuskrínsprenti. Bolirnir fást meðal annars í Hnokkum og hnátum, Kisunni, Gallerý Kynnisferðum og Rammagerðinni.



● **Forsíðumynd:** Dasparkhotel í Austurríki. Sjá umfjöllun á síðu 14. **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason og Ásta Bjartmarsdóttir s. 5175724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Anna S. Björnsdóttir keypti sér nýlega verk af listamannasamtökunum Art-money og sér ekki eftir því.

# Skiptast á listaverkum

● Anna S. Björnsdóttir ljóðskáld keypti sér málverk af samtökum listamanna sem láta hugsjón ráða ferðinni.

„Ég keypti mér fallegt málverk í galleríi Ullu Tarp Danielsen á Jótlandi í Danmörku," segir ljóðskáldið Anna S. Björnsdóttir. „Verkið er sérstakt fyrir ýmsar sakir, meðal annars það sem það byggir á samstarfsverkefni listamanna, sem kallast Bank of International Art Money og gengur út á að nota listaverk sem gjaldmiðil."

Að sögn Önnu samanstanda verkin af glerlistaverkum, teikningum, olíu- og akrílmálverkum eftir listamenn frá fimmtán löndum, meðal annars frá Íslandi, sem eru öll 12 x 18 cm að stærð og seld á sanngjörnu verði. Flest kosta þau 27 evrur og hækka árlega um fimm evrur næstu sjö árin frá því að þau eru keypt.

„Markmiðið er að bjóða upp á list á viðráðanlegu verði," segir Anna. „Málverkið mitt kostaði til dæmis ekki nema 25 evrur sem samsvarar 2.100 krónum. Málverkin er hægt að nálgast í galleríum erlendis og einnig á heimasíðunni www.art-money.org, þar sem hægt er að fá upplýsingar um þau, panta og láta senda heim til sín."

Ekki nóg með það heldur er hægt að skila verkunum og fá önnur í staðinn fái maður leið á þeim. Anna segist hins vegar ekki geta ímyndað sér að það sé algengt, enda sé oftast um einstaklega flott listaverk að ræða, eins og sjá megi á síðunni.

*roald@frettabladid.is*




Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is




# Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

**Akureyri**
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**Áhugi á hönnun varð til þess að Þorbjörg opnaði netverslun með heimilis- og gjafavöru.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Opið allan sólarhringinn

● Nú geta andvaka unnendur fagurra heimilismuna og hönnunar glaðst því Þorbjörg Dögg Árnadóttir hefur opnað sérverslun á netinu og þar er alltaf hægt að versla.

„Það má segja að það hafi verið áhugi minn og ástríða fyrir fallegum og skemmtilega hönnuðum gripum sem varð til þess að ég ákvað að opna þessa netverslun,“ segir Þorbjörg Dögg um tilkomu www.living.is.

Um þriggja ára skeið bjó hún ásamt eiginmanni sínum í höfuðborg hönnunarinnar, Mílanó, þar sem hann lagði stund á nám í innanhúsarkitektúr og hún á hönnun. Þar urðu margir góðir gripir á vegi hennar sem hún vandi sig á að nota og þegar heim til Íslands var komið uppgötvaði hún að hún átti í vandræðum með að vera án þeirra.

Þannig kom það til að Þorbjörg sjálf fór að kaupa mikið í gegnum netið.

„Ég áttaði mig fljótlega á því að það er fremur auðvelt og skemmtilegt að versla í gegnum netið. Hins vegar er oft sá galli á gjöf Njarðar að tollar geta verið háir og eins koma til póstflutningsgjöld sem gera lokaupphæðina oft mun hærri en þá sem maður sá upphaflega á skjánum. Á living.is er verðið sem er gefið upp lokaverð. Sendingarkostnaður er enginn og þar sem verslunin er hér á landi er ég búin að borga alla tolla af vörunni,“ segir hún glöð í bragði.

Á living.is er að finna marga vöruflokka, þó fyrst og fremst smá- og gjafavöru. Einnig er þar að finna gott úrval af margs konar heimilisilmi.

„Þessar ilmolíur eru meðal þess sem ég kynntist þegar við bjuggum í Mílanó. Ég notaði þær alltaf heima hjá mér og fann svo hvað ég saknaði þeirra þegar ég kom hingað,“ segir hún og á þá við fallegar flöskur sem innihalda margs konar ilm, meðal annars musk, vanillu og annað sem fellur vel að vitum fólks.

Víst er að living.is á eftir að falla mörgum netnotendum í geð, því það er vissulega markaður fyrir netverslun hérlendis. Stór hluti þjóðarinnar situr við tölvu átta tíma á dag og flest teljum við okkur fagurkera. *mhg@frettabladid.is*

● **GAMALT LEIRTAU** Auðvelt er að blása lífi í gamalt leirtau með smá ímyndunarafli. Með nýrri prenttækni er auðveldlega hægt að prenta á leirtauið auk þess sem vel er hægt að handmála á það. Á vefsíðunni etsy.com fást þessir skemmtilegu diskar þar sem setningar og myndir hafa verið máluðar á gamalt leirtau.






# Segir sögu með gleri

● Glermunir eftir sænsku listakonuna Lottu Pettersson eru til sýnis og sölu í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4.



„Gler er ögrandi efni og erfitt að hafa stjórn á því. Þess vegna er svo gaman að glíma við það og segja sögu í gegnum það,“ segir Lotta fjörlega. Það sést líka á munum hennar að hún skemmtir sér við að búa þá til og fjölbreytnin fær fyllilega að njóta sín í litum, gegnsæi og dýpt. Sumir þeirra eru bæði skraut- og nytjahlutir, eins og glös og skálar. Aðrir eru bara listmunir, bæði skúlptúrar og veggmyndir. Lotta er sænsk en býr í Danmörku. Sýning hennar í Kirsuberjatrénu stendur til 16. júlí.



GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

LOFTKÆLIR
Er of heitt hjá þér?



-Notar vatn og klaka
-Eykur raka í lofti
-Lofthreinsir í sama tæki
Sumartilboð 14.900
ís-húsið 566 6000

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is



Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is
E.Backman auglýsingastofa

Tilbúin fyrir 1. júní?
Prófaðu Nicorette
Innsogslyf
með munnstykki





KORTER.IS
Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.
www.nicorette.is




# Þitt stærsta lán **er frelsi!**

**Íbúðalán SPRON í íslenskri og erlendri mynt einkennast af frelsi í nútíð og framtíð.**

**Valfrelsið er mikið þegar kemur að samsetningu lánanna og eru þau án þvingandi skilyrða um bankaviðskipti til allt að 40 ára eins og tíðkast annars staðar.**

FRELSIÐ ER ÞITT:

**Íbúðalán SPRON – allt í íslenskri mynt**

- ***Þú getur valið*** á milli þess að hafa allt lánið hjá SPRON eða að taka samsett lán hjá Íbúðalánasjóði og SPRON.

**Íbúðalán SPRON – allt í erlendri mynt**

- ***Þú getur valið*** á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.

**Samsett íbúðalán SPRON – erlend og íslensk mynt**

- ***Þú getur valið*** á milli myntkörfu SPRON og eigin samsetningar á myntkörfu.
- ***Þú getur valið*** hvert hlutfallið er milli íslenskrar og erlendrar myntar.

**Samsett íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs**

- ***Þú getur valið*** um að fá viðbótarlán frá SPRON á lán frá Íbúðalánasjóði í íslenskri eða erlendri mynt.

## Veldu frelsi

– fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

*75 ára* | spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is













Starfsmenn Sólsteina sjá um allt sem viðkemur borðplötunni. Byrja á að taka mál, skera svo út og koma plötunni loks fyrir á sínum stað.



Náttúrusteinn kemur oft mjög vel út í baðherbergisinnréttingum eins og þessi hér sem unninn er í Sólsteinum.



Borðplatan hefur mikið að segja um heildarútlit eldhússins.

# Ekkert er ómögulegt

Fyrirtækið Sólsteinar í Kópavogi var stofnað árið 1996 og er alhliða steinsmíðafyrirtæki. Brjánn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sólsteina, segir mikla þjónustulipurð einkenna fyrirtækið og að allt sé hægt að gera sem fólki dettur í hug.

„Við vinnum bara almennt úr náttúrusteini eins og flísar, borðplötur, legsteina, sólbekki, húsaklæðningar, minnisvarða og fleira,“ segir Brjánn og bætir því við að allir starfsmenn Sólsteina séu þaullærðir á öllum sviðum en sjálfur lærði hann steinsmíði í Englandi.

„Við erum með listamenn og fagfólk sem aðstoðar viðskiptavini við að útfæra hugmyndirnar sínar og komum til móts við óskir þeirra.“



Brjánn Guðmundsson steinsmiður er framkvæmdastjóri Sólsteina og pússar hér fallegan náttúrustein. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brjánn segir fyrirtækið alla tíð hafa lagt hvað mesta áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Við erum líklega þekktastir fyrir það enda er ekkert ógerlegt í steinsmíðinni. Við bara reddum því sem við erum beðnir um að gera,“ segir hann og bætir því við að starfsmenn sjái um alla steinsmíðina frá upphafi til enda og koma steininum fyrir á sínum stað hvort sem það er að fara með legsteina í kirkjugarða eða borðplötur í eldhús.

„Síðan er rétt að nefna að við erum með umboð fyrir Akemivörur sem eru þær fremstu á sviði hreinsunar og viðhalds á náttúrusteini,“ segir Brjánn steinsmiður í Sólsteinum.

*sigridurh@frettabladid.is*







# Ertu í framkvæmdahug?

# formaco

hefur lausnirnar fyrir þig!



**www.formaco.is**

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

formaco

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA










# Teiknar til að ná áttum

● Listamaðurinn Robert Ryan segist teikna til að ná áttum. Fyrstu teikningarnar hans voru á pappa sem settur er í hálsmál á skyrtum í pakkningum. Í dag klippir hann teikningar sínar út úr pappír. Verk hans hafa birst víða og oft á varningi frá Paul Smith.

**1. Pappírskjóll.** Útklippt listaverk eftir Robert Ryan er hér notað í fagran kjól. Myndin birtist í Vogue.

**2. Í innkaupin.** Taska úr vörulínu Pauls Smith. En hann hefur verið mjög hrifinn af verkum Roberts og notað þau mikið jafnt á fatnað sem gluggaskreytingar.

**3. Kossinn.** Ladder eða stiginn er titillinn á þessari mynd. Enda þarf pilturinn að standa í stiga til að geta kysst konuna. Skýin hanga fyrir ofan þau í keðjum..

**4. Ævintýraleg taska.** Þessi taska var hönnuð fyrir Vogue í Japan. Á töskunni eru litlar fígúrur og myndverk eftir Robert Ryan.





NÝTT




Flísabúðin kynnir
Nýtt á Íslandi!
Fljótandi hljóðeinangrun.
PCI Nanosilent®

- Auðvelt í notkun.
- 10mm lag er ca. 10 desibil
- Margar úrlausnir:

Á ójafna fleti jafnvel með sprungum svo og á álagsfleti.




Flísabúðin

• Flísabúðin hf • Stórhöfða 21 • 110 Reykjavík • Sími 545 5500 • www.flis.is



Nýj sending af glæsilegum vösum frá Arcade




**COR** / CONSETA

Þetta fjölbreytta kerfi var hannað árið 1964. Allar götur síðan hefur Conseta notið mikilla vinsælda, enda er þessi tímalausa hönnun alltaf í tísku. Conseta býður upp á endalausa möguleika og getur aðlagað sig öllum aðstæðum – enda sannkallað kamelljón.

Hönnun: Friedrich Wilhelm Moller

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið í dag frá kl. 11-16.

PIPAR • SÍA • 71292







# Persónulegt og praktískt

Það sem gerir heimili aðlaðandi er fólkið sem þar býr. Því ættu eigendur þess að leggja áherslu á persónulegan stíl.



**1. Þangið eða Algae** fæst í Saltfélaginu. Það má nota á fjölbreyttan hátt, bæði sem eins konar gardínu, skilrúm eða ljósakrónu. Sex stykki seld saman á 2.300 og 50 saman á 11.700.

**2. Litli prinsinn** er ógleymanleg saga, einkum vegna myndskreytinganna. Í Dúxíana í Ármúla fæst postulínsleirtau með myndskreytingum af þessum hugljúfa sveini.

**3. Þessi er kannski bleik** en Koziol-taskan fæst í ótal litum. Hönnuð af þeim Alessandro Mendini og Mariu Hamel, fæst í tveimur stærðum og kostar 1.490 og 2.990.

**4. Svört skál** eftir Tom Dixon sem var kosinn hönnuður ársins árið 2006 í London. Súpersmart undir ávexti, tímarit eða ekki neitt.



# Ný hjólhýsi og húsbílar.





**Hobby Van T500 GFSC**
**Verð: 5.700.000 kr.**





**Hobby Siesta 650 FLC.**
**Verð: 7.400.000 kr.**







**Challenger Mageo 108.**
**Verð: 6.500.000 kr.**



**BluCamp Sky 20**
**Verð: 5.200.000 kr.**

## Hjólhýsi frá

Sterckeman





**Elypse 542. Verð: 1.820.000 kr.**



**Starlett 410 CP. Verð: 1.400.000 kr.**



**Evolution Comfort 460 LJ.**
**Verð: 1.690.000 kr.**

BÍLexport.is

www.bilexport.is • boas@bilexport.dk
Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson s. 0049 1752711783



**Novastar 420 CP. Verð: 1.660.000 kr.**



Eitt af því sem gefur garðinum gildi er gróðurhús. Þar er alltaf gott veður.



Telpurnar Hildur Fjalarsdóttir, Anna Þorsteinsdóttir og Vera Fjalarsdóttir við gosbrunninn sem gefur frá sér seiðandi bunuhljóð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ævintýragarður við Efstasund

● Innan um laufskrúð og aðra grósku leynast víða ævintýralegir garðar. Við litum inn í einn slíkan við Efstasund.

Rótarhnyðjur og bóndabær, steinar og styttur, fjölær blóm í fjölbreyttum litum og bláar stjúpur í kerjum. Hvert sem litið er blasir eitthvað fallegt við og sniðugt, stórt eða smátt. Við þennan garð er augljóslega nostrað.

Dvergur í ríki sínu.



Bóndarósin rauða er búin að opna einn knúpp og aðrir birta fegurð sína á næstu dögum. Rétt hjá er niðurgrafinn göngustígur, lagður hvítum skeljasandi og afmarkaður með hraungrýti. „Þessi stígur var hér þegar við fluttum hingað um 1970

Bóndarósin búin að opna einn knúpp.



og valmúinn við hliðina á honum var líka kominn til að vera," segja húsráðendurnir Anna og Gísli. Flest annað hefur tekið breytingum að þeirra sögn nema hvað trén eiga lengri sögu. Þar sem kartöflugrös teygðu sig áður eftir sólinni er nú upphækkað skeifulaga beð og innan skeifunnar akkeri og skrautker fyrir fugla himins að baða sig í. Þeir hafa reyndar aðgang að enn stærri laug sem er gosbrunnur á þremur hæðum. Frá honum berst róandi vatnsniður.

Undir grenitré sem nær hálfa leið til himins hefur þrílita fjólan breitt úr sér í vor, garðeigendunum til yndisauka. Skammt þar frá eru matjurtir að potast upp og þó jarðarberin fylli kannski ekki margar sultukrukkur þetta árið munu ribsberin bæta það upp. Rabarbarinn stendur líka sína plikt. *gun@frettabladid.is*



Hér hefur Vera fundið fugl á hreiðri. Bak við hana er málverk á vegg eftir Halldór Gíslason.



Hildur hefur tyllt sér á burst og bak við hana breiðir þrílita fjólan úr sér.




Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk

Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

# PVC Gluggar • Sólhýsi Hurðir • Svalalokanir



*Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt:*
*Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem fegurð og gæði njóta sín.*



TOPLINE gluggar og hurðir



DANLINE gluggar











***Hafðu samband og við ráðleggjum þér***

**GLUGGA- OG GLERHÖLLIN**

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhöllin@glerhöllin.is • Heimasíða: www.glerhöllin.is

***Einangrunargler - Öryggisgler – Speglar***

# Hótelherbergi í vatnsröri

Austurríski arkitektúrneminn Andreas Strauss fékk þá hugmynd að útbúa hótelherbergi í risastórum vatnsrörum. Hvert rör er með tvíbreiðu rúmi, geymslurými og litlum glugga. Engin hætta er á því að herbergin rúlli af stað því rörin eru það þung að þau eiga ekki að haggast. Herbergjarörin standa í garði í borginni Ottensheim í Austurríki. Herbergin er hægt að bóka á netinu og fá gestirnir sendan kóða með pósti sem þeir nota til að opna dyrnar. Þegar gestirnir tékka sig út skilja þeir eftir greiðslu. Upphæðin fer eftir því hvað gestirnir telja sanngjarnt að greiða fyrir gistinguna. Herbergjapantanir er á vefsíðunni www.dasparkhotel.net.





Hótelherbergin þarf að panta á netinu og gestirnir fá kóða sendan heim til sín til að opna hurðina.


# Græna byltingin er hafin!




## 7 flokkar
## í sömu tunnu!

Við sækjum blöð, pappír, pappa, málma, plast, fernur og rafhlöður **heim til þín.**

Hringdu í okkur í síma **535 2510**

og pantaðu **Endurvinnslutunnuna!**

**Við spörum þér sporin og auðveldum flokkun**

**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**

*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*

Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 535 2500
gamar@gamar.is • www.gamar.is

**Sjáið kynningarmyndband á www.endurvinnslutunnan.is**

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 21.387

DAY-HOME | SÖDAHL | ETHNICRAFT | BECARA | IITTALA | HACKMAN | BRÖSTE | PEROBELL | PAUL ROBERTS | UMBRA | METTE DITMER



Brúðargjafaþjónusta

# Kæru brúðhjón!

## Við bjóðum ykkur að skrá ykkur á brúðargjafalista

Öll brúðhjón sem skrá sig á brúðargjafalista hjá Tekk-Company fá **litla gjöf við skráningu**. Nöfn þeirra fara einnig í **LUKKUKRUKKUNA** sem 5 lukkuvinningar verða dregnir úr í desember; ein 150.000 kr. og fjórar 10.000 kr. úttektir í Tekk-Company.

**Komið og skoðið úrvalið af gæðahúsgögnum og smávöru og fáið ráðleggingar hjá stílistum Tekk-Company.**

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

# Fljúgum hærra !



SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%.**

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

Himinn og haf / SÍA - 9070541

**SPRON Verðbréf**
**Peningamarkaðssjóður SPRON**
**15,3% ávöxtun***



Glitnir
Sjóður 9
14,7% ávöxtun*

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
14,2% ávöxtun*

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
14,0% ávöxtun*

75 ára | spron VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31.ágúst 2006 til 31.maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.
Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.

**Umhverfisprýði ehf**

25 ára reynsla
- Hellulagnir
- Veggleðslur
- Sólpallar
- Túnþökulagnir
- Jarðvegsvinna

520 1220
prydi@umhverfisprydi.is
www.umhverfisprydi.is

**Sælugarðar ehf** - allt fyrir garðinn
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallar

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu í garðinn eða sumarbústaðinn!
Steini, s:663 6666



### Sláttuvélamarkaðurinn
Traktor 20hpBriggs & Stratton, vökvaskiptur, sláttubreidd 107 cm. Vortilboð: 269.900kr. Sláttuvélamarkaðurinn Vagnhöfða 8, Rvk. S. 517 2010.

### Garðyrkja
Úðun, klipping, mold, sláttur, felli tré og önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Felli tré, klippingar, kantskurður, sláttur, mold og sandur. Öll helstu garðverk. Garðaþjónusta H.G. sími 699 8509.

### Blómstrandi garðar
Fellum tré, klippum og sinnum öðrum garðverkum. Garðsláttur og garðúðun. Þið hringið og við komum. Gerum tilboð. S. 695 5521.

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416, Eiríkur.

Tökum að okkur garðslátt og garðvinnu. Fáðu tilboð í síma 821 6129.

Tökum að okkur hellulagnir, skjót og góð þjónusta. SS hellulagnir. S. 691 8907.

Ódýr garðsláttur í sumar. Verð frá aðeins 5000 krónur hvert skipti. Sími: 847-5883

## Málarar

**Íslandsmálun**
Þakmálun!!
Húseigendur - Húsfélög
Þarf að fara að huga að viðhaldi á þakinu?
Málarameistari sem sérhæfir sig í þakviðgerðum og þakmálun getur bætt við sig verkefnum.
Hef mikla reynslu og þekkingu.
Vinnum einnig alla almenna málningarvinnu.
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.
ÍSLANDSMÁLUN EHF.
Upplýsingar í síma:
899 2008, Grétar og 891 6999 Einar.

**Láttu málarameistarann um málið**
Ágæti húseigandi, láttu ekki blekkjast af fögrum fyrirheitum, athugaðu hvort þinn málari sé ábyrgur og með skírteini frá Málarameistarafélaginu það gæti borgað sig
malarar.is

**ÞAKMÁLUN**
www.thakmalun.is
Áratuga ending
10 Ára ábyrgð.
Öll almenn þakvinna!
Þakklæðningar
Þakviðgerðir
Almenn húsamálun
844-1011 / 697-3592

Málarar geta bætt við sig verkefnum, úti og inni, sandspörtslun. Föst verð og tímavinna. S. 693 2625, Sigurður & 897 2945, Kristmundur. List-verk.

## Meindýraeyðing

### Garðúðun meindýraeyðir ehf.
Úða garða, öll almenn meindýraeyðing og illgresiseyðing. Eyði könguló af húsum, geitungabúum og starrafló. Með leyfi frá Umhverfisstofu. Sigurður Ingi Sveinbjörnsson, s. 567 6090 & 897 5206.

## Búslóðaflutningar

### Ertu að flytja austur á land?
Við flytjum búslóðina fyrir þig. Sendibílaþjónusta Austurlands sími 899 0959 daguri@simnet.is

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóða flutn., píanó flutn. og allir almennir flutn. Aukamaður ef óskað er. MJ flutningar. S. 692 7078 & 616 1108.

### Flutningar
Bústlóðar fluttningar um kvöld og helgar. Hreinsum einnig úr görðum. Uppl. í s. 615 0015.

## Húsaviðhald

Flöt þök nýlagnir, viðgerðir og viðhald. 40 ára reynsla Hamraborg ehf. í s. 896 4947.

Húseigendur, Húsfélög Ath. Múrarameistari sérhæfður í sprungu og tröppuviðgerðum er að bóka sumarið. Vönduð vinna. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

Tek að mér að bera á sólpalla, sumarbústaði og annað tréverk. Uppl. gefur Helgi í s. 694 1039.

Íslenskir verktakar ehf.
Byggjum, Breytum & Bætum
698 6491
898 0280

**Tökum að okkur, utanhússklæðningar, þakskipti, sólpallasmíði. Gerum föst tilboð með eða án efnis ef óskað er.**
**Norðquist ehf. Sími 897 5063.**

### Húsaviðhald!
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

### Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

### Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

Tökum að okkur og gerum föst tilboð ef óskað er: Sólpallasmíði, þakskipti, utanhússklæðningar og allt almennt húsaviðhald. Norðquist ehf. Sími 897 5063 netfang mikligardur@simnet.is

Ertu að gera við húsið ? Hreinsun með votsandblæstri gefur 100% árangur. Föst tilboð eða fermetraverð. Bergá sandblástur ehf. S. 896 6758.

### Parket og smíðar
Gluggaskipti, sólpallasmíði, parketlagnir, stlípun og allt húsaviðhald. Uppl. í s. 896 9819.

## Nudd

Massage. Tel. 862 0283.

## Spádómar




www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800




### Stína Lóa Spámiðill
Tarrot og draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál. Sími 908 2008 - 299 kr/mín hjá Símanum. Geymið þessa auglýsingu.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa í beinu samb. Símaspá, draumaráðningar, fjarheilun. 199.9 mín. Visa/MC 170 mín. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

### Spádómar
Spái í spil, les í lófa. Uppl. í s. 562 5210.

# HEILSA

## Heilsuvörur

**LR-Henning kúrinn er fljótvirk og bragðgóð leið til að losna við aukakílóin.**
**Ekki bíða lengur með að taka fyrsta skrefið í átt að léttara lífi.**



**Hafðu samband á lr-henning@internet.is og ég sendi þér allar upplýsingar.**

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

LR Henning kúrinn! Ekkert mál! Rúmur mánaðarskammtur 19.980. Vala s: 847-4704

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Nudd nudd nudd. S. 659 9420.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SCHOOL OF ICELANDIC**

### INTENSIVE ICELANDIC- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA
4 vik má-fös 18-19:30 að byrja 2/7 og 24/9, Ármúla 5. S. 588 1160/ff@icetrans.is

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Við erum að flytja frá Íslandi og viljum selja búslóðina okkar. T.d. Ísskápinn, uppþvottav. og fl. Uppl. í s. 659 9099.

Rúm 120x2, leðursófi, hvít kommoða, antik borð, örbylgjuofn. S. 820 7438.

Til sölu 8 borðstofustólar úr gegnheilum við. Fæst fyrir gott verð. Uppl. í s. 693 6916.

Tveir Lazyboy stólar, 5 þ. kr hvor og ódýrt gamalt sófasett, vel með farið. S. 867 7367.

## Heimilistæki

Frystiskápur eða Frystikista óskast Auðunn sími 8994504 og 5652770

## Dýrahald



Veiði og fjölskylduhundar í sérflokki. Ungverskar vizslur leita að nýju heimili um miðjan júlí. Ættbók frá HRFÍ, bólsettir og örmerktir. Áhugasamir hafið samband í síma 844 0548 eða á vizsla.blog.is

**2 sama verði og 1**
**Eukanuba maintenance Large 2x15 kg, 6.650.-**

**Eukanuba Puppy Jr. Large 2x15kg, 7.650.-**

**Annað hunda og kattafóður frá Eukanuba og Iams með 30% afslætti í júní.**
**Dýraland, Mjódd. S. 587 0711**

**Dýraland, Kringlan. S. 588 0711**

**Dýraland, Spöng. S. 587 0744**



5 Labrador strákar til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir til afh. um miðjan júlí. Uppl. í s. 895 1038 & 471 3838 á kvöldin.



Gordon Setter hvolpar úr þekktustu veiðilínum Noregs og Danmerkur með ættbók frá HRFÍ, góðir heimilishundar. Tilbúnir til afhendingar. Áhugasamir hafið samband í síma 895 7263.



**Til sölu átta glæsilegir labrador hvolpar. Sex tíkur og tveir rakkar.**
**Foreldrar eru Black Jack AusLühlsbusch og Skaftár Dögg. Hvolparnir verða afhentir með ættbók frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Verða til afhendingar fyrstu vikuna í ágúst.**
**Uppl. í s. 845 3824 & 895 2318.**

**Járnhundabúr - allar stærðir**

**Dýrabær Smáralind www.dyrabaer.is**

2 chiuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 483 4694, 893 4694 & 868 6428.

3 gæfir kettlingar fást gefins. Kassavanir. Uppl 557 1595 og 616 7983

2 læður og 1 högni fást gefins vegna fluttninga. Gullfallegir fjörkálfar. Ekki fyrir slöngueigendur! S. 857 2406.

Til sölu hreinræktaðir Rottweiller hvolpar með ættbók. Pabbinn innfl. frá Usa. Álftanes-tara margverðl. tík, nýtt blóð, fyrsta got. Verð 200 þús. 4 tíkur og einn rakki. Tilbúnir til afh. 25 júlí. Uppl. í s 869 5792, Ásgeir.

Til sölu litlir og loðnir Chihuahua hvolpar m/ættbók frá Íshundum. S. 858 7747.

Tvo ketti vantar nýtt heimili vegna ofnæmis. Hreinræktaður síamsfress og síamsblönduð læða. Bæði eru geld, bólusett og eyrnamerkt. Geta bæði verið inni- og útikettir. Frábærar kisur! Uppl. í s. 866 2901.

4 ára Stóra Dan tík vantar gott framtíðarheimili. Blíð og góð, vön börnum og hundum í öllum stærðum. Húsvön og fyrirferðarlítil. Uppl. í s. 898 8567.

Innfluttur Risa Schnauzer rakki, margfaldur meistari vantar góðan umsjónaraðila til að taka hann á fóðursamning. Uppl. í s. 898 8567.

Chihuahua hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar. Bólusettir, örmerktir og með ættbók. Hafið samband í s. 698 9046.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## TIL SÖLU

**GRANÍT HÚSIÐ**
www.granithusid.is
S: 544 5100
Granítborðplötur
granítflísar
handlaugar
Helluhraun 2 - Hafnarfjörður

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

32 ára kk, reyklaus í leit að vinnu f.hd. Höfuðb.sv frá kl. 7/8 til 13 Uppl. í s. 691 9773. Menntun og meðmæli.

## Viðskiptatækifæri



**Heildverslun óskar eftir Sölufólki**
Óska eftir reynslumiklum sölufólki í heildverslun til að sjá um sölu á vönduðum undirfatnaði, sokkabuxum, sundfatnaði o.fl. Umsókn send á mail. ice-fashion@simnet.is Sími 845 7869

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**Breiðavíkursamtökin**
Almennur fundur verður haldin í safnaðarheimili Laugarneskirkju, sunnudaginn 1. júlí kl 20.

## Tilkynningar



**Elsku Alda !**
Til hamingju með útskriftina! Hér með óskum við eftir knúsum og þukli handa þér í kvöld án þess að fara út í nokkur smáatriði en með það í huga að við erum að fara yfir strikið!
Þínar uppáhalds frænkur og sjóræninginn Hóhóhó and a bottle of rom!!!

## Ýmislegt

Uppskriftir



matseld.is
Matseld.is



Hin áður uppselda og klassíska metsölubók Að hætti Sigga Hall er aftur fáanleg og fæst aðeins í Fígúru, Skólavörðustíg 22a á aðeins 1490kr

## Einkamál

Óska eftir konu á aldrinum 50-65 ára til dvalar í sumar- bústað að Flúðum vikuna 3.-10. ágúst. Uppl. í s. 892 9512

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Til sölu 38" dekk og 16,5", fimm gata felgur. Dekkin eru lítið slitin. Passa undir Ford og Lincoln. Verð kr. 100 þús. saman. Uppl. í síma 897 1036.

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



## FASTEIGNIR





**Opið hús á sunnudag milli kl. 14-16**

**EFSTI-DALUR 801 SELF.**

49,5 fm heilsárshús, m/ góðum palli, gufubaði og nuddpotti. Frábær staðsetning, ríflega klst. akstur frá höfuðborgarsvæði. Lóð í brekku, m/ miklum trjágróðri og útsýni. Innbú fylgir. **VERÐ 16,0 millj.**

***Auður og Sæmundur taka á móti þér og þínum með heitt á könnunni milli kl. 14 og 16 sunnudag. Keyrt að Laugarvatni og þaðan áfram ca 12 km, beygt inn hjá skilti sem á stendur Efsti-Dalur/Efsta-Dals skógur. Bústaðurinn stendur uppi í hlíðinni og er nr. 36.***

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000

Frum

---

Hafnargötu 20 • 230 Keflavík
Sími 421 1700 • es.is

Eignamiðlun Suðurnesja
*Sigurður V. Ragnarsson, löggiltur fasteignasali*

**Flúðir - Heiðarbyggð - tilbúið til afhendingar**







**Þverlág 1 - Flúðum** Glæsilegt 75 fm nýtt orlofshús, tilbúið til afhendingar. Húsið er fullfrágengið með glæsilegri 200 fm verönd kringum húsið. Húsið skiptist í þrjú svefnh., stofu, eldhúskrók, baðh., forstofu og geymslu. Parket og flísar á gólfum, innréttingar og fataskápar úr eik. Heitur pottur á verönd (hitaveita). Tveir golfvellir í nágrenninu. Húsið er fullfrágengið og tilbúið til afhendingar strax.

**Verð 22.500.000.-**

***Nánari upplýsingar veitir Sigurður hjá Eignamiðlun***

Frum

## ATVINNA

GT
Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
Veffang gtverktakar@gtverktakar.is - www.gtverktakar.is

# Bílstjórar

Okkur vantar strax bílstjóra á krókheysisbíla til starfa. Boðið er upp á gott starfsumhverfi og ný tæki. Mikil vinna framundan.

**Uppl. í síma 896 38 01 einnig er hægt að sækja um á heimsíðu félagsins www.gtverktakar.is**

---

GT
Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
Veffang gtverktakar@gtverktakar.is - www.gtverktakar.is

# Vélamenn

Vegna aukinna verkefna vantar Vélamenn til starfa strax. Góð laun í boði fyrir rétta menn.

Upplýsingar í síma 896 38 06 einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.gtverktakar.is

---

OPERATORA KOPARKI zatrudni firma Klæðning ehf.
Wysoka pensja, pelne wyzywienie, dobre warunki pracy.
Informacja w jezyku polskim 6647038, dariusz@klaedning.is

Klæðning ehf.
www.klaedning.is

---

ÁSBERG ehf. verktakar

## Bílstjóri óskast á 4 öxla bíl.

Vélamenn óskast á beltagröfur.
Vélamenn óskast á ýmsar smávélar.
Mikil vinna í boði.

Uppl í síma:
894-2089 Halli eða 892-0419 Markús.

---

## Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar

Auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra Grunnskólans í Sandgerði lausa til umsóknar til samræmis við 5. gr. laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla nr. 72/1996.

Um er að ræða fullt starf.

Umsóknarfrestur er til 27. júlí n.k.

Upplýsingar um starfið veitir skólastjóri Fanney D. Halldórsdóttir í síma 420-7500, i-mail fanney@sandgerdi.is

**Bæjarstjóri Sandgerðisbæjar.**

## TIL LEIGU

## Landgræðslulóðir til leigu

Landgræðsla ríkisins auglýsir til leigu 24 landgræðslulóðir úr landi Reyðarvatns og Geitasands, Rangárþingi ytra.

Um er að ræða stórar lóðir 4,6 - 8,3 ha að stærð og verða þær einungis leigðar til landgræðslu og skógræktar, þó er heimilt að byggja frístundahús í samræmi við deiliskipulag sem unnið hefur verið af svæðinu.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Landgræðslu ríkisins www.land.is í síma 488 3000 eða á skrifstofu Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti.

Skriflegar umsóknir um landgræðslulóðirnar skal senda **í síðasta lagi 17. júlí n.k. til Landgræðslu ríkisins, vt. Arna Björk Þorsteinsdóttir, Gunnarsholti, 851 Hella.**

Landgræðsla ríkisins

---

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# Yfir 150.000 gestir daglega.

# Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## TILKYNNINGAR

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar og bæjarráðs Kópavogsbæjar á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:**

**Hlaðbrekka 20. Deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 24. apríl 2007 tillögu að deiliskipulagi við Hlaðbrekku 20. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. júní 2007.

**Kársnesbraut 102. Deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 24. apríl 2007 tillögu að deiliskipulagi við Kársnesbraut 102. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. júní 2007.

**Fróðaþing 15. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. maí 2007 tillögu að deiliskipulagi við Fróðaþing 15. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. júní 2007.

**Dalaþing 1. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. maí 2007 tillögu að deiliskipulagi við Dalaþing 1. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. júní 2007.

**Aflakór 5-7. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. maí 2007 tillögu að deiliskipulagi við Aflakór 5-7. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. júní 2007.

**Hólmaþing 12. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 18. maí 2007 tillögu að deiliskipulagi við Hólmaþing 12. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 28. júní 2007.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**


Hún er eiginlega spenntari en ég.
HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST
VERÐ FRÁ
2.368 KR.
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
enski boltinn



Ferðalagið
+ 33% pakki
59 KR.
Maryland
3 saman
69 KR.
Svali
15 pylsu tröllapakki
SS stórpakkning
15 SS pylsur
679 KR.
STÓRPAKKNING
Gott á grillið!
5 pylsubrauð
69 KR.
Sjáðu verðið!
1 lítri!
98 KR.
Trópí
Homeblest + 50%
98 KR.
300g
HOMEBLEST
+50%
Meira magn - Betra verð
EKKERT BRUDL
BÓNUS


byrjar í Bónus
EKKERT BRUDL
Klár á grillið eða í salatið!
Kjúklingur kaldur
Grillaður kjúklingur HEILT KÍLÓ!
489 KR.
kaldur og klár
Grillaður heill og kaldur HOLTA kjúklingur
Nautaat
10x 120g hamborgarar
998 KR.
Frosnir og fínir í ferðina
Nautaats grillborgarar 120g x 10
Innflutt úrvals ungnautahakk
85% ungnautahakk/15% prótín og vatn
Holta-kjúklingur
Holtalæri/-leggir
kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
40% afsláttur
við kassann
Ferskir bitar
Bónus býður betur!
4 XL Bónus hamborgarabrauð
79 KR.
Garðsalat
198 KR.
200g
Bónusfeti framleiddur af Mjólku- Finndu bragðið!
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
Feti
Ali
SVÍNAKJÖT
Svínakótelettur ALI grill
KÍLÓVERÐ NÚ:
1171 KR.
Merkt verð 1673KR.
best á grillið
30% afsláttur
við kassann
ALI grillkryddaðar svínakótelettur
www.bonus.is
BÓNUS



**SKÓGRÆKT** Þessi unga stúlka vinnur í skógræktarstöðinni á Sólheimum sem heitir Ölur. Í skógræktarstöðinni er meðal annars búið að koma upp safni þar sem eru tré sem sum hver vaxa alla jafna ekki á Íslandi.



**SNERT HÖRPU MÍNA** Guðmundur Ármann Pétursson framkvæmdastjóri mundar sig við slaghörpu sem íbúar á Sólheimum hafa útbúið. Þar má líka finna gríðarstórar vindhörpur.

# Sólardagur á Sólheimum

Þegar vel viðrar eru Sólheimar í Grímsnesi sannkallaður sælureitur. *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari brá sér austur fyrir fjall í blíðskaparveðri.



**REYNIR Í GRÓÐURHÚSINU** Göngugarpurinn Reynir Pétur Ingvarsson er stoltur af paprikunum í lífrænu garðyrkjustöðinni á Sólheimum.



**VISTVÆN KERTI** Á Sólheimum má finna alls kyns varning sem framleiddur er á vistvænan hátt, til dæmis kerti.



**SÓLHEIMAR** Rösklega hundrað íbúar búa á Sólheimum og ríflega 30 þúsund manns heimsækja staðinn árlega.



**Í JURTAGARÐINUM** Lóa í garðyrkjustöðinni hlúir að lífrænum tómötum sem eiga eftir að þroskast og ná eldrauðum lit.



**JURTASTOFAN** Í jurtastofu Sólheima eru unnar sápur og snyrtivörur úr íslenskum jurtum.



Stórt blómstrandi
**Gullregn**
**1499**



Dalía 3 stk **999**

# Stórlækkað verð á garðplöntum

**Fimmtudag - sunnudags**





**Petúníur**
**99**
kr stk

allt að **60%** afsláttur

Flauelsblóm 10 stk **499**

## Trjáplöntur

*Frábær tilboð*

| | |
|---|---|
| Blátoppar, *3 stk* | 999 |
| Gullregn | 1499 |
| Birkikvistur, *3 stk* | 999 |
| Gljámispill, *3 stk* | 999 |
| Allar garðrósir, *m.a. Hansarós, Dornrós og Home and Garden* | 799 |
| Birki, *30-50 sm* | 299 |
| Aspir, *70-100 sm* | 599 |
| Himalayaeinir, | 999 |
| Íslenskur einir, *(Repanda)* | 999 |
| Allar fjölærar plöntur | 30% afsl. |



**Sólboði**
*4 stk*
**1199**

Soldis
Silkitré & silkiblóm
*Ný sending af sumarblómum*

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



**12 ÁRA STYRJÖLD** Jón Sæmundur segir að sterk trú á á lífið og sjálfan sig hjálpi mikið í barátunni við HIV-vírusinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Rokk & ról hjarta

Listamaðurinn **Jón Sæmundur Auðarsson**, oft þekktur sem Nonni Dead, hefur selt verslunina Liborius og er í þann veginn að opna nýja Dead-verslun við hliðina á stúdíóinu sínu á Laugaveginum. *Anna Margrét Björnsson* spjallaði við hann snemma á sólríkum morgni um nýja Dead-búð, tónlistarútgáfuna Dead Records og það mikilvægasta í lífinu, börnin.

Jón Sæmundur Auðarsson drekkur heljarinnar ósköp af tei. Hann tekur af mér pappabollann af English Breakfast (með mikilli mjólk) og hellir úr honum í tómt bjórglas sem stendur á borðinu. Allt í kring eru verkfæri, uppstoppaðir fuglar og vínglas fyllt óþekktum gróðri sem er eins og beint út úr Tim Burton mynd. Ég spyr hann hvað hann sé að rækta og kíki uggandi ofan í glasið. „Reykelsi,“ svarar hann og hlær að mér því að glasið inniheldur einungis kirkjugarð af útbrunnum reykelsum ofan á gömlum telaufum. Ég er stödd í vinnustofu Nonna „Dead“ í bakhúsi á Laugaveginum en þar er hann í óða önn að ljúka við uppsetningu á nýrri Dead-búð. Ég minnist á hvað hann er kominn snemma á fætur enda er klukkan rétt að skríða í áttina að níu þrátt fyrir að júnísólin sé komin hátt á loft. „Ég fór ekkert að sofa,“ útskýrir hann. „ Ég svaf í gær.“ Jón lýtur sumsé ekki lögmálum svefns frekar en nokkurs annars.

Fyrir skömmu seldi Jón Sæmundur verslunina Liborius sem hann opnaði síðastliðið sumar á Mýrargötunni. „Með Liborius fékk ég áhuga á fínni hönnun og vel gerðum flíkum og fór að skoða handbragð eins og til dæmis fatnað frá Japan sem er engu líkur. Ég er fæddur í tvíburamerkinu og hef áhuga á mörgu en er líka fljótur að missa áhugann. Liborius var bara of mikil vinna, of mikil viðskipti, og of mikil áhætta. Ég hafði lítinn tíma fyrir sköpunarferlið og þurfti að einblína á viðskiptahliðina. Ég held líka að ég hafi verið fimm ár á undan samtímanum þegar ég valdi staðsetninguna á Mýrargötu. Framkvæmdum á skipulagi var frestað og þá hugsaði ég, nú var ég of fljótur á mér.“

Nú er Liborius komin í annarra hendur og flutt á Laugaveginn og Jón er sáttur við það. „Áherslurnar eru aðrar en þetta er verulega fín búð hjá þeim. Hún selur flott merki eins og til dæmis Dior Homme sem ég keypti inn í París áður en ég seldi. Í öllu þessu ferli fann ég þó að hjarta mitt slær með mínu merki, Dead. Það er svo samtvinnað hverri einustu frumu í líkamanum á mér. Þess vegna langar mig að víkka það út í alls konar áttir. Merkið hefur þroskast með mér og hefur notið mikilla vinsælda bæði hér og á erlendri grund. Ég er líka með Dead-skrifstofu í New York og er núna að vinna í því að koma fötunum í sölu í hinum ýmsu búðum þar úti. Það er einhver galdur við þetta merki. En það er líka ekkert skrítið. Hver flík er hluti af mér í orðsins fyllstu merkingu.“

Jón útskýrir að hauskúpu-lógóið verði áfram til staðar en að hauskúpan sjálf verði minna áberandi á fötunum heldur verður meira um önnur mótíf. „Í rauninni endurspeglar Dead allt það sem ég er að pæla í þá stundina. Akkúrat núna er ég mikið að horfa í gegnum smásjá og velti fyrir mér hinu smæsta í hinu stærsta. Ég hef farið í gegnum alls kyns bylgjur með Dead eins og til dæmis látna listamenn, uppstoppuð dýr og mynstur ýmiss konar og ég get lofað skemmtilegri útkomu nú á næstunni.“



**→ Í HNOTSKURN**

**Besta fjölskyldustundin?**
**Að hjóla með fjölskyldunni. Við hjólum stundum um hverfið, krökkunum finnst það mikið sport.**

**Uppáhaldsstaður á Íslandi?**
**Þingvellir, stutt og þjóðlegt – ein nótt í tjaldi.**

**Heilræði sem þú vilt deila?**
**Eins og afi minn kenndi mér, að taka lýsi daglega alla þá mánuði sem eru með R í nafninu.**

## Ekkert gróðabrall

Aðaláherslan í versluninni virðist þó liggja í tengingu rokks og róls, tísku og listar. „Ég hafði mest gaman af Dead þegar það var í rokkinu. Ég er náttúrulega rokkari og á að gera rokk. Hvort sem það er í myndlist eða bolum. Nonnabúð er búin, hún var barn síns tíma. Nonni er dauður og Johnny Dead upprisinn,“ segir hann og skellihlær. „Núna er ég kominn svo djúpt á kaf í rokkið að ég er byrjaður að gefa út.“

> Það er einhver galdur við þetta merki. En það er líka ekkert skrítið. Hver flík er hluti af mér í orðsins fyllstu merkingu.

Jón er þar að vísa til tónlistarútgáfunnar Dead Records sem hann hefur sett á fót ásamt Ara Eldon. „Dead Records er stofnað sem rökrétt framhald af Dead-merkinu. Eina markmiðið er að vinna eða framleiða góða tónlist og gefa hana sjálfstætt út sem söluvöru í Dead-búðinni og annars staðar. Meiningin er að láta reyna á þá trú að við höfum allt sem til þarf til þess að gera góðar og eigulegar plötur án þess að leggja út í risakostnað og að slíkar plötur þurfi síðan ekki að selja á okurverði. „Fyrsta platan er með hljómsveit sem heitir See You in Hell með Ara Eldon í fararbroddi. Nú hef ég fullkomið frelsi líka til að plötuhönnunin líti út eins og ég vil. Þetta er sumsé diskur númer eitt og vonandi förum við upp í... tja fimm þúsund eða meira. Þetta er ekki aðeins tónlistartengt heldur vil ég líka að þetta nái inn í myndlistina og þá erum við opnir fyrir hverju sem er eins og til dæmis hljóðverkum eða gjörningum ýmiss konar. Þetta er hannað sem mínídiskur sem þú getur einfaldlega stungið í vasann.“

Dead-fötin hafa ekki síst verið vinsæl hjá erlendum ferðamönnum og rokkurum, en flest af því fræga fólki sem heimsækir landið fer heim með ferðatöskur fullar af Dead-bolum. Ég velti fyrir mér hvort útlendingar séu að kaupa sig inn í einhverja ímynd 101 Reykjavíkur og rokk-andann sem umlykur Jón Sæmund? „Jú, jú ég er náttúrlega bara að selja hlutabréf! Nei, ég veit það ekki. Þeim fannst alltaf gaman að kíkja á vinnustofuna og hitta mig og fólk fékk mig meira að segja til að árita bolina. Núna er búðin beint við hliðina á vinnustofunni og er í raun eins og líffræðilegur hluti af sjálfum mér. Ég lít á stúdíóið sem hjartað og heilann og búðin frammi er svo útungunarstöðin. Þegar mér dettur eitthvað í hug þá verður það komið í búðina daginn eftir. Svo tók ég líka með mér nokkur merki úr Liborius eins og April 77 sem er mjög mikil rokkabilly-lína, og Pleasure Principle þar sem er notast mikið við silkiprent og laser-skurð.“

Jón Sæmundur verður svo íbygginn á svip og segir að Dead-konseptið eigi eftir að teygja anga sína í allar áttir á næstunni. „Þetta endar örugglega með því að ég stofna flugfélag. Svartar vélar. Dead-Airways. Hvernig hljómar það? Those who fear flying...“

## Fjölskyldan er líka fyrirtæki

Dead-verslunin opnar í næstu viku og er mjög hrá og rokkuð útlits, nánast eins og vinnustofa listamanns. „Það er lítið svið í búðinni fyrir tónleika. Eins erum við með portið hérna úti fyrir þar sem er alger hitapottur á sumrin og erum komnir með vilyrði fyrir útimarkaði og fleira. Búðin verður mikið rokk, því get ég lofað. En það verður mjög mikið um dulúð og ævintýri líka. Svona vinnustofufílingur sem skríður fram í búðina“.

Ég spyr hvort hann máli ennþá eða hvort tími hans fari allur í fötin. „Ég hef alltaf samtengt listina og fötin. En ég er líka byrjaður að grípa aftur í pensilinn og ætla að gefa mér meiri tíma í það núna. Það eru þrjú ár síðan ég var með sýningu og ég held að það sé gott að vera með sýningu á nokkurra ára fresti. Þetta CV-brölt á listamönnum sem finnst þeir þurfa að sýna endalaust er ekki minn tebolli. Ég kynni mig alltaf sem myndlistarmann og leiðrétti fólk þegar það kallar mig fatahönnuð. Ég er enginn fatahönnuður, ég er miklu meiri grafíker og er mjög hrifinn af grafík hvort sem hún er tvívíð eða þrívíð. Svo langar mig að fara að kenna unga fólkinu að silkiþrykkja. Ég verð með til sölu lítil silkiþrykksett þannig að þú getur búið bara til bolina þína inni á baði. Ég er vonandi búinn að hvetja fólk til þess að prenta á föt og nú getur það prófað sig áfram sjálft, það veitir ekkert af því að unga fólkið fái að tjá sig. Handverk er líka eitthvað sem er vanmetið í dag. Það hefur jákvæð áhrif á unga krakka að gera eitthvað skapandi. Hver veit svo nema það komi einhver fatahönnuður út úr þessu!“ Jón Sæmundur segist líka vera afskaplega hrifinn af klassískum fötum og er vandlátur á snið. „Ég verð því líka með fremur klassíska jakka og vesti sem ég hanna og eru úr kanvas, sem er skemmtileg tenging við myndlistina. Rokk er nefnilega líka ákveðin klassík. Það koma hinar og þessar bylgjur í tónlistinni en rokkið er eilíft.“

Jón Sæmundur segist vera feginn að geta eytt meiri tíma nú með fjölskyldunni. Hann á fimm börn, en þar af búa þrjú hjá honum og Sigríði Ástu konu hans, og yngstir eru tvíburarnir sem eru þriggja og hálfs árs. „Nú hef ég mun meiri tíma fyrir krílin mín. Ég lít á fjölskylduna sem „hitt fyrirtækið mitt“ og því verður að sinna alveg til jafns hinu. Ég reyni að vera vakandi alltaf á úlfatímanum. Listamenn tala oft um að fjölskyldulífið fari ekki saman við listina, út af ferlinum. Fásinna segi ég bara. Það er vel hægt að sinna þessu öllu saman, ef viljinn er fyrir hendi. Það gefur líka bara krökkunum ákveðinn þroska. Það er ekkert í lífinu eins gott og að eiga börn. Hins vegar er fimm ára passa reglan hérna við hurðina“. Ég hvái en hann útskýrir hlæjandi, „Allir verða að mæta með fimm ára passann. Þriggja og hálfs mega bara vera í fylgd með fullorðnum.“

Uppspretta Dead-merkisins var eins og kunnugt er HIV-vírusinn sem Jón Sæmundur smitaðist af fyrir meira en áratug og hann segir hann alltaf vera hluta af sér og sinni myndlist. „En heilsan er bara góð. Það hafa allir herforingjar háð sínar orrustur í mislöngum stríðum. Ég er búinn að vera í tólf ára styrjöld og er ennþá að. Þetta byggist bara á herkænsku og maður lærir smám saman á óvininn.“ Svo brosir hann dularfullu brosi. „ En þessi orrusta fer náttúrlega bara á einn veg. Ég hef gífurlega sterka trú á sjálfan mig og á lífið. Þegar ég ákveð eitthvað þá gerist það.“



# *Hvað býr að baki meistaraverki Da Vincis?*

## *Leynda kvöldmáltíðin*

eftir Spánverjann Javier Sierra hefur farið sigurför um heiminn og kemur nú út á íslensku. Þetta er frumútgáfa, í kilju.

Æsispennandi saga um ráðgátur, kukl og morð í myrku umhverfi miðalda.

*„Margbrotin, eftirminnileg og svo miklu meira en venjuleg spennusaga.“*
– Books Quarterly

*„Leynda kvöldmáltíðin er heillandi saga og afar vel sögð.“*
– San Francisco Chronicle

*„Mögnuð og mjög vel skrifuð spennusaga.“*
– Sunday Telegraph




Metsölubók fyrir þá sem kunnu að meta
*Nafn rósarinnar og Skugga vindsins.*

Edda
edda.is



## HLJÓÐFÆRI HUGANS
**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

**Kann það verða**
Kann það verða stundum, að einfaldleikinum og þeirri gæsku, er þar fylgir, grandar ónenning og auvirðskapur. Mælti af því Drottinn vor það við postulana, að þeir skyldi vera hyggnir eða hvassir sem höggormar, að hyggjandin og hvassleikurinn skal hvessa einfaldleikinn til nenningarinnar, en einfaldleikurinn og gæskan skal stilla hyggjandinni, að hún snúist eigi til slægðar eða til svika.
Íslensk hómilíubók (frá 12. öld)

**Fundust heil á höldnu!! –**
segir í fyrirsögn í Blaðinu 12. júní, og nú blöskrar mér vankunnátta blaðamanna. Má bjóða lesendum hvað sem er? Er málfarsábyrgð íslenskra blaða engin? Má endalaust níðast á íslenskri tungu? Hér er augljóslega ruglað saman tveimur orðtökum: **að komast heilu og höldnu** og **vera heill á húfi** (og má skjóta því inn að húfur merkir hlið skips, skipsbógur). Ég leyfi mér að benda þessum blaðamanni (og öðrum) á bókina **Mergur málsins**, íslensk orðatiltæki, eftir **Jón G. Friðjónsson** prófessor. Hún ætti að vera skyldulesning allra blaðamanna og liggja jafnan opin á borðum þeirra.

**„Fleiri hundruð barna**
hefur verið **smyglað** inn í Bretland...“ segir í Blaðinu daginn eftir, og ekki batnar málfarið. Hundruð smyglað? Þarf að minna blaðamenn á að so. smygla tekur með sér þágufall?

**Hvað varðar, hvað varðar**
Og enn birtir Blaðið ömurlegan texta 13. júní: „Flugfélagið var á fyrsta ársfjórðungi þessa árs með allra verstu flugfélögum álfunnar **hvað** stundvísi **varðar** en félagið hefur lengi verið við botninn **hvað** þetta **varðar**. Stendur félagið sig dapurlega bæði **hvað varðar** brottfarir og lendingar. Mælist það annað óstundvísasta **hvað** lendingar **áhrærir** en heldur sér (sic) í meðaltali **hvað varðar** brottfarir á réttum tíma. Á hinn bóginn eru stærri flugfélögin öllu verri **hvað varðar** að farangurinn skili sér á réttan stað...“ Þarf að minna þennan blaðamann á að notkun forsetninga tíðkast enn í íslensku?

**Ég skora á alla sem vilja vanda málfar sitt að forðast algerlega varðandi, hvað varðar, hvað snertir. Það er ljótt stofnanamál og með öllu óþarft. Notið heldur góðar og gildar og einfaldar forsetningar: um, í, fyrir o.s.frv.**

**Hvorki – eða??**
„Niðurstaða hennar er að bygging Kárahnjúkavirkjunar hafi **hvorki** verið rétt **eða** skynsamleg...“ segir í Mbl. 14. júní, og er rangt mál. Í íslensku er sagt **hvorki – né** en **annaðhvort – eða**.

**Braghenda**
Vinur minn Þorsteinn frá Hamri færir mér braghendu frá Ítalíu. Þar sá hann fangelsi skammt frá Markúsartorginu í Feneyjum, þar sem þekktur maður mátti hírast í kvenmannsleysi:

*Séð ég hef hvar sat um hríð*
*með silkiglófa*
*í félagi við fól og bófa*
*fangelsaður Casanova.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: **npn@vortex.is**

# Það sem skilur okkur að

Saga tvíburanna Önnu og Lottu veitir óvenjulega sýn á tíma sem þegar hefur verið margskráður í skáldskap og öðrum ritum. Systurnar fæðast í Köln í Þýskalandi árið 1916 en eru aðskildar sex árum síðar eftir að foreldrar þeirra deyja. Hlutskipti þeirra, hvorrar í sínu landinu, dregur upp margbrotna mynd af mannfólki í tættri álfu á stríðstímum. Höfundinum tekst á afar eftirminnilegan hátt að gefa þessum systrum sjálfstætt en sítengt líf þar sem ólíkindi þeirra verða til vitnis um hversu mjög hending getur ráðið hamingjunni.

Hin raddfagra Lotta er náðarsamlegast send til frændfólks í Hollandi vegna þess að hún er veiklulegri, en hin atorkusama Anna fer hins vegar til afa stúlknanna sem hokrar á bóndabæ í Þýskalandi og herðir fólk sitt í trú á kaþólskuna og óbilandi iðjusemi. Aðstæður þeirra eru afar ólíkar, Anna þrælar daginn út og inn undir hælnum á stjúpu sinni og biturleikinn nær á henni eilífum tökum. Lotta blómstrar á heimili sem er fullt af tónlist og skilningi. Þær upplifa skugga nasismans á sinn hátt en hann er ekki það eina sem stíar þeim í sundur. Óeining innan fjölskyldunnar og röð af tilviljunum verður einnig til þess að þær ná ekki saman fyrr en þær loksins hittast háaldraðar á heilsuhæli .


**STÓRSAGAN OG SAGA HINNA SMÆRRI**
Hitler og handbendi hans hugsi á svip.

Rammi þessarar sögu, systurnar tvær sem nauðugar viljugar sitja saman í móböðum eða yfir belgískum krásum og rifja upp sögur sínar, er húmorískur í meira lagi. Þetta eru kaldhæðnislegar aðstæður til að rifja upp tíma hungurs og örvæntingar, þessarar ógnaraldar í Evrópu þegar systurnar sitja við kaffidrykkju og kökuát í hressingarskálum í Belgíu.

Þær hafa ólíka sýn á söguna og þá sér í lagi nasismann. Á meðan fjölskylda Lottu skaut skjólshúsi yfir gyðinga og hún giftist einum þeirra gekk eiginmaður Önnu á endanum til liðs við SS-sveitirnar. Þær misstu mennina í stríðinu sem klýfur fjölskyldubönd þeirra og báðum gremst þeim hversu lítinn skilning hvor um sig hefur á aðstæðum og bakgrunni hinnar.

Það forvitnilegasta við sögu Loo er þetta óvenjulega sjónarhorn kvenna á seinni heimstyrjöldina. Stríð kvenna sem snerist um „litlu hlutina“, bjargráðin – kartöflur og hveiti. Hjá þeim snerist allt um að lifa af en ekki um hugsjónir og pólitík. Stórsagan sem flestir þekkja er ekki í forgrunni heldur hversdagslegt streð þeirra, smásigrar og vonbrigði sem þær lýsa hvor fyrir annarri þegar ævin er næstum á enda.

Sagan er afar lipurlega skrifuð, framvindan hröð og spennandi með auðugt safn af aukapersónum sem líða seint úr minni. Höfundinum er augljóslega annt um þær systur en þær eru einnig afar breyskar hetjur, eins og allir hafa þær gert sín mistök og hafa ýmislegt á samviskunni.

Bókin er einnig vel þýdd en verra er að frágangur hennar er ekki til fyrirmyndar þar sem oft er ekki hugað að réttu bili milli orða sem gerir hana síður læsilega.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**




**BÓKMENNTIR**
**Tvíburarnir e. Tessu de Loo**
JPV - forlag
Þýðandi: Jóna Dóra Óskarsdóttir
★★★★
Heillandi og eftirminnileg bók um afstæði sögunnar.

## HELGARKROSSGÁTAN





Þú sendir SMS skeytið
JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ
á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón.
Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.

Dregið úr réttum svörum n.k.
fimmtudag kl. 12. - 99 kr. smsið








71
MP & BH
ÁNA
HÓPS
DREIFA
ERTA
GUÐ
SEYTLAR
FYRIR-BYGGJA
3
RÁ
STARFS-GREIN
FÁNÝTI
NAFNORÐ
GAUL
HVAÐ
BÓKSTAFUR
MANNA
HLEYPA
BERIST TIL
LÖMDU
ÓNEFNDUR
FRYSTIHÚS
BRÚN
SKORDÝR
STALLUR
FUGLA-TEGUND
MAUK
FLAGA
STAÐA
ÞANGAÐ TIL
ÞAKBRÚN
ÓLJÓS
DIMMT
ÞEFJA
TVEIR EINS
ÞRÁÐUR
HÆÐ
MÁNUÐUR
2
KRYDD
950
1
SÓDA
DRYKK
DRYKKUR
VÆTLA
ÞUNNUR VÖKVI
SEIÐUR
UMFRAM
TAUG
KLASTUR
GLUFA
ÖNDUNAR-FÆRI
EINS UM S
ERFIÐI
SPERGILL
MJÖÐUR
STJAKA
ÁTT
ÞUNGI
STEFNA
DAUÐI
4
LANGAR
HILLINGAR
DOTTINN
HLJÓÐFÆRI
ÁTT
ÓHREINKA
FUGL
DÝRKA
TVÍHLJÓÐI
KJÁNI
Í RÖÐ
ORÐRÓMUR
NÆGUR
SJÁ UM

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

NÚ Á 2 STÖÐUM

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
NJARÐARBRAUT - REYKJANESBÆ

## HEITIR POTTAR



Afsláttarverð:

**449.900,-***

- Stærð 210 x 210 x 100
- 4 vatnsnudddælur 2hö
- 2 loftnudddælur 370w og 750w
- 50 vatnsnuddstútar og 30 loftstútar
- Digital stjórnborð, stýrir nudddælum, hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum
- "Ozone" hreinsikerfi og 3 kw hitari
- 5 ljós í skel
- Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap
- Harðviðarklæðning

*Fullt verð: 499.900,-*

Afsláttarverð:

**349.900,-***

- Stærð 203 x 197 x 90
- 2 vatnsnudddælur, 2hö og 1 hö.
- 21 vatnsnuddstútar
- Digital stjórnborð, stýrir nudddælum, hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum
- "Ozone" hreinsikerfi og 3 kw hitari
- 4 LED ljós í skel
- Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap
- Harðviðarklæðning

*Fullt verð: 399.900,-*



* Sérskilmálar

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

SÍMI 585 2888
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00

Landsmótið hefst á fimmtudaginn
Vilt þú keppa í golfi?
Opið fyrir alla - skráning á landsmot.kopavogur.is
Velkomin á Landsmót - frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
LANDSMÓT UMFÍ KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## STUÐ MILLI STRÍÐA Yndisdagurinn

**TRYGGVI GUNNARSSON** HELDUR SINN YNDISDAG HÁTÍÐLEGAN Í DAG



Í dag er dagurinn sem svo margir hafa beðið eftir. Í dag er dagurinn sem veðrið skiptir ekki máli, fjárhagurinn skiptir ekki máli, vinnan á mánudaginn skiptir ekki máli, fólk sem okkur finnst leiðinlegt skiptir heldur ekki máli og stórar sem litlar áhyggjur skipta nákvæmlega engu máli.

Í dag er Yndisdagurinn.

Yndisdagurinn, eða Lovely-day eins og hann heitir á alþjóðamálinu ensku, er dagurinn sem allir leggjast á eitt að gera sem yndislegastan.

Hvað það er sem gerir daginn yndislegan er undir hverjum og einum komið. Það getur verið grill í garðinum með vinunum, hestaferð upp á hálendi, humar á Stokkseyrarbakka, sundsprettur í Öxará, að keyra upp Laugaveginn, gönguferð í Djúpuvík á Ströndum, að hanga heima að horfa á allar bíómyndirnar sem þig hefur alltaf langað að sjá en aldrei haft tíma fyrir, sushí í Japan, bíltúr með afa gamla, að drullast til að þora að bjóða stelpunni eða stráknum sem þú ert skotinn í út, fjallganga, að vinna upp glataðan svefn eða sjóstangaveiði með fólki frá Kanada.

Yndisdagurinn er ekki neinn einn dagur. Hann getur verið allir dagar, morgundagurinn, gærdagurinn, miðvikudagurinn eða dagurinn í dag. Yndisdagurinn er einskonar þjóðhátíð einstaklingsins, minnisvarði um hversu skemmtilegir sumir dagar eru og aðrir ættu að vera. Hann er markmið, minning og vonandi brátt menning.

Allir hafa átt sína yndisdaga án þess að vita af því, jafnvel án þess að hafa ætlað sér það. Hægt er að sogast inn í yndisdaga annarra án þess að hafa nokkuð um það segja og líka er hægt að taka meðvitaða ákvörðun að gera dag að einhverju meiru en 24 klukkutímum, 1.440 mínútum, 86.400 sekúndum.

Ekki þarf að örvænta þó ætlaðir yndisdagar fari á annan veg en ætlað er. Sumum dögum er ekki ætlað að vera annað en leiðinlegir mánudagar dulbúnir sem aðrir dagar. Skiptir engu máli. Það eru 364 aðrir dagar á árinu.



Bíldshöfða 16 • 110 Reykjavík • Sími 557 2200 • E-mail broi@batik.is

Mallorca
í júlí
Sértilboð - Club Cala D'or Park
frá aðeins kr. 39.990
Aðeins örfáar íbúðir!


Bjóðum nú síðustu sætin til Mallorca í júlí á frábæru tilboði.
Bjóðum einstök kjör á gistingu á Club Cala D´or Park íbúðahótelinu á Cala D´or, 13., 20 og 27. júlí. Fjölskylduvænt íbúðahótel sem býður upp á góða staðsetningu og notalega stemmningu. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað.
Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.
Verð kr. 49.990
Netverð á mann , m.v. 2 fullorðna saman í íbúð m/1 svefnherbergi í viku. Aukavika kr. 14.000.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Kíktu í kjötborðið

## glæsilegt úrval af fersku kjöti







Jói FEL



Dijon hunangs sósa | Rósapipar sósa | Basil & hvítlauks sósa

**Mest seldu grillsósurnar í Hagkaupum!**

**Hefur þú prófað?**










Gildir til 1. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kl. 22.00**
*Tónlistarmennirnir KK og Maggi Eiríks halda útgáfutónleika í Rauða húsinu á Eyrarbakka. Á efnisskránni verða lög af nýjustu ferðalagaplötu félaganna, Langferðalög. Ferðalögin þeirra hafa svo sannarlega hitt á streng í þjóðarsálinni því fyrri plöturnar tvær hafa selst í yfir 22.000 eintökum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Skáldleg söguskoðun

Breski rithöfundurinn David Mitchell vinnur nú að sinni fimmtu skáldsögu en hann hefur þegar vakið töluverða athygli fyrir bækur sínar Cloud Atlas, number9dream og Black Swan Green. Þær tvær fyrrnefndu voru til að mynda tilnefndar á stuttlista Man Booker bókaverðlaunanna á sínum tíma.

Í viðtali við vefútgáfu dagblaðsins The Japan Times ræðir Mitchell um nýju bókina sem ber vinnutitilinn Nagasaki. Mitchell hefur nú snúið aftur til Japan þar sem að ritferill hans hófst. Mitchell segir bókina sögulega skáldsögu þar sem hann leitast við að draga upp hliðstæður milli aðstæðna á japönsku eynni Dejima og lífsins í Hollandi á tímum Napóleons. Mitchell á japanska konu og bjó í Hiroshima í átta ár en Japan var eitt sögusviðanna í bók hans Ghostwritten.

Mitchell segir það mest krefjandi verkefni sitt til þessa að skrifa fjölmenningarlega skáldsögu þar sem japönskum og evrópskum sjónarmiðum er gert jafn hátt undir höfði. Rannsóknir hans hafa leitt hann á ýmsar villigötur en í viðtalinu ræðir hann einnig áhrif skáldskapar á söguskynjun lesenda. Hann segir sína eigin söguskoðun meðal annars komna frá Robert Graves og Dickens en getur þess að á meðan rithöfundar skrifi af einlægni og lesendur muni að þeir séu að upplifa skáldskap sé engin hætta á ferð. Aukinheldur þurfi sagnfræðingar að glíma við hálan afstæðisál þegar þeir rita sínar útgáfur sögunnar.



**ÍMYNDUNARAFLIÐ FRJÓGVAR LISTINA** Rithöfundurinn David Mitchell snýr aftur til Japan. MYND/ MIRIAM BERKLEY RANDOM HOUSE



### >Ekki missa af...

**Dórófóni númer fimm**. Listamaðurinn **Halldór Arnar Úlfarsson** er nýkominn til landsins frá Finnlandi með fimmtu útgáfu sína af **elektró-akústísku strengjahljóðfæri** sem hann mun kynna og leika á í **Gallerí Dvergi** í Þingholtsstræti milli kl. 17 og 19 í dag.


GERÐUBERG

Lokað verður vegna sumarleyfa frá 2. júlí - 14. ágúst.
Kynnið ykkur spennandi haustdagskrá á www.gerduberg.is
Gleðilegt sumar!
Starfsfólk Gerðubergs

www.gerduberg.is



Sýningar á söguloftI

MR. SKALLAGRÍMSSON
Júlí: 1. kl.15, 1. júlí kl.20 Uppselt
5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt,
14. kl.15 laus sæti
14. kl. 20 uppselt
Ágúst: 11. kl.20, laus sæti
12. kl.20, laus sæti
18. kl.20, laus sæti
19. kl.20, laus sæti
25. kl. 20 laus sæti
26. kl. 20
30. kl.20, laus sæti
31. kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

27 28 29 **30** 1 2 3

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

- 11.00 Samíski **Kynslóðakórinn** frá **Kåfjord** í Tromsfylki í Norður-Noregi heldur tónleika í **Ráðhúsinu í Reykjavík**. Félagar í kórnum eru á aldrinum 20-60 ára en þeir flytja bæði lög og sálma á norsku og samísku.
- 12.00 **Harri Viitanen**, dómorganisti í Helsinki, leikur á tónleikum **Alþjóðlegs orgelsumars** í **Hallgrímskirkju**.
- 20.00 Tékkneski strengjakvartettinn **PiKap** leikur á tónleikum í **Reykjahlíðarkirkju** í **Mývatnssveit** ásamt **Eydísi Franzdótur**. Á efnisskrá eru Strengjakvartett no. 5 eftir Martinu og Strengjakvartett í E-dúr, op. 80 eftir Dvoøák.

### OPNANIR

- 14.00 **Jóhanna Friðfinns** opnar myndlistasýningu í **Deiglunni**, **Listagilinu á Akureyri** í tilefni af **Listasumri**. Á þessari sýningu leggur Jóhanna áherslu á íslenska náttúru, sem alltaf hefur höfðað mikið til hennar.
- 14.00 **Belgísk-íslensk** listasýning í **Saltfisksetrinu** í **Grindavík**. Níu listamenn, sem eiga það sameiginlegt að hafa útskrifast frá Listaháskólanum í **Tongeren** í Belgiu, sýna í Listasal Saltfisksetursins
- 16.00 Listakonan **Catherine Ness** opnar einkasýningu í **Gallerí Tukt** í **Pósthússtræti**.
- 16.00 Samsýning listamannanna **Birgis Snæbjarnar Birgissonar** og **JBK Ransu**, **Hreinn hryllingur**, verður opnuð í sýningarrýminu **Suðsuðvestur** í **Reykjanesbæ**.


KRINGLU KRÁIN
Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



Landsmótið hefst á fimmtudaginn
Vilt þú keppa í golfi?
Opið golfmót fyrir almenning - skráning á landsmot.kopavogur.is
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
2007 LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ


# Yfirlit um Georg Guðna

**Sumarsýning Listasafnsins á Akureyri, sem verður opnuð í dag, er helguð yfirliti á verkum Georgs Guðna landslagsmálara, en þar gefur að líta höfundarverk eins helsta listamanns sinnar kynslóðar. Sýningin er yfirgripsmikil og gefur gestum Listasafns Akureyrar tækifæri til að skoða verk Georgs Guðna í stóru samhengi.**



**MYNDLIST** Án titils 2004.

Samfara sýningunni kemur út á vegum Art.is stór bók með aragrúa ljósmynda af verkum Georgs Guðna frá upphafi ferils hans til okkar dags. Meginefni bókarinnar er persónuleg grein eftir safnstjórann, Hannes Sigurðsson, um stöðu listamannsins í íslenskri samtímalist þar sem höfundarverk hans er sett í hugmyndafræðilegt samhengi við straum samtíðarinnar.

Í stað þess að sýna verk Guðna í réttri tímaröð er hver hinna þriggja sýningarsala safnsins tileinkaður ákveðnu minni sem oft bregður fyrir á ferli Guðna: fjöll, dalir og sjóndeildarhringur. Með því að nálgast verkin út frá þema fremur en tímaröð geta áhorfendur séð hvernig þau hafa þróast gegnum nýja fagurfræðilega og gagnrýna linsu. Þessi aðferð skapar áhorfandanum skýrar rásir gegnum myndheim listamannsins. Er óhætt að fullyrða að þessi stórsýning um brautryðjanda í endursköpun íslenska landslagsmálverksins sætir verulegum tíðindum í íslenskum myndlistarheimi.

Þegar Guðni hóf nám við Myndlista- og handíðaskólann árið 1980 var málverkið nýlega aftur komið í tísku með skvettum og slettum. Eftir áratuga úthrópun ráðandi kynslóðar starfandi myndlistarmanna beggja vegna Atlantsála var ný kynslóð að stíga fram sem hafði leitað aftur á vit lita og forma, maður og land steig aftur inn í myndheiminn. Á skólaárunum gusaði Guðni málningunni á strigann, lét hana leka í dropatali eða bókstaflega rigna á léreftið. Stíll hans átti rætur að rekja til nýja expressjónismans sem fram kom upp úr 1980 og tengdist þeim menningarlegu og sögulegu straumum beggja vegna Atlantshafsins sem leiddu til loka móderníska tímabilsins. Í fréttatilkynningu Listasafnsins segir: „Það sem í fyrstu voru handahófskenndir dropar tók smám saman á sig mynd risavaxins spegilslétts lóns, undarlegs spegils sem lítur á stundum út fyrir að vera glerharður en samt svo sveigjanlegur að hægt væri að stíga í gegnum hann. Fyrst birtist landslagið á striga listamannsins, og síðan kom sjálfur listamaðurinn í ljós: Georg Guðni, landslagsmálari.“



**MYNDLIST** Georg Guðni að störfum í Flatey. LJÓSMYND: HANNES SIGURÐSSON

Guðni var skyndilega orðinn gamaldags landslagsmálari í landi þar sem abstrakt konseptlist hafði verið við völd í meira en tvo áratugi. Þegar hann afhjúpaði verk sín í Nýlistasafninu árið 1985 urðu áhorfendur heillaðir. Persónuleg efnistök og sérstæð nálgun Guðna gerði það að verkum að honum var strax hampað og hann lauk námi sem boðberi nýrrar sýnar á eitthvað sem kallast gat séríslenskt. Hann hafði enduruppgötvað og endurreist íslensku landslagshefðina sem listheimurinn var búinn að afskrifa sem dauða og úr sér gengna. Síðan þá hafa margir myndlistarmenn fetað í fótspor Guðna þannig að úr hefur orðið nýr skóli íslenskrar landslagslistar: Húbert Nói, Guðrún Kristjánsdóttir og margir fleiri reyndu fyrir sér á gamalkunnum slóðum landslagsmálverksins.

Sýningunni lýkur 19. ágúst. Aðalstyrktaraðili sýningarinnar er Norðurorka, en auk þess styrktu Orustuhóll, Gunnar Dungal og Þórdís Alda Sigurðardóttir, Sjóvá-Almennar, Sparisjóður Bolungarvíkur og Icelandair útgáfu bókarinnar. Aðrir styrktaraðilar safnsins eru Flugfélag Íslands og Flytjandi.

Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17. Aðgangseyrir er kr. 400. Frítt á fimmtudögum. pbb@frettabladid.is

# Kayakarnir fást í Sportbúðinni Krókhálsi 5

# Hvar sem þú ert – Hvert sem þú ferð Sportbúðin er í leiðinni út úr bænum



**Prijon Seayak – Mest keypti sjókayak á Íslandi mörg undanfarin ár.** Lengd 490 sm, breidd 55 sm, þyngd 26 kg. Prijon Seayak er með fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Prijon Kodiak – Vinsæll sjókayak frá Prijon, einkum hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara.** Lengd 518 sm, breidd 59 sm, þyngd 28 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og Granite (grár).
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Prijon Motion – Vinsæll bátur fyrir smærri og léttari ræðara.** Nokkuð hraðskreiður og stöðugur. Lengd 454 sm, breidd 59 sm, þyngd 26 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður, Mango (gulur) og blár.
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Prijon Touryak – Ekki ósvipaðir eiginleikar og Prijon Motion en hannaður fyrir stærri og þyngri ræðara.** Lengd 470 sm, breidd 63 sm, þyngd 25 kg. Fram- og afturlest ásamt daghólfi fyrir framan mannop. Stillanleg sæti og fótstig. Nú fylgir luxus stýri öllum Prijon bátum. Litir: Rauður og Mango (gulur).
**Verð aðeins 129.900 eða aðeins 11.300 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Þú færð ár og svuntu með Prijon kayak á aðeins 9.990 og 15% afslátt af öllum búnaði og göllum.**



**Point 65 Nemo – Klettstöðugur og skemmtilegur kayak fyrir byrjendur.** Lengd 350 sm, breidd 63 sm, þyngd 22 kg. Afturlest, þægilegt sæti og stillanleg fótstig. **Verð á Nemo með svuntu og ár er aðeins 84.900 eða aðeins 7.438 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 Picnic – Annar skemmtilegur bátur frá Point 65, hannaður fyrir vötn og styttri ferðir með ströndinni.** Lengd 450 sm, breidd 65 sm, þyngd 24 kg. Stöðugur bátur sem lætur vel að stjórn. Þægilegt sæti og stillanleg fótstig. **Verð á Picnic með svuntu og ár er aðeins 89.900 eða aðeins 7.867 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 Five-O-Five – Nýr bátur frá þessum sænska framleiðanda.** Hannaður fyrir byrjendur og miðlungs ræðara. Lengd 505 sm, breidd 59 sm, þyngd 25 kg. Þægilegt sæti og stillanleg fótstig. **Verð á Five-O-five með stýri, ár og svuntu er aðeins 109.900 eða aðeins 9.583 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 XP – Hraðskreiður og skemmtilegur bátur fyrir lengra komna.** Lengd 545 sm, breidd 55 sm, þyngd 25 kg. Þægilegt stillanlegt sæti og stillanleg fótstig. Framlest, afturlest og daghólf. XP kemur bæði með stýri og skeggi / ugga. **Verð á XP trefjabátnum með XP svuntu er aðeins 199.900 eða aðeins 17.308 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 XP Kevlar – Nú fæst þessi vinsæli bátur einnig úr Kevlar á ótrúlega góðu verði.** Lengd 545 sm, breidd 54 sm, þyngd aðeins 19,2 kg. Þægilegt sæti og stillanleg fótstig. Fram- og afturlest auk daghólfs. XP Kevlar kemur bæði með stýri og skeggi / ugga. **Verð á XP Kevlar ásamt svuntu er aðeins 298.900 eða aðeins 25.806 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**



**Point 65 SeaRover – Hraðskreiður og skemmtilegur trefjabátur fyrir lengra komna ræðara.** Stöðugri en XP og því hentugri fyrir miðlungs ræðara. Lengd 525 sm, breidd 63 sm, þyngd 25 kg. Framlest, afturlest og tvö daghólf. SeaRover kemur bæði með stýri og skeggi / ugga. **Verð á SeaRover trefjabát með svuntu er aðeins 209.900 eða aðeins 18.167 á mánuði í 12 mánuði vaxtalaust.**

**Þurrgallar frá Kokatat og Artistic Sportswear í ótrúlegu úrvali.**

15% afsláttur af þurrgöllum og aukabúnaði með keyptum sjókayak í Sportbúðinni

SPORTBÚÐIN



Sportbúðin býður alla báta og búnað með vaxtalausum Visa og Euro raðgreiðslum til allt að 12 mánaða. 3% lántökugjald og færslugjald er innifalið í mánaðagreiðslum.

**Krókhálsi 5 - 110 Reykjavík - Sími 517 8050 - Sportbudin.is**

## > TÍSKUFRÉTTIR

**Belgíski hönnuðurinn Liz Claiborne** lést í vikunni úr krabbameini. Claiborne var þekkt fyrir smekklegan sportklæðnað sinn. Hún er sögð hafa breytt amerískri tísku með sínum glæsilegu en um leið þægilegu flíkum.

**Tískuvika var haldin í Mílanó** þessa vikuna þar sem hönnuðir eins og Alexander McQueen, Dries Van Noten, Dolce&Gabbana, Giorgio Armani og Roberto Cavalli sýndu snilli sína. Áhugasömum er bent á www.style.com þar sem hægt er að kíkja á nýjustu herratískuna.

**Breska tískuráðið** hefur tilkynnt hverjir munu fá styrk sem nefnist „New Generation“ eða Ný kynslóð. Það er Top Shop sem gefur styrkinn og gefur þannig ungum og fátækum hönnuðum kost á að sýna tískulínu á Tískuvikunni í London. Ný nöfn eru til dæmis Danielle Scutt og Louise Goldin sem eru nýútskrifaðar frá Central Saint Martins.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Dásamlega satúrnus nælu** frá Tatty Devine. Fæst í Kronkron.



**Einstaklega fagra spöng** með áföstum svörtum og laxableikum hekluðum blómum. Frá Rokkmantík og fæst í KVK.



**Töff og kúl** svarta og hvíta skó með fylltum hæl. Úr 38 þrepum.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Borghildur Gunnarsdóttir

# *Allt of hröð hringferð*

„Tískan fer í hringi“ segja menn og mér þykir hún stundum ferðast allt of hratt á þessari hringferð sinni. Núna boða menn endurkomu hippatískunnar sem er þegar búin að gægjast einu sinni aftur upp á yfirborðið síðan blómatímabilið hið fyrsta stóð yfir. Á seinna hippatísku tímabilinu var ég svona þrettán ára. Þráði ekkert heitar en hrikalega útvíðar gallabuxur, belti með Mary Quant sylgju og písmerki um hálsinn. Móðir mín saumaði buxurnar og gaf mér beltið og hamingjusöm þrammaði ég á diskótek í skólanum. Dansaði í útvíðum buxum við Prodigy og 2Unlimited. Ansi skrítin blanda það og þykir mér allt of stutt síðan til þess að fara út í þessa tísku þar sem mussur og sítt hár ráða ríkjum.



Ennþá styttra er síðan rave-stíllinn þótti voða fínn. Þá fékk ég mér glansandi boli og pils í skærum litum, setti hvítt strik á augnlokin og skellti mér í tryllta platform skó. Ég veit ekki hverjum hefur dottið í hug að sniðugt væri að endurvekja skæru litina en þeir hafa svo sannarlega verið vaktir upp frá dauðum. Neu-Rave heitir það núna og þykir afar heitt. Á mínum bæ er það þó ennþá hlandvolgt og ég get ekki með nokkru móti fengið sjálfa mig til að ganga til liðs við rave-gengið. Eigum við kannski líka að fara að hlusta aftur á Wiggle Wiggle með Outhere Brothers? Reyndar var það ansi skemmtilegt.




Það eina góða við nýja reifið er að gaman getur verið að nota það í hófi. Skarta skærlituðum sólgleraugum við fína kápu, setja neon-belti yfir peysu eða jafnvel fá sér stóra hettupeysu í þessum stíl og vera svo í svörtum leggings við. Í rauninni gildir sama gamla reglan um reif-stílinn eins og alla aðra. Ekki ganga of langt. Ekki vera í neon frá toppi til táar og þá mun enginn óvart halda að þú sért í götuleikhúsinu. Fyrir minn part þá fékk ég mér blátt naglalakk um daginn og ég held ég muni ekki ganga lengra í að hnusa af Neu Rave í bráð.



**MIU MIU** Úr ódýrari línu Miuccia Prada fyrir næsta vetur sem sýnd var í París í mars. Takið eftir sokkabuxnastrengnum sem gægist upp úr pilsinu, alls ekki óvart.



**PEYSUSAMFELLA** Ekki kannski alveg fyrir hina venjulegu konu að ganga í þessari einu flík en ótrúlega flott á tískupallinum.



**ALEXANDER MCQUEEN** Fallegur toppur úr ódýrari línu hönnuðarins, McQ. Fæst í Trilogiu.



**THELMA DESIGN** Laxableik og krúttleg spöng úr Trilogiu.



**UNDERCOVER** Dásamlega vandaðir og fallegir háir sokkar úr Liborius.



**GAMMELDAGS** Hrikalega krúttlegir og flottir háhælaskór úr Glamúr.



**HUMANOID** Stutterma prjónapeysa, krúttleg og ömmuleg. Fæst í Kronkron.

# Ömmuleg töffheit

Miuccia Prada sýndi ótrúlega fallega og örlítið ömmulega línu í mars síðastliðnum. Sniðin voru klassísk og falleg en í mótvægi voru kynþokkafullir gegnsæir toppar, samfellupeysur, örlítið rytjulegt sítt hár og pils og kápur úr skærbleiku leðri. Lögð var áhersla á ömmulegheitin með alls kyns litum af háum sokkum og nælonsokkabuxum sem peysurnar voru girtar ofan í og svo gægðist sokkabuxnastrengurinn upp úr hnésíðum pilsunum sem héngu örlítið neðar. Útkoman var furðulega töff.

„Þetta er mín sýn á það sem er að gerast í heiminum í dag hjá konum,“ sagði Miuccia til að útskýra hönnunina. „Í sjónvarpinu sjáum við konur sem líta gervilega út. Ég vildi sýna þessi plast-áhrif en blanda þeim við klassíska hönnun.“ Litavalið var ótrúlega fallegt en ráðandi voru litir eins og laxableikur og skærbleikur í bland við dempaðri liti eins og ljósbrúnan, vínrauðan, gráan og drapplitaðan. - bor



**FALLEGA BLEIK** Glæsileg dragt úr smiðju Prada. Örlítið ömmuleg en um leið ómótstæðilega töff.





**MATTHEW WILLIAMSON** Ljósbrún og falleg sólgleraugu úr Trilogiu.



# Var alltaf öðruvísi

Debbie Harry ræddi um fatastíl sinn í nýlegu viðtali við Times og fannst hún alls ekki klæða sig einkennilega í gamla daga. „Ég er á þeirri skoðun að ég hafi ekki klætt mig það óeðlilega eins og af var látið. Það virtist bara vera þannig vegna þess að meginstraumur tískunnar var gjörsamlega andstæðan við minn stíl,“ segir Harry sem hefur fyrir löngu fengið á sig stimpil sem tískuíkon fyrir sérstaklega glæsilegan stíl.

Harry sagði einnig að þótt hún hefði verið svolítill pönkari í sér héldi hún að hún hefði alltaf verið siðsamlega klædd. „Ég fór aldrei út á sviðið án einhvers konar undirfatnaðar, vegna fremstu raðarinnar. Eða hvað? Ég gæti svo sem hafa gert það,“ sagði söngkonan fræga.



**DEBBIE HARRY** Var sú flottasta í gamla daga og vakti mikla athygli fyrir klæðaburðinn.

# *Áhrif frá Jackson*

Gareth Pugh hefur vakið mikla athygli fyrir íburðarmiklar flíkur og brjálaðar tískusýningar. Hann vakti strax athygli þegar hann útskrifaðist frá Central Saint Martins en hann segir það mjög erfitt að komast áfram í tískubransanum. „Ég held að fólk kalli útskriftarsýningar „lokasýningar“ vegna þess að það er síðasta sýning sem nemandinn mun gera!“ sagði hann í gríni og átti við hversu erfitt er að gera þá næstu. „Ég ber mikla virðingu fyrir öllum þeim sem komast áfram í þessum bransa. Það er erfitt að vera í London en ég get samt ekki verið neins staðar annars staðar.“

Aðspurður hvað það sé sem dragi hann að hinu skrítna og dimma sem einkennir hönnun hans segir hann: „Þetta er bara stíll sem höfðar til mín. Það er gaman að sjokkera fólk svolítið. Það er samt mjög auðvelt að stílísera sýningu á þennan hátt en þegar maður skoðar fötin ein og sér þá eru þau í raun mjög klæðileg,“ sagði Pugh og bætti því við að fyrir næstu sýningu hefði hann meðal annars sótt áhrif í Michael Jackson. „Ég elska þessa glitrandi hanska!“ - bör



**BRJÁLAÐ** Hrikalega flottur „búningur“, meðal annars úr sundkútum.



**KAREN WALKER** Örlítið gegnsæ og ótrúlega sæt skyrta með slaufu. Fæst í Liborius.



**GLÆSILEGT** Einstaklega fallegt og glamúrus pils úr Trilogiu.



**BEST BEHAVIOUR** Ótrúlega sætur laxableikur flæðandi kjóll. Fæst í Trilogiu.







Stærsta hlaupakeppni í Kópavogi
Götuhlaup
laugardaginn 7. júlí kl. 11
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Algjört dúndur í Höllinni

**Hljómsveitin Dúndurfréttir spilaði plötu Pink Floyd, The Wall, í Laugardalshöll á miðvikudagskvöld við mjög góðar undirtektir. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék undir á lipurlegan hátt.**

The Wall er talið eitt mesta þrekvirki rokksögunnar og því réðust þeir félagar í Dúndurfréttum ekki á garðinn þar sem hann var lægstur. Ekki var þó að heyra að þeir ættu í nokkrum vandræðum með verkefnið, enda þaulvanir menn þar á ferð. Þetta voru fyrri tónleikar Dúndurfrétta af tvennum og voru hinir síðari haldnir í gærkvöldi, fyrir fullu húsi að sjálfsögðu.



**AÐDÁENDUR** Pink Floyd-aðdáendurnir Þórólfur Árnason, Kolbeinn og Stefán létu sig ekki vanta í Höllina.



**DÚNDURFRÉTTIR** Hljómsveitin Dúndurfréttir spilaði í Laugardalshöll við mjög góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**EFTIRVÆNTING** Eftirvæntingin var mikil í augum Nonna Quest, Karls, Natalíu, Borgars, Betu og Berglindar.



**SVALIR Í HÖLLINNI** Félagarnir Magnús og Snorri Páll kíktu á tónleikana.



**SÁU THE WALL** Hafdís, Guðfinna, Þórir og Atli voru á meðal tónleikagesta.



**SPENNTIR Í SÆTUNUM** Örvar Frans, Ægir Már og Jón Adolf sátu spenntir í sætunum sínum.




# Ekki undirgefinn

Isaiah Washington, sem var rekinn úr þáttunum Grey´s Anatomy fyrir ummæli sín um samkynhneigða, segir að kynþáttafordómar hafi átt þátt í brottrekstri hans.

„Einhver heyrði rödd svarts manns og varð verulega hræddur og það var upphafið að endinum fyrir mig,“ sagði Washington. „Mín mistök voru að trúa því að þeldökkt fólk gæti fengið annað tækifæri. Ég hafði algjörlega rangt fyrir mér,“ sagði hann.

Bætti hann því við að hann hafi aldrei hagað sér eins og undirgefinn þeldökkur maður og það hafi verið hluti af vandamálinu. „Það hjálpaði mér ekki í upptökuverinu að ég var svartur maður sem gekk ekki um undirgefinn og hlédrægur. Ég talaði ekki eins og ég væri nýkominn af plantekrunni og sumt fólk á erfitt með að sætta sig við það.“



**ISAIAH WASHINGTON** Washington er ósáttur við brottrekstur sinn úr þáttunum Grey´s Anatomy.

# Nærbolur McClane á Smithsonian-safnið

Skítugur nærbolur hetjunnar John McClane úr Die Hard-myndunum, sem Bruce Willis leikur, er á meðal þess sem bandaríska safnið Smithsonian hefur fengið að gjöf vegna nýrrar sýningar. Einnig fékk safnið kynningarplakat og upprunalegt handrit nýjustu Die Hard-myndarinnar.

„Þegar ég lék í fyrstu myndinni fyrir tuttugu árum hefði mig aldrei grunað að hún yrði hluti af svona langri seríu,“ sagði Willis, sem hefur unnið ein Golden Globe-verðlaun á ferli sínum og tvenn Emmy-verðlaun. Einnig verða á sýningunni boxhanskar Rocky Balboa og inniskór Dorothy úr myndinni Galdrakarlinn í Oz.



**JOHN MCCLANE** Skítugur nærbolur hetjunnar úr Die Hard verður til sýnis í Smithsonian-safninu.

# NÝ HJÓLASENDING

## OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG
## FRÁ KL. 10-18



ULTRA CLASSIC
ELECTRA GLIDE



ULTRA CLASSIC
ELECTRA GLIDE CVO



ROAD KING



FAT BOY



SOFTAIL DELUXE



SOFTAIL CUSTOM



1200C SPORTSTER CUSTOM



NIGHT ROD SPECIAL



V-ROD



V-ROD 1250 SCREAMIN' EAGLE

HD-Ísland · Grensársvegi 16, 108 Reykjavík
sími 553 1550 · harley-davidson.is

07-0041 KC

# Gjörbreyttur Rex opnar í kvöld

Starfsmenn Rex hafa undanfarna daga staðið í ströngu við að breyta og bæta en komin eru þrjú ár síðan staðurinn var síðast tekinn í gegn. „Það er búið að ganga rosalega vel síðastliðin þrjú ár og staðurinn orðinn svolítið sjúskaður. Við ákváðum að taka hann í gegn og bara gjörbreyta um stíl,“ segir Sverrir Rafnsson, framkvæmdastjóri staðarins.

„Rauða veggfóðrið sem hefur einkennt staðinn verður rifið niður, ný gólf sett og ný húsgögn. Svörtu gluggatjöldunum verður skipt út fyrir hvít, rókókóstíllinn fær að fjúka og víkur fyrir ljósara og léttara yfirbragði,“ segir Sverrir en honum til aðstoðar við breytingar er Guðlaug Halldórsdóttir í Má Mí Mó.

Auk breytinganna hefur staðurinn komist yfir glænýja Heineken-græju sem kælir bjórinn niður í eina gráðu. „Við erum fimmti staðurinn í Evrópu sem býður upp á þessa græju. Þetta virkar þannig að bjórinn er framleiddur í frosnum glösum og kemur því alveg ísjökulkaldur út úr dælunni. Auk þess hyggjumst við opna staðinn á fimmtudögum en það höfum við ekki gert hingað til,“ sagði Sverrir en á nýbreyttum Rex verður einnig glæsileg aðstaða fyrir reykingafólkið úti í porti. Í kvöld verður svo haldið opnunarpartí sem hefst klukkan níu. Boðið verður upp á veitingar og drykki. - bor



**REX** Starfsfólk staðarins var á fullu að breyta og bæta á fimmtudaginn en í kvöld verður haldið opnunarpartí á gjörbreyttum Rex. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



# McClane á gervihnattaöld

**KVIKMYNDIR**

**Die Hard 4.0**

Leikstjóri: Len Wiseman

Aðalhlutverk: Bruce Willis, Justin Long og Timothy Olyphant.

★★★

Nýjasta kvikmyndin um harðhausinn John McClane á eflaust eftir að ylja aðdáendum Die Hard og frammistaða Bruce Willis svíkur engan. Hún líður þó fyrir frekar bragðdauft og sviplaust illmenni.

Hollywood hefur ekki tekist að skapa nýjar hetjur sem hvorki eru byggðar á myndasögum né hafa óeðlilega krafta í kögglum. Hetjur sem standa einar á móti öllu og beita gömlum en gildum aðferðum við að knésetja óþjóðalýðinn. Og því hefur draumasmiðjan endurvakið eina fræknustu, kjaftforustu og mannlegustu hetju síðari tíma og etur henni gegn nútímanum holdi klæddum; tölvuþrjót.

John McClane er orðinn grár og gugginn. Síðustu árin hafa verið honum erfið í einkalífinu enda er eiginkonan Holly farin frá honum og krakkarnir vilja ekkert við hann tala. Starfið hjá lögreglunni í New York er rólegt og það er varla að McClane hafi þurft að hleypa af einu skoti. En þegar McClane er falið að sækja tölvuþrjótinn Matthew Farrell til yfirheyrslu hjá FBI flækist hann inn í listilega skipulagðan glæp hins miskunnarlausa tölvusnillings Thomas Gabriel. Gabriel framkvæmir svonefnda „rýmingarsölu“ á tölvukerfum Bandaríkjanna og lamar allt stjórn- og hagkerfi landsins í þeim tilgangi að ræna stjarnfræðilegum upphæðum. McClane tekst auðvitað að pirra vonda náungann fram úr hófi með steinaldaraðferðum sínum, hnyttnum tilsvörum og tveimur hnefum auk löggubyssunnar.

Fjórða myndin er full af spennu og hraða, eltingarleikjum og sprengjum. Leikstjórinn Len Wiseman heldur vel utan um stjórnartaumana og víða má finna tilvísanir í gömlu myndirnar. Vandi Die Hard 4.0 er kannski fyrst og fremst fólginn í frekar slöppum vondum karli en Gabriel er hnakkavæddur tölvugúru og heldur sviplaus. Leikarinn Timothy Olyphant á þó alla samúð skilið, hann fetar í vandfyllt spor Alans Rickman og Jeremys Iron. Die Hard 4.0 er eins og hasarmyndir eiga að vera. Og eflaust myndi McClane lemja líftóruna úr öllum þessum snoppufríðu hetjum með næturkremin og sléttu húðina sem hafa tröllriðið kvikmyndahúsunum að undanförnu. Willis gerir McClane fyrst og fremst mannlegan sem enn á ný þarf að fórna lífi og limum til að koma í veg fyrir að áætlanir skúrkanna gangi upp og bjarga deginum. Þó að Bruce sé kominn á efri árin er hann enn í fantaformi og aðdáendur Die Hard-myndanna verða ekki sviknir þótt hún skáki varla háhýsatryllinum í Nakatomi eða eltingarleiknum við Simon.

**Freyr Gígja Gunnarsson**


















**CANNIBAL CORPSE** Tveir meðlimir Cannibal Corpse verða í Tónastöðinni á mánudaginn.

# Cannibal Corpse áritar í Tónastöðinni

Alex Webster og Pat O'Brien, liðsmenn bandarísku dauðarokksveitarinnar Cannibal Corpse, mæta í Tónastöðina í Skipholti og árita á mánudaginn kl. 18.00.

Hljómsveitin heldur tvenna tónleika á Nasa um helgina. Þeir fyrri verða í kvöld fyrir tuttugu ára og eldri en þeir síðari, sem verða annað kvöld, verða fyrir alla aldurshópa. Enn eru til miðar á tónleikana og er miðaverð 2.500 krónur. Cannibal Corpse, sem hefur gefið út tíu hljóðsversplötur, er söluhæsta dauðarokkssveit allra tíma. Bíða þungarokkssaðdáendur komu hennar til Íslands með mikilli eftirvæntingu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn **Russell Crowe** á í viðræðum um að taka að sér aðalhlutverkið í njósnatryllinum Body of Lies á móti **Leonardo DiCaprio**. Leikstjóri verður **Ridley Scott**, sem hefur áður stýrt Crowe í þremur myndum, þar á meðal Óskarsverðlaunamyndinni Gladiator. Í Body of Lies leikur DiCaprio liðsmann bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, sem starfar í Jórdaníu við leit að hryðjuverkamönnum. Crowe myndi leika yfirmann hans. Crowe og DiCaprio léku síðast saman í vestranum Quick and the Dead árið 1995 í leikstjórn Sam Raimi.


Landsmótið hefst á fimmtudaginn

Viltu keppa í sparkvallabolta?

Opið fyrir alla - skráning á landsmot.kopavogur.is

Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla

http://landsmot.kopavogur.is

2007 LANDSMÓTUMFÍ KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leynilegu ástarsambandi leikaraparsins **Reese Witherspoon** og Jake Gyllenhaal er lokið. Talið er að Witherspoon, sem skildi við eiginmann sinn Ryan Philippe á síðasta ári, hafi bundið endi á sambandið vegna þess að hún vilji eyða meiri tíma með börnunum sínum.



Tónlistarmaðurinn Prince söng eitt lag sérstaklega fyrir leikkonuna **Penelope Cruz** á tónleikum sínum í Hollywood á dögunum. Þegar Prince sá Cruz í áhorfendahópnum settist hann við hlið hennar og söng fyrir hana lagið. Talið er að Prince hafi síðan sungið eftir uppklapp lagið Nothing Compares 2 U að ósk Cruz. Á meðal fleiri áhorfenda í salnum voru P Diddy, leikkonan Hilary Swank og leikarinn Topher Grace.



**Shar Jackson,** fyrrum kærasta Kevin Federline, fór í tvö óléttupróf til að sanna að hún væri ekki ófrísk að barni rapparans og fyrrum eiginmanns Britney Spears. Sýndi hún niðurstöðurnar í slúðurblaðinu In Touch. Mikil umræða hefur verið um meinta óléttu hennar og ákvað hún að bregðast við henni á þennan óvenjulega hátt.



Hjartaknúsarinn **George Clooney** er afar ánægður með útkomu fjáröflunar sinnar fyrir fórnarlömb í Darfur-héraði sem hann hefur haldið bæði í Cannes og Las Vegas. Safnaði hann um 600 milljónum á þessum tveimur stöðum í kvöldverðarboðum sínum. Vill hann halda áfram með sams konar fjáröflun á hinum ýmsu kvikmyndaviðburðum í framtíðinni.





2 fyrir 1

MasterCard fjölskyldutilboð á morgun sunnudag

MasterCard korthafar fá 2 miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar á þessari bráðskemmtilegu fjölskyldumynd sunnudaginn 1. júlí.

Hvað gerir nýkjörinn þingmaður þegar Guð biður hann að smíða örk fyrir yfirvofandi flóð?

Heldur hann því til streitu þó allir haldi að hann hafi tapað glórunni?

Nú á midi.is!

Nú er einnig hægt að kaupa miða á MasterCard forsýningar á www.midi.is.

midi.is

MasterCard forsýningar á fjölskyldumyndinni Evan Almighty sunnudaginn 1. júlí:

Myndin verður sýnd kl. 12.00 á hádegi í Laugarásbíói, Sambíóunum Álfabakka og Keflavík og Smárabíói.

Myndin verður sýnd kl. 16.00 í Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri

Laugarásbíó Kl. 12.00 | Álfabakka Sambíóin Keflavík Kl. 12.00 | Smárabíó Kl. 12.00 | Háskólabíó Kl. 16.00 | Borgarbíó Kl. 16.00

Myndin verður frumsýnd 4. júlí • Meira á www.kreditkort.is/klubbar

### > Besti dómarinn

Aðra umferðina í röð er Garðar Örn Hinriksson besti dómarinn en hann dæmdi leik Vals og FH af mikilli röggsemi.



### > Bestu ummælin

Ólafur Jóhannesson var ekki í vafa um hvað hafi orðið sínum mönnum í FH að falli í leiknum gegn Val. „Við áttum nánast aldrei möguleika. Það var hreinlega ekkert í gangi í hausnum eða löppunum á mínum leikmönnum í fyrri hálfleik.“



**sport**

sport@frettabladid.is

**8. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** DEILDIN JAFNAST Á TOPPI OG BOTNI

## *Valur fyrstur til að leggja meistarana*

Áttunda umferð Landsbankadeildar karla var merkileg að mörgu leyti. Áhorfendamet féll, FH tapaði sínum fyrsta leik og KR vann sinn fyrsta leik. Fyrir vikið jafnaðist deildin heilmikið jafnt á toppi sem á botni.

FH hefði endanlega hrist Val af sér með sigri en Valur sýndi í leiknum gegn FH að þeir hafa vel burði til að fara alla leið. Það er óvenju hljótt í kringum Keflavík sem er aðeins tveim stigum á eftir FH. Strákarnir úr Bítlabænum hafa verið á mikilli siglingu og gott gengi þeirra hefur ekki fengið þá athygli sem Keflavík á skilið. Keflavík er samt eflaust fegið að fá að laumast hljóðlega upp töfluna. Það er meiri stöðugleiki í Keflavíkurliðinu en áður og liðið klárar sína leiki. Þeir er til alls líklegir.

Það væri algert svartnætti í Vesturbænum ef KR hefði ekki unnið Fram. Þá væru sjö stig í næsta lið en stigin þrjú voru ótrúlega mikilvæg. Varða vítið hjá Stefáni Loga gæti verið vendipunktur tímabilsins hjá KR.




### TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 15, KR.
**Flest skot á mark:** 10, Breiðablik.
**Fæst skot:** 10, HK, FH og Keflavík.
**Besta skotnýting:** Valur, 29%
**Hæsta meðale.:** Valur, 7,00.
**Lægsta meðaleink.:** FH, 3,92.
**Grófasta liðið:** ÍA, 23 brot.
**Prúðasta liðið:** Víkingur, 12 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 8.368
Eins og kemur fram hér að neðan er þessi umferð sú mest sótta í að minnsta kosti 23 ár. Flestir komu á Kópavogsslaginn en aðrir leikir, svo sem Valur-FH og KR-Fram, voru þýðingamiklir og fengu góða aðsókn. Í annað skiptið í sumar mættu meira en þúsund manns á alla leiki umferðarinnar.

# Útilokar ekki að koma aftur

**Casper Jacobsen, markvörður Breiðabliks, er leikmaður 8. umferðar Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann hélt marki Blika hreinu í Kópavogsslagnum gegn HK og varði þar að auki vítaspyrnu. Honum líkar vistin hér vel.**

**FÓTBOLTI** Sá leikmaður sem þótti skara fram úr í áttundu umferð Landsbankadeildar karla að mati Fréttablaðsins er Casper Jacobsen, markvörður Breiðabliks. Hann var fenginn til liðsins eftir að Hjörvar Hafliðason meiddist fyrr í sumar og hefur Jacobsen staðið vaktina vel í hans fjarveru.

„Ég nýt verunnar hjá Breiðabliki afar vel. Ég kom hingað til að spila fótbolta og það er einmitt það sem ég hef fengið að gera. Nú erum við byrjaðir að safna stigum og er þetta allt mjög ánægjulegt.“

Jacobsen hefur verið varamarkvörður hjá danska úrvalsdeildarliðinu Álaborg undanfarið eitt og hálfa árið og var því feginn því að fá byrjunarliðssætið hjá Blikum.

„Áður en ég kom hingað var ég fullvissaður um að ég væri að spila með einu besta liðinu í bestu deildinni. Þetta er líka kærkomið fyrir mig og góður gluggi því það eru ekki margar deildir í gangi eins og er,“ sagði Jacobsen. Samningur hans við Álaborg er útrunninn og býst hann ekki við því að fara aftur þangað.

„Ég vonast auðvitað til að komast í félag þar sem ég fæ að spila reglulega. En eins og er ætla ég að taka þessa þrjá mánuði og sjá til hvernig það gengur. Hver veit nema að ég komi aftur til Íslands næsta sumar. Ég útiloka ekki neitt eins og er,“ sagði Jacobsen sem verður með Breiðabliki til loka ágústmánaðar.

Íslenski boltinn hefur komið honum þægilega á óvart. „Ég vissi svo sem ekki við hverju ég átti að búast því ég hafði ekki séð mikið til íslenska boltans. Engu að síður kom mér á óvart hversu góður fótboltinn er hér. Margir halda kannski að þetta sé í líkingu við fjórðu deildina í Englandi en þannig er það alls ekki og er það jákvætt.“

Hann talar einnig vel um íslenska stuðningsmenn, sérstaklega eftir grannaslag Breiðabliks og HK í síðustu umferð. „Það koma kannski ekki eins margir áhorfendur á leikina hér og í Danmörku en þeir sem koma eru mjög háværir og styðja sitt lið mjög vel. Þetta eru mjög góðir áhorfendur.“

eirikur@frettabladid.is



**CASPER JACOBSEN** Hér á fullri ferð í leik Breiðabliks gegn ÍA fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Örugglega ánægður með dráttinn.

Dregið í Evrópukeppninni:

## FH til Færeyja

**FÓTBOLTI Dregið var í Evrópukeppnunum í gær en þrjú íslensk lið voru í pottinum.**

**Íslandsmeistarar FH mæta færeyska liðinu HB í fyrstu umferð forkeppni Meistaradeildarinnar. Fari svo að FH leggi færeyska liðið mætir það liði frá Kýpur eða Hvíta-Rússlandi í kjölfarið. Fyrri leikurinn fer fram í Krikanum 17. eða 18. júlí og síðari leikurinn er í Færeyjum viku síðar.**

**Keflavík og KR taka þátt í UEFA-bikarnum en þar mætir Keflavík danska liðinu Mydtjylland en KR fær sænska liðið Hacken. Fyrri leikirnir fara fram 19. júlí en sá síðari 2. ágúst.**

- hbg

Rúrik Gíslason:

## Semur líklega við Viborg

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru á því að Rúrik Gíslason semji við danska úrvalsdeildarfélagið Viborg um helgina. Á heimasíðu félagsins segir stjórnarformaðurinn að líklega verði samið við Rúrik. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Rúriks, sagði við Fréttablaðið í gær að um „alvöru tilboð“ væri að ræða og bendir allt til að Rúrik semji við félagið.

- hþh


Stærsta hlaupakeppni í Kópavogi
Götuhlaup
laugardaginn 7. júlí kl. 11
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ




**NAUMUR SIGUR** KR vann nauman sigur á Stjörnunni í gær. Hér reynir Alicia Wilson að skalla boltann en Sandra Sigurðardóttir slær boltann í burtu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Landsbankadeild kvenna:

## Toppliðin unnu

**FÓTBOLTI** Valur og KR halda áfram að stinga af í Landsbankadeild kvenna. Katrín Ómarsdóttir, Hrefna Huld Jóhannesdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir skoruðu fyrir KR sem vann Stjörnuna 3-2. Ann Marie Heatherson skoraði bæði mörk Stjörnunnar. Þá vann Valur 3-0 sigur á Fjölnisstúlkum þar sem Dóra María Lárusdóttir skoraði tvö mörk og Nína Ósk Kristinsdóttir eitt.

- hþh

### LANDSBANKADEILDIN

| | |
|---|---|
| STJARNAN-KR | 2-3 |
| ÍR-FYLKIR | 3-3 |
| VALUR-FJÖLNIR | 3-0 |
| KEFLAVÍK-BREIÐABLIK | 2-1 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. VALUR | 5 | 5 | 0 | 0 | 22 - 2 | 15 |
| 2. KR | 5 | 5 | 0 | 0 | 17 - 6 | 15 |
| 3. KEFLAVÍK | 5 | 3 | 0 | 2 | 18 - 8 | 9 |
| 4. FJÖLNIR | 5 | 2 | 2 | 2 | 6 - 7 | 8 |
| 5. BREIÐABLIK | 5 | 2 | 1 | 3 | 9 - 15 | 7 |
| 6. STJARNAN | 5 | 1 | 3 | 2 | 9 - 12 | 6 |
| 7. ÞÓR/KA | 5 | 1 | 0 | 4 | 6 - 19 | 3 |
| 8. FYLKIR | 5 | 0 | 3 | 2 | 7 - 10 | 3 |
| 9. ÍR | 5 | 0 | 1 | 4 | 6 - 21 | 1 |

Andy Gray vill að Eiður Smári komi aftur yfir til Englands:

## Of góður til að sitja á bekknum

**FÓTBOLTI** Helsti sérfræðingur Skysjónvarpsstöðvarinnar í enska boltanum, Andy Gray, vill að Eiður Smári yfirgefi herbúðir Barcelona og komi aftur til Englands. Hann segir ekkert vit vera í því fyrir Eið að hanga áfram á Spáni.

„Ég segi að hann eigi að fara. Eins og staðan er í dag þá er hann fimmti í röðinni hjá Barcelona og hann var að detta aftar í goggunarröðinni þar sem Henry er kominn til félagsins,“ sagði Gray við Fréttablaðið en hann hefur ekki trú á því að Eiður spili mikið verði hann áfram á Spáni.

„Þó svo Eiður hafi spilað mikið í fyrra þá verður hann að gera sér grein fyrir að helsta ástæðan fyrir spilatímanum voru meiðsli Eto´os. Eftir að Eto´o kom aftur fékk hann mjög fá tækifæri. Hann er að mínu mati allt of góður til þess að sitja á varamannabekk Barcelona og þó svo það sé eflaust gaman að vera í svona stórliði þá trúi ég ekki öðru en að hann sé eins og ég var og vilji alltaf spila.

Eiður er það góður að hann á að geta styrkt hvaða lið sem er í ensku úrvalsdeildinni,“ sagði Andy Gray að lokum.

- óhþ



**EIÐUR SMÁRI** Á að fara aftur til Englands að mati Andys Gray. Eiður hefur verið sterklega orðaður við Man. Utd. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES




# BT

# CANON EOS 400D

## TAKTU GÆÐA MYNDIR Í SUMAR!




**Canon**

Canon EOS 400D
CANON400DBUNDLE
2 linsur og batterígrip fylgja

10 megapixla D-SLR
Rykvörn á myndflögu
Anti-static yfirborð á myndflögu
2,5" LCD skjár 230 þúsund punktar
Níu punkta autofokús kerfi (úr 30D)
Digic II hraðari örgjörvi (miðað við 350D)
Nemi við leitara slekkur á skjá þegar hún er borin að auganu
Batterígrip fylgir
18-55mm f/3,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
55-200mm f/4,5-5,6 aðdráttarlinsa fylgir
Highly Recommended - dpreview.com
"Verðugur arftaki 350D" - Phil Askey

FYLGIR

2 linsur og batterígrip fylgja

**129.999**

BT LÁN™

| BT 12.932* | BT 7.083** | BT 5.133*** |
|---|---|---|
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

# SONY CYBERSHOT Á FRÍHAFNARVERÐI Í BT

7.2 MP **7.2 Megapixlar** Super HAD CCD myndflaga.

3x **3x aðdráttur** Carl Zeiss Vario Tessar-linsa.




**SONY**

DSCW35
SONY CYBERSHOT

7,2 megapixlar
Super HAD CCD
Real Image Processor
3x Optical zoom
6x Digital zoom
14x smart zoom (VGA)
Carl Zeiss Vario Tessar linsa
f = 35-114mm
Innbyggt minni 56MB
MemoryStick Duo
2" LCD skjár 85 þúsund púnkta
380 myndir á hleðslu með skjá
Lithium hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgir

**380 myndir á hleðslu** Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir.

**19.999**

~~22.999~~

## SALMA HAYEK

Salma er fædd í Veracruz í Mexíkó árið 1966. Faðir hennar var forstjóri olíufyrirtækis og móðir hennar óperusöngkona og segist Salma hafa verið dekruð í æsku. Hún var send í kaþólskan nunnuskóla 12 ára gömul en stillti eitt sinn allar klukkur skólans þremur tímum of seint og var rekin úr skólanum fyrir vikið.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGNIR GUÐJÓNSSON HEFUR GAMAN AÐ DESIGN STAR Á SKJÁ EINUM

# Hönnun er skemmtilegt sjónvarpsefni

Stílista- og hönnunarþættir hafa skotist æ meira upp á sjónarsviðið á síðustu árum, bæði hér heima og erlendis. Innlit/Útlit og Veggfóður eru dæmi um slíka þætti sem framleiddir hafa verið hér á landi en af þeim erlendu þáttum sem verið er að sýna á íslenskum sjónvarpsstöðvum nú um stundir eru það líklega Extreme Makeover: Home Edition og Queer Eye for a Straight Guy sem standa upp úr. Nýlega hóf Skjár einn að sýna þáttinn Design Star sem fara batnandi með hverjum þætti.



Design Star gengur út á sama raunveruleikaformið og sést í nánast öðrum hverjum þætti í dag, tylft þátttakenda keppist um að vera krýndur besti innanhússhönnuðurinn og þurfa þeir að leysa ýmsar þrautir til að ná því markmiði sínu. Á endanum stendur síðan einn uppi sem sigurvegari.

Það sem Design Star hefur fram yfir hina bandarísku þættina er nauðsynlegur skortur á hinni yfirdramatísku væmni sem hefur nánast hertekið sögusvið þeirra, þá ekki síst Exreme Makeover. Í dag virðist sá þáttur nánast ganga út á að láta sem flesta viðmælendur grenja úr sér augun og fyrir vikið missir hápunktur þáttarins, þegar húsið er borið saman fyrir og eftir breytingar, algjörlega marks. Blessunarlega er Design Star að mestu laus við slíka dramatík þó svo að aldrei sé langt í tárin hjá keppendum. Kosningin í lok þáttarins er reyndar yfirmáta hallærisleg en það er svo sem í lagi á meðan sköpunargleðin er höfð í fyrirrúmi fyrsta hálftímann.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.05** Heilluð upp úr skónum SJÓNVARPIÐ



▶ **22.55** Æon Flux STÖÐ 2



▶ **22.00** Flawless STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00** Ghost Dog: The Way Of The Samurai SIRKUS



▶ **21.00** Stargate SG-1 SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra Grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.23 Leyniþátturinn 10.02 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 14-2** e.

**11.25 Formúlukvöld** e.

**11.50 Formúla 1 - Tímataka** Beint.

**13.15 Hlé**

**16.00 Landsbankadeildin í fótbolta** Bein útsending frá leik Vals og Breiðabliks.

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Vesturálman**

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Fjölskylda mín** (7:7)

**20.15 Tímaflakk** (8:13)

▶**21.05 Heilluð upp úr skónum** (Head over Heels) Bandarísk bíómynd frá 2001. Amanda býr með fjórum sýningarstúlkum og verður hrifin af nágranna þeirra. Meðal leikenda eru Monica Potter, Freddie Prinze.

**22.30 Launráð** (Mindhunters) Bandarísk spennumynd frá 2004. Nýliðar í þjálfun hjá FBI komast að því að á meðal þeirra er morðingi. Meðal leikenda eru Val Kilmer og Jonny Lee Miller. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**00.15 Ekki er flas til fagnaðar** (Fools Rush in) Bandarísk bíómynd frá 1997. Meðal leikenda eru Matthew Perry og Salma Hayek. e.

**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Peter Pan**

**08.00 Must love dogs**

**10.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl**

**12.00 Blind Date**

**14.00 Peter Pan**

**16.00 Must love dogs**

**18.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl**

**20.00 Blind Date** (e)

▶**22.00 Flawless** Spennandi gamanmynd með Robert De Niro í aðalhlutverki.

**00.00 Broken Arrow** (e)

**02.00 The Pilot´s Wife**

**04.00 Flawless**

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff´s Patch 07.10 Barney og félagar 07.35 Refurinn Pablo 07.40 Myrkfælnu draugarnir 08.05 Blanche 08.10 Villingarnir 08.30 Kalli kanína og félagar 08.50 Dexter´s Laboratory 09.15 Ginger segir frá 09.40 Willoughby Drive 09.55 Bratz 10.40 A.T.O.M.**

**11.05 The Young Black Stallion**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance** (4.23)

**15.15 Men In Trees** (2.17)

**16.05 Killer Ice**

**17.00 Örlagadagurinn** (4.31)

**17.40 60 mínútur**

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 How I Met Your Mother** (15.22)

**19.40 Joey** (22.22) Bandarískir gamanþættir um skrautleg ævintýri og framabrölt Joeys Tribbianis í Hollywood. Flestir þekkja Joey sem einn af vinunum traustu en eftir að leiðir þeirra skildi ákvað Joey að freista gæfunnar og flytja til bíóborgarinnar í leit að frægð og frama.

**20.05 Stelpurnar** (6.24) Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.

**20.30 So You Think You Can Dance** (5.23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.

**21.15 Just Friends** Rómantísk gamanmynd með þeim Ryan Reynolds, Amy Smart og Chris Klein í aðalhlutverkum. Chris upplifði mikla ástarsorg í gagnfræðaskóla en þegar hann snýr aftur í heimabæinn mörgum árum og tugum kílóa seinna fær hann annað tækifæri til að næla í draumastúlkuna. Leyfð öllum aldurshópum.

▶**22.55 Æon Flux** Aðalhlutverk. Johnny Lee Miller, Charlize Theron, Marton Csokas. Leikstjóri. Karyn Kusama. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

**00.30 Radio**

**02.15 Anchorman . The Legend of Ron Burgundy**

**03.45 Big Fish**

**05.45 Fréttir**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Hooking Up** (3.5) (e)

**18.00 Bestu Strákarnir** (9.50) (e)

**18.30 Fréttir**

**19.10 American Inventor** (15.15) (e)

**20.05 Joan of Arcadia** (12.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award fyrir bestu dramaþættina.

**21.00 Live From Abbey Road** (9.12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru. Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon. Frábærir tónlistarþættir þar sem tónlistarmennirnir eru í sínu rétta umhverfi.

▶**22.00 Ghost Dog . The Way Of The Samurai** (e) Aðalhlutverk. Forest Whitaker, Cliff Gorman, John Tormey. Leikstjóri. Jim Jarmusch. Stranglega bönnuð börnum.

**23.55 Hidden Palms** (3.8) (e)

**00.40 Arrested Development** (17.18) (e)

**01.05 Arrested Development** (18.18) (e)

**01.30 Night Stalker** (8.10) (e)

**02.15 Supernatural** (20.22) (e)

**03.05 Joan of Arcadia**(12.22) (e)

**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

**05.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.45 Vörutorg**

**08.45 MotoGP** Bein útsending frá níundu keppninni í MotoGP sem fram fer í Assen í Hollandi. Bandaríkjamaðurinn Nicky Hayden sigraði á þessari braut í fyrra. Það er ávallt frábær stemmning í Assen og þessi keppni er í miklu uppáhaldi hjá keppendum.

**13.20 MotoGP - Hápunktar**

**14.20 Rachael Ray** (e)

**15.05 Top Gear** (e)

**16.00 How Clean is Your House?** (e)

**16.30 Robin Hood** (e)

**17.20 World's Most Amazing Videos** (e)

**18.10 On the Lot** (e)

**19.10 Yes, Dear** (e)

**19.40 Everybody Hates Chris** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (15.26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.

▶**21.00 Stargate SG-1** (9.22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu "stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum. Þetta er vísindaskáldskapur af bestu gerð. Aðalhlutverkið leikur Richard Dean Anderson sem eitt sinn lék aðalhlutverkið í þáttaröðinni MacGyver.

**21.50 The Dead Zone - Lokaþáttur** Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Fyrir nokkru sýndi SkjárEinn fyrstu þáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta, og nú er loksins komið að þeirri næstu.

**22.40 Hack** (15.18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg.

**23.30 Kidnapped** (e)

**00.20 The L Word** (e)

**01.10 The L Word** (e)

**02.00 Angela's Eyes** (e)

**02.50 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**04.30 Vörutorg**

**05.30 Óstöðvandi tónlist**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.40
### Joey - Lokaþáttur

Þá er komið að lokaþættinum af Joey. Í þættinum er brúðkaup sem beðið hefur verið eftir en hverjir skyldu vera að fara að gifta sig? Joey er ástfanginn af nágrannakonu sinni og systir hans er aftur byrjuð með barnsföður sínum sem er hinn mesti furðufugl.



### ▶ Við mælum með The Dead Zone - lokaþáttur Skjáreinn kl. 21.50

Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Nú er komið að síðasta þætti seríunnar sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir Stephen King.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Sumarglingur
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.10** Á hvítri eyju í bláum sjó
**17.05** Hvítu svingdívurnar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**10.50 PGA Tour 2007 - Highlights** (The Traveller´s Championship)
**11.45 Það helsta í PGA-mótaröðinni**
**12.10 Pro bull riding** (Grand Rapids, MI - US Army Reserve Classic)
**13.05 World Supercross GP 2006-2007**
**14.00 Kraftasport - 2007** Þáttur um keppnina Sterkasti maður Íslands 2007 sem fram fór á þjóðhátíðardaginn 17. júní.
**14.30 Copa America 2007** (Argentína - Bandaríkin)
**16.10 Copa America 2007** (Brasilía - Mexikó)
**17.50 Kaupþings mótaröðin 2007** Þáttur um síðasta mót í Kaupþingsmótaröðinni sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru. Sigurpáll Geir Sveinsson GKJ og Ragnhildur Sigurðardóttir GR sigruðu á mótinu í Leirunni í fyrra.
**18.50 Wimbledon 2006 - Official Film**
**19.50 Copa America 2007** (Bólivía - Úrúgvæ)
**22.05 Copa America 2007** (Venesúela - Perú)
**00.05 Ricky Hatton vs Jose Luis Cast** (Box - Ricky Hatton vs. Jose Luis Castillo)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS-eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.15** Dyrenes øy **6.50** Duedrengen **7.10** Dragejægerne **7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Sommertid **9.30** Den lille prinsesse **11.00** Boogie Listen **12.00** Med rygsæk **12.25** Den største kærlighed **13.55** Smag på Danmark - med Meyer **14.25** Nikolaj og Julie **15.05** OBS **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Asterix & Obelix i kamp mod Cæsar **19.45** Shu-bi-dua - tanketorsk eller stjerneskud **20.45** Speedway: Storbrittaniens Grand Prix **22.15** Conviction **22.55** Strictly Sinatra **5.00** Prinsesse Morgen

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.10** Pingu **6.25** Max og jeg **6.40** I Mummidalen **7.10** Den Lille Havfruen **7.35** Jimmy Neutron **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Grønn glede **8.55** Sport i dag: Verdensserien i sandvolleyball **12.00** Sport i dag **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Eva og Adam **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** 'Allo, 'Allo! **18.05** Edel vare **19.05** Doc Martin **19.50** Fakta på lørdag: Ti år med Tony Blair **20.40** Sport i kveld **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sport i kveld **21.45** Nettet **5.30** Sommermorgen **5.50** Tigeren Edelbert **5.55** Danny og Daddy

## SVT 1

**7.15** Franklin **7.35** Katter - en dokusåpa **7.45** Så här går det till på Saltkråkan **8.15** Sagoträdet **8.30** Pi **8.45** Mánaíd-tv **9.00** Fieteri **9.20** Tur och retur **11.30** Stina special: Al Gore **12.00** Packat & klart sommar **12.30** Sommartorpet **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Tre kärlekar **15.00** Allsång på Skansen **16.00** Pingu **16.05** Disneydags **17.00** Ebba och Didrik **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Minnenas television **19.50** Romerska rikets uppgång och fall **20.45** Rapport **20.50** Motor: VM i speedway **21.35** Stjärnorna på Waldbühne i Berlin **23.40** De fördömdas drottning **1.20** Sändningar från SVT24


Við opnum nýja búð




Opnunartilboð
1.990,-
3 lítra dós
Flügger 97 – rétta viðarvörnin




Opnunartilboð
1.990,-
3 lítra dós
Flügger tréolía – á sólpallinn

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi.
Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.
www.flugger.is

Flügger litir

Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15




108092

## PERSÓNAN



*Stefán Logi Magnússon*

**Aldur:** 26 ára
**Starf:** Sölumaður og knattspyrnumaður.
**Fjölskylda:** Einhleypur. Ein dóttir, Ísabella Ósk, eins árs.
**Foreldrar:** Magnús Björnsson deildarstjóri og Hafdís Karlsdóttir framkvæmdastjóri.
**Búseta:** Í Hafnarfirði, því miður. Stefni að því að flytja í Vesturbæinn.
**Stjörnumerki:** Meyja.

Stefán stóð í marki KR-inga sem unnu fyrsta leik sinn á Íslandsmóti karla í fótbolta í vikunni.

# Á að verða flottasta sundlaugin á landinu

Á kvenréttindadaginn 19. júní skrifuðu athafnakonurnar Steinunn Jónsdóttir og Lilja Pálmadóttir undir samning við fulltrúa sveitarfélagsins í Skagafirði um byggingu sundlaugar á Hofsósi en þær stöllur hafa komið sér vel fyrir á glæsilegum sveitabæjum þar í kring. Skrifað var undir samninginn á Bæ þar sem Steinunn hefur aðsetur en þar er einnig starfrækt listasetur sem nýlega var opnað og hefur strax fengið mikil og góð viðbrögð enda þykir náttúrufegurðin þar einstök.

Þær Steinunn og Lilja skrifuðu undir viljayfirlýsingu um þessa gjöf í lok mars. Sundlaugin verður með öllu, 25 metra laug, heitum pottum og glæsilegu þjónustuveri.

Arkitektinn Sigríður Sigþórsdóttir hefur verið ráðinn til að hanna sundlaugina og hún kynnti frumtillögur sínar á fundinum. „Okkur líst vel á þessar hugmyndir og þarna má sjá skemmtilegar pælingar,“ segir Guðmundur Guðlaugsson, sveitarstjóri Skagafjarðar. Eitt helsta aðdráttarafl sundlaugarinnar verður þó eflaust staðsetningin en reiknað er með að hún rísi fyrir vestan Suðurbraut við Staðbjargarvík. „Þarna geta sundlaugargestir meðal annars séð yfir til Drangeyjar,“ útskýrir Guðmundur.

Guðmundur upplýsir að reiknað sé með að taka sundlaugina til notkunar á næsta ári en viðurkennir að þetta sé knappur tími.



**FRÁ UNDIRRITUNINNI** Þau Jón Berndtsen skipulagsfulltrúi, Guðmundur Gunnlaugsson sveitarstjóri og gefendurnir Steinunn Jónsdóttir og Lilja Pálmadóttir voru að vonum ánægð eftir að hafa skrifað undir samninginn. Með þeim á myndinni er síðan kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur, eiginmaður Lilju.

„En við setjum okkur háleit markmið og viljum standa við þau,“ segir Guðmundur sem hikar ekki við að lýsa því yfir að þetta verði ein flottasta sundlaug landsins.

- fgg

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** fýla **6.** bor **8.** hald **9.** letur-tákn **11.** ung **12.** táknmynd **14.** líkja eftir **16.** karlkyn **17.** röð **18.** umfram **20.** samtök **21**. fyrstur.

**LÓÐRÉTT 1.** kvenklæðnaður **3.** utan **4.** fugl **5.** móðuþykkni **7.** undirförull **10.** gagn **13.** nálægt **15.** mjög **16.** kóf **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fúss, **6.** al, **8.** tak, **9.** rún, **11.** ný, **12.** ímynd, **14.** stæla, **16.** kk, **17.** róf, **18.** auk, **20.** aa, **21.** frum.

**LÓÐRÉTT: 1.** sarí, **3.** út, **4.** sandlóa, **5.** ský, **7.** lúmskur, **10.** nyt, **13.** nær, **15.** afar, **16.** kaf, **19.** ku.

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!




## HREIMUR HEIMISSON: GENGUR Í ÞAÐ HEILAGA Í DAG

# Ekta sveitabrúðkaup hjá Hreimi og æskuástinni

Popparinn Hreimur Heimisson mun ganga í það heilaga í dag með unnustu sinni til margra ára, Þorbjörgu Sif Þorsteinsdóttur. Þetta verður sannkallað sveitabrúðkaup því athöfnin mun fara fram í Fljótshlíð og verður traktor notaður sem brúðarbíll.

„Við erum bæði úr sveitinni og vildum gera þetta svona. Það er mikil tilhlökkun,“ segir Hreimur, sem sjálfur mun þó ekki taka lagið í kirkjunni. „Þrátt fyrir að maður hafi aðgang að hinum ýmsu söngvurum til að syngja vildi ég ekkert vera að bögga þá, enda margir allt að þríbókaðir í brúðkaupum alla helgina. Ég ákvað því að gefa þeim frí og sjálfum mér líka,“ segir Hreimur.

Sönghópurinn Öðlingarnir, sem er ákveðinn kjarni úr Karlakór Rangæinga, mun syngja í kirkjunni ásamt tveimur frænkum Hreims sem syngja munu Bítlalagið Till there was you. „Þær eru 16 og 17 ára, sprenglærðar í píanó og söng, og mér fannst tilvalið að gefa þeim tækifæri,“ segir Hreimur sem á síðan afmæli á morgun – verður 29 ára gamall.

Fyrsta lagið af væntanlegri plötu Hreims og Vignis Snæs Vigfússonar er komið í spilun, en það heitir Ástfanginn og er eftir Hreim. „Ég samdi lagið fljótlega eftir að dóttir mín fæddist en textinn varð til þegar við vorum við upptökur á plötunni í Danmörku á síðasta ári. Ég var farinn að sakna stelpnanna minna og þá varð þessi texti til,“ segir Hreimur en lagið hefur hlotið góðar viðtökur á útvarpsstöðum landsins.



**FJÖLSKYLDAN** Hreimur ásamt verðandi eiginkonu sinni, Þorbjörgu Sif Þorsteinsdóttur, og bráðum tveggja ára dóttur þeirra, Emblu Margréti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hreimur og Vignir hafa verið að spila saman síðustu þrjú ár og koma oftast fram tveir einir, með gítarinn og röddina að vopni, eins og Hreimur segir frá.

„Okkur líkar einstaklega vel við þetta form. Við erum í nánara sambandi við fólkið í salnum og náum að kynnast því miklu betur,“ útskýrir Hreimur en hann og Vignir munu reyna að koma fram í sumar þegar tími gefst til. Þá er líklegt að hljómsveitin Land og synir fari aftur á stjá í haust. „Það er mikið að gera hjá meðlimum sveitarinnar og hljómsveitin er ekki númer eitt í forgangsröðinni. En við viljum að sjálfsögðu hlúa að okkar vörumerki og stefnum á að gefa út eitt lag,“ segir Hreimur.

vignir@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Aðalheiður Ólafsdóttir** dvelur nú um helgina á Hólmavík þar sem Hamingjudagar eru haldnir. Söngkonan ástsæla, sem sló í gegn í Idol-stjörnuleit, er uppalin á Hólmavík og nýtur því lífsins í faðmi fjölskyldunnar á milli þess sem hún stígur á svið. Þetta frí verður eflaust kærkomið fyrir Heiðu því nýverið lauk sambandi hennar og fasteignasalans og athafnamannsins **Andrésar Péturs Rúnarssonar** sem stóð vel á annað ár.



Fréttamaðurinn **Sölvi Tryggvason** lenti í þeirri leiðinlegu lífsreynslu í umferðinni í gær að keyra aftan á annan bíl. Slíkt væri vart í frásögur færandi nema að áreksturinn varð hjá Amokka í Borgartúninu. Þar fyrir utan sat **Reynir Traustason**, ritstjóri Mannlífs, sem var ekki lengi að greina frá slysinu á vef tímaritsins. Sem betur fer slösuðust hvorki Sölvi né ökumaður hins bílsins. Ágætlega fór á með þeim eftir atburðinn og tókust þeir brosandi í hendur áður en þeir héldu leið sinni áfram.



Ný plata **Magnúsar Þórs Jónssonar, Megasar**, mun koma út 23. júlí næstkomandi. Platan hefur fengið nafnið Frágangur. Talsverð eftirvænting er meðal aðdáenda Megasar yfir plötunni, sem unnin er undir stjórn **Kidda í Hjálmum** og með fulltingi meðlima úr þeirri sveit. Önnur plata er svo væntanleg í október enda var þetta nýja samstarf afar blómlegt.



- hdm

# Pálmi fékk framsóknarvönd

„Ég ligg nú bara að mestu fyrir, það er ekki glæsilegt upplitið á manni,“ segir Pálmi Gestsson leikari sem jafnar sig nú eftir slys sem hann varð fyrir í hestaferð í byrjun vikunnar. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá lenti Pálmi á óþekkri meri sem lék hann svo grátt að lífbeinið gliðnaði um 2-3 sentímetra. Hann fór í kjölfarið í aðgerð þar sem mjaðmagrindin var spennt saman.

„En það væsir ekki um mann hér. Starfsfólkið er alveg yndislegt og þær dekra við mann, stelpurnar. Maður er bara eins og þjóðhöfðingi,“ segir Pálmi um aðbúnaðinn á spítalanum. Í gær var Pálmi þegar farinn að ganga nokkur skref um gangana í göngugrind, fyrsta skrefið í endurhæfingu sem tekur um 6-8 vikur. „Svo kemur þetta bara rólega,“ segir Pálmi sem þegar hefur sett sér það markmið að vera orðinn góður þegar hreindýraveiðitímabilið hefst í ágúst. Hann er í það minnsta fullviss um að vera orðinn góður þegar Spaugstofan fer í loftið í september.

Athygli vakti hjá gestum sem heimsóttu Pálma á spítalann í gær að við rúmstokkinn stóð glæsilegur blómvöndur með grænum rósum. Höfðu einhverjir á orði að vöndurinn hlyti að vera gjöf frá Framsóknarflokknum, en Pálmi hefur sem kunnugt er verið duglegur að sækja sér efnivið til liðsmanna þess flokks. „Það hafa verið einhverjar getgátur um það að vöndurinn sé frá Framsóknarflokknum. Ég vil sjálfur sem minnst um það segja,“ segir Pálmi.

- hdm



**PÁLMI Á SPÍTALA**Stórleikarinn Pálmi Gestsson jafnar sig nú á bæklunardeild Landspítalans. Með honum á myndinni er sonurinn Mímir Bjarki, sjö ára. Í baksýn sést svo framsóknargræni rósavöndurinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Chevrolet **Captiva**

**Meiri búnaður** – bakkskynjari, akksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl.....
**Meiri kraftur** – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm
**Meira rými** – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna



DYNAMO REYKJAVIK

Chevrolet **Captiva**
7 manna sportjeppinn sem tekið er eftir

## Hlaðinn staðalbúnaði

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (cruise control), stjórnað í stýri
- Nálgunarvörn
- 18" álfelgur
- Aksturstölva
- ARP veltivörn
- TOD sjálfvirk drifstýring
- DCS eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira

Captiva

## Áberandi glæsilegur

Chevrolet **Captiva** er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn**: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum

CHEVROLET

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 3505, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Byggðir*

Ég er höfuðborgarbúi í húð og hár og hef alið manninn á mölinni allt mitt líf hingað til. Reyndar, þegar ég þarf að segja deili á mér úti á landi kemst ég stundum upp með að segja einfaldlega að ég hafi alist upp við hafið. Það hljómar svo ansi hreint vel. Ef ég er spurður nánar neyðist ég þó til að bæta við að þar eigi ég reyndar við Arnarnes.

**ÉG** á hins vegar ættir að rekja, eins og flestir aðrir, út á land. Í æðum mínum rennur Laugarvatn og genin eru líka að stórum hluta skagfirsk. Vestfirðir eiga umtalsverðan hluta í mér – þótt ekki eigi ég ættir að rekja þangað – en þar skoppaði jeppi föður míns á vegunum með fjölskylduna innanborðs í ófá skipti í pólitískum erindagjörðum áður fyrr. Strandirnar eru hinn fjarlægi ævintýraheimur bernskunnar.

**Á** Seyðisfirði dvaldi ég um nokkurt skeið með vini sem patti og veiddi ófrýnilega marhnúta. Í Borgarfirði dvel ég löngum stundum. Stykkishólmur er ættarhreiður sambýliskonu minnar og faðir hennar er lögga í Búðardal. Eins og allir aðrir Íslendingar þykir mér vænt um ótal staði út um allt land. Vestmannaeyjar, Höfn, Akureyri, Vopnafjörður. Alls staðar leynast minningar, ef ekki góðar þá í öllu falli fyndnar.

**ÉG** er einn af þeim sem tel ekki fýsilegt að Ísland verði borgríki. Ég vil hafa blómlegar byggðir út um allt land. Í kjölfar niðurskurðar á þorskkvóta hefur enn á ný blossað upp umræða um mikla erfiðleika. Ég ætla að láta nægja að varpa einni hugsun inn í þetta flókna viðfangsefni. Fyrir nokkrum áratugum var Reykjavík bara Reykjavík. Núna hins vegar teygir Reykjavík anga sína allt upp í Bifröst í norðri, til Árborgar í austri og til Reykjanesbæjar í vestri. Svæðið hefur stækkað. Hver sá það fyrir að mörg hundruð manna þorp myndi rísa við rætur Baulu?

**VERKEFNIÐ** framundan er að nota allar þær leiðir sem okkur bjóðast til þess að búa til fleiri svona svæði, sem út frá einum miðpunkti teygja anga sína í allar áttir. Ég sé ekki betur en að Akureyri sé á réttri braut. Eitt vinsælasta leikhús landsins er þar, listasafn, bíó, millilandaflug og góður háskóli. Allt þetta gerir það að verkum að það er orðið fýsilegra fyrir aðra en innfædda að beinlínis flytja á svæðið, búa þar og stunda atvinnurekstur.

**SVONA** á þetta vera víðar, eins og á Egilsstöðum og Ísafirði. Vegurinn til Ísafjarðar virkar eins og maður sé að keyra bíl árið 1950. Því þarf að breyta. Það þarf háhraðanettengingar, menntastofnanir, menningarstofnanir, ódýrari flugsamgöngur og almennilega vegi. Með öðrum orðum: Það þarf að fjárfesta í höfuðstöðunum. Hafa trú á þeim. Fyrirmyndin að þessu blasir við. Hvernig halda menn annars að Reykjavík hafi orðið til með tilheyrandi velmegun í allar áttir? Út af Esjunni? Hér er ein hugsun, svolítið brött, en þó þess virði að spá í: Uppgangur höfuðborgarinnar á ekki að vera öðrum byggðum ógn, heldur fyrirmynd.


